


**HUGRÚN PÉTURSDÓTTIR**

*Er hugfangin af Feneyjum norðursins*

• á ferðinni • nám

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**NÝSKÖPUN**

*Frumkvöðlar, fyrirtæki og tengslanet*

Sérblað um nýsköpun

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**JÓNAS SIGURÐSSON**

*Byltingarmaðurinn snúinn aftur heim*

Gagnrýndi græðgissamfélagið árið 2006.

**FÓLK 22**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. janúar 2009 — 25. tölublað — 9. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

**Laus undan okinu**



Jónsi gleðst þegar hann borgar síðustu afborgun af rándýru myntkörfuláni á bíl sínum.

**FÓLK 22**

**Stelpuband í Eurovision**

Hara-systur fara fyrir sex stelpum í rokkbandinu Elektra.

**FÓLK 17**

**Ætlar að flytja út Kalda**



Agnes Sigurðardóttir hlýtur hvatningarverðlaun FKA.

**TÍMAMÓT 12**



**Gríðarleg spenna á HM**

Króatar mæta Pólverjum og Frakkar mæta Dönum í undanúrslitum á HM í handbolta.

**ÍÞRÓTTIR 18**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉLJAGANGUR S- og** V-TIL Í dag verður hæg austlæg átt, 3-8 m/s. Él S- og V-til en annars yfirleitt úrkomulaust og bjart með köflum. Hiti víða rétt undir frostmarki en allt að 7 stiga frost inn til landsins N-til.

**VEÐUR 4**






# Forsetinn boðar breytingar á yfirstjórn Seðlabankans

**Forseti Íslands sagði í fréttum á BBC að eitt af meginverkefnum nýrrar ríkisstjórnar væri að gera breytingar á yfirstjórn Seðlabankans. Íslendingar gætu orðið gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir sem stríða við kreppu.**

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands sagði í viðtali við sjónvarpsstöðina BBC í gær að eitt af verkefnum nýrrar ríkisstjórnar væri að gera breytingar á stjórn Seðlabankans. Í fréttum BBC er einnig haft eftir Ólafi Ragnari að kosið verði í maí eða júní.

„Í þeim viðræðum sem ég hef átt við flokkana, sem munu mynda nýja ríkisstjórn eftir nokkra daga, er alveg klárt að eitt af meginverkefnunum verður að breyta yfirstjórn Seðlabankans. Breyta lögum um bankann og endurskipuleggja yfirstjórnina.“ sagði Ólafur Ragnar. Hann sagði að í kjölfar mótmælanna væri ljóst að myndun nýrrar stjórnar myndi leiða til aukinnar samvinnu og stöðugleika í íslensku samfélagi. Hann sagðist ennfremur vonast til þess að nýrri stjórn tækist að bæta orðspor Íslendinga sem beðið hefur mikla hnekki eftir bankahrunið. Ólafur Ragnar sagðist vera vongóður um það þar sem ráðamenn sem voru í embætti í bankahruninu væru þegar á leið úr embætti og ljóst að fleiri slíkar breytingar væru á næsta leiti. Þetta myndi sýna að Íslendingar væru að taka á málum af ábyrgð og gætu jafnvel verið gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir, sem eiga við efnahagsvanda að stríða, hvernig taka megi á þessum vanda með lýðræðislegum hætti.

Forystumenn Samfylkingarinnar og VG unnu að málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar fram á kvöld í gær. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að meðal annars væri unnið að málum sem varða nauðsynlega siðbót í samfélaginu í kjölfar hruns bankanna. „Það þarf meðal annars að skoða lögin um ráðherraábyrgð, það þarf að setja ráðherrum og stjórnsýslunni siðareglur. Ég tel að það þurfi að gera ákveðnar breytingar hvað varðar Seðlabankann og við þurfum að sjá til þess að þar sé fagleg forysta sem sé hafin yfir allan vafa.“

**- jse, bþs /** **sjá síður 4 og 6**



**TILBÚINN Í RÁÐHERRANN** Flokksráðsfundur VG samþykkti seint í gærkvöldi ályktun þar serm lýst er yfir stuðningi við þátttöku þingflokksins í yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræðum. Á fundinum var farið yfir stöðu mála í viðræðunum. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segist vona að málefnasamningur flokkanna verði kláraður í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnarmyndunarviðræður:

## Segjast hreinsa til á fyrsta degi

**STJÓRNMÁL** Næsta ríkisstjórn mun hreinsa til í stjórnkerfinu á fyrsta degi. Farið verður mýkri höndum um fólk sem lendir í gjaldþroti og jafnvel sumar skuldir afskrifaðar. Evrópumálin eru ekki á dagskrá, en breytingar verði gerðar á stjórnarskrá til að auðvelda þjóðaratkvæðagreiðslur. Engin stór ágreiningsatriði hafa komið upp í viðræðum flokkanna.

Þessu var haldið fram á flokksfundi VG í gær, þar sem farið var yfir stöðu mála í stjórnarmyndunarviðræðum, samkvæmt heimildum blaðsins. Þá muni Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ekki vera búin að gera upp við sig hvort hún verði ráðherra í stjórninni og að ráðherraskiptingin sem birtist í fjölmiðlum í gær sé alveg úr lausu lofti gripin. Jafn líklegt sé að Þórunn Sveinbjarnardóttir sitji áfram og að Lúðvík Bergvinsson verði ráðherra.

**- kóþ /** **sjá síður 4 og 6**

Skuggabankastjórn Markaðarins furðar sig á upplýsingagjöf Seðlabankans:

## Gjaldeyrisforðinn stórlega ofmetinn

**VIÐSKIPTI** „Rangar upplýsingar um gjaldeyrisforðann eru þáttur í því að menn telja að hér séu fleiri valmöguleikar í stöðunni en þeir í raun eru,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur í Landsbankanum. Hún segir að í nóvember hafi Landsbankinn gert athugasemdir við framsetningu Seðlabankans á stöðu gjaldeyrisforðans. Stöndugur gjaldeyrisforði er til dæmis forsenda þess að hér yrði hægt að taka einhliða upp annan gjaldeyri, yrði sú leið ofan á.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir Seðlabankann ekki hafa getað leyst úr vanda jöklabréfanna þar sem hann hafi takmarkaðan aðgang að gjaldeyri. Hann segir sérkennilegt hvernig gjaldeyrisforði bankans sé færður, þannig sé til dæmis fært sem gjaldeyrir veð í danska bankanum FIH sem veitt var gegn láni til Kaupþings í október. Edda Rós og Ásgeir eiga, ásamt Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallarinnar og Ólafi Ísleifssyni, lektor við Háskólann í Reykjavík, sæti í skuggabankastjórn Markaðarins, en fjallað er um fund hennar í Markaðnum í dag. Skuggabankastjórnin telur ekki hægt að lækka stýrivexti á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans á morgun.

**- óká/** **sjá Markaðinn**







## SPURNING DAGSINS



*Hannes, var þetta bara dans á rósum?*

**„Já, var þetta ekki síðasti dansinn?“**

Hljómsveitin Buff lék fyrir dansi á árshátíð Seðlabankans um helgina. Fyrir utan var seðlabankastjórn mótmælt, en Hannes Friðbjarnarson í Buffi hefur sagt að allir hafi dansað, líka Davíð Oddsson.

Ríkissaksóknari og Umboðsmaður barna ósáttir við sýknudóm Hæstaréttar:

# Rassskellisdómur gagnrýndur

**DÓMSMÁL** Sýknudómur Hæstaréttar í máli manns sem varð uppvís að því að rassskella tvo drengi, fjögurra og sex ára, tvisvar til þrisvar og bera olíu á rassinn á þeim á eftir, hefur hlotið harða gagnrýni.

Maðurinn var sýknaður í héraði. Ríkissaksóknari áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar sem sýknaði manninn einnig. Í ákæru á hendur manninum var athæfið aðallega talið vera kynferðisbrot en til vara líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum.

Í gagnrýni sinni á niðurstöðu Hæstaréttar bendir ríkissaksóknari á annan eldri Hæstaréttardóm þar sem maður leysti niður um litla stúlku, lagði hana á lær sér, lagði hendi á rass hennar og lét sem hann ætlaði að rassskella hana. Sá maður tók mynd af athæfinu. Hæstiréttur sakfelldi hann fyrir kynferðislega áreitni.



VALTÝR SIGURÐSSON

„Ætla má að Hæstiréttur sé með þessum nýjasta dómi sínum að víkja frá fyrra fordæmi sínu,“ skrifar Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari á heimasíðu embættis síns. „Um er að ræða háttsemi sem gengur lengra en atvik sem rétturinn taldi vera kynferðisbrot í öðru máli. Um kynferðisbrot hefur rétturinn ítrekað sagt að þau séu til þess fallin að valda þeim sem fyrir þeim verða, skaða.“ segir ríkissaksóknari enn fremur.

Þá hefur umboðsmaður barna, Margrét María Sigurðardóttir, ritað dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, svo og félags- og tryggingamálaráðuneytinu bréf þar sem gagnrýndur er sami dómur Hæstaréttar. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði að málið yrði rætt í ráðuneytinu áður en frekar yrði aðhafst. **- jss**

Raddir fólksins ekki þagnaðar:

# Davíð Oddssyni mótmælt áfram

**MÓTMÆLI** Regluleg mótmæli Radda fólksins halda ótrauð áfram á laugardag, því enn á eftir að skipta um stjórn Seðlabanka, að sögn Harðar Torfasonar mótmælanda.

Raddirnar settu í október fram kröfur um kosningar, að ríkisstjórnin færi frá og að stjórnir Fjármálaeftirlits og Seðlabanka vikju.

„Stjórn Seðlabankans verður að fara, fyrr verður ekki ró. Það eru alveg skýr skilaboð,“ segir Hörður. Síðastliðinn laugardag mættu hátt í 7.000 manns á Austurvöll. Lítið hefur farið fyrir öðrum mótmælum, eftir að ríkisstjórnin féll. **- kóþ**

Árni Sigfússon bæjarstjóri:

# Ætlar að skoða málið vandlega

**STJÓRNMÁL** „Ég held að enginn hafi stungið upp á mér í biskupinn ennþá, en flest annað sýnist mér fólki detta í hug á þessum tímum,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, spurður hvort hann hafi íhugað framboð til formanns Sjálfstæðisflokksins.



ÁRNI SIGFÚSSON

Árni segir talsvert stóran hóp fólks hafa hvatt sig til láta til sín taka á þeim vettvangi. „Ég hef lofað að skoða málið vandlega, en það er ekkert ákveðið í þeim efnum. Maður heyrir margt gott fólk nefnt í þessu sambandi, þannig að þetta er ekkert að trufla mig,“ segir Árni Sigfússon. **- kg**

Bruni á Klapparstíg:

# Grunur um íkveikju

**BRUNI Grunur leikur á að kveikt hafi verið í þriggja hæða íbúðarhúsi við Klapparstíg aðfaranótt föstudagsins 16. janúar síðastliðinn.**

**Tólf íbúar hússins voru sofandi þegar eldurinn kom upp. Hann breiddist afar hratt út og þykir mikil mildi að engin alvarleg meiðsl skyldu verða á fólki. Þá voru tveir reykkafarar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hætt komnir þegar eldurinn króaði þá af inni í húsinu.**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins og biður hún alla þá sem geta veitt upplýsingar um grunsamlegar mannaferðir við húsið, á tímabilinu 3 til 3.30 umrædda nótt, að hafa samband í síma 444-1100 eða 444-1104.** **- ovd**

# Stórtækar atvinnuhvalveiðar í sumar

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð í gær um veiðar á langreyði og hrefnu til næstu fimm ára. Veiði verður leyfð á 250 til 300 dýrum. Hvalveiðimenn hyggja á talsverða uppbyggingu. Fjölmörg ný störf skapast.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur gefið út reglugerð um veiðar á hrefnu og langreyði til næstu fimm ára. Kvótinn er 150 langreyðar og eitt hundrað hrefnur fyrir fiskveiðiárið 2008 til 2009, samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Hvalveiðimenn fagna tíðindunum; hyggja á uppbyggingu og áætla að veiðar og vinnsla skapi tvö hundruð ný störf hið minnsta. Verðmæti afurðanna er áætlað um fimm milljarðar króna á ári þó slíkt mat sé háð óvissu.

Sjávarútvegsráðherra segir ákvörðun sína rökrétt framhald þeirrar stefnu sem hann markaði haustið 2006 þegar gefinn var út kvóti til atvinnuveiða í fyrsta skipti um langt árabil. Hann telur umboð sitt til að heimila veiðarnar óumdeilt. Hann vill ekki ætla nýjum sjávarútvegsráðherra það að vilja koma í veg fyrir að hvalveiðar hefjist að nýju. „Það kæmi mér mikið á óvart. Þetta er ákvörðun sem byggð er á sjálfbærri nýtingu og reglugerðin gerir ráð fyrir að farið sé eftir ráðgjöf vísindamanna. Það liggur fyrir að hægt er selja afurðirnar. Það er líka ábyrðarhluti að leggja niður góð störf í gjaldeyrisskapandi atvinnugrein.“ Einar segist hafa fengið hvatningu úr öllum þingflokkum til að hefja veiðarnar af krafti.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hafa ítrekað sagt að með hvalveiðum sé meiri hagsmunum fórnað fyrir minni. Vinstri grænir studdu ekki hvalveiðar árið 2006. Oft hefur komið fram að skiptar skoðanir eru á hvalveiðum innan þingflokkanna sem sitja nú á rökstólum við ríkisstjórnarmyndun.



**HVALUR 9** Hvalveiðiskipið á leiðinni til lands með fyrstu langreyðina af níu dýra kvóta í október 2006. Samkvæmt reglugerð eru leyfðar veiðar á 150 til 200 stórhvelum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals, hyggur á uppbyggingu. „Þetta skapar 250 til 300 störf og í sjávarútvegi má margfalda það með þremur. Það sýnir reynslan, svo þetta eru kannski um 1000 störf. Atvinnuleysið er á þrettánda þúsund svo menn hljóta að hafa áhuga á þessu í nýrri ríkisstjórn.“ Í vetur hefur verið unnið við hvalstöðina í Hvalfirði og Kristján hyggst gera tvö skip sjóklár fyrir vorið; Hval 9 og Hval 8.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segir félag hafa verið stofnað um veiðar og vinnslu á Akranesi. „Við erum komnir með fjármagn og vorum að bíða þessarar ákvörðunar. Þrátt fyrir óvissu með afstöðu nýs sjávarútvegsráðherra ætlum við að byrja á morgun (í dag). Við munum ganga frá leigusamningi á vinnslustöð og fjárfesta í nýjum bát. Ef allt gengur eftir munum við byrja að ráða fólk í næstu viku.“

**svavar@frettabladid.is**



**SAMSTAÐA** Talsmenn vinstriflokka sem undirrituðu verkfallsáskorunina á blaðamannafundi í París í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Verkfall boðað í Frakklandi:

# Truflanir á flugumferð

**FRAKKLAND, AP Búist er við að alvarlegar truflanir verði á flugumferð í Frakklandi á morgun, fimmtudag, eftir að verkalýðsfélög flugumferðarstjóra og fleiri flugvallarstarfsmanna boðuðu verkfall.**

**Stjórnvöld hyggjast virkja ákvæði laga sem skyldar lágmarksfjölda flugumferðarstjóra til að mæta til vinnu í verkfallinu svo að halda megi uppi minnst 30 prósentum af flugumferð.**

**Markmiðið með verkfallinu er að tjá áhyggjur af starfs- og launaöryggi, kaupmætti og fleiri kjaraatriðum í ljósi heimskreppunnar.** **- aa**

Vopnahlé í uppnámi:

# Ísraelar svara sprengjuárás

**PALESTÍNA, AP** Vopnahlé Ísraela og Palestínumanna á Gasasvæðinu komst í uppnám í gær þegar Palestínumenn sprengdu sprengju rétt hjá ísraelskum hermönnum á eftirlitsferð meðfram landamærum svæðisins. Einn ísraelskur hermaður lést og þrír særðust.

Ísraelar brugðust strax við með loftárás, sem Hamas-samtökin segja að hafi orðið einum sinna manna að bana. Einnig braust út stuttur skotbardagi milli Ísraela og Palestínumanna. **- gb**





Xerodent
Við munnþurrki

**Þreföld virkni Xerodents**
- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


Íslensku bókmenntaverðlaunin voru veitt í tuttugasta sinn á Bessastöðum í gær:

# Ofsi og ævisaga leikara unnu

**MENNING** Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum í gær. Einar Kárason rithöfundur hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna Ofsa og Þorvaldur Kristinsson, bókmenntafræðingur og formaður Samtakanna ´78 um árabil, hlaut verðlaunin í flokki fræðirita og bóka almenns eðlis fyrir ævisögu Lárusar Pálssonar leikara.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, setti samkomuna og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kynnti niðurstöðu dómnefndar og afhenti verðlaunin. Þriggja manna lokadómnefnd, skipuð þeim Guðrúnu Kvaran prófessor, dr. Dagnýju Kristjánsdóttur prófessor og Stefáni Pálssyni sagnfræðingi valdi verkin úr tíu bókum sem tilnefndar voru til verðlaunanna í desember síðastliðnum.



**HÁTÍÐARSTUND Á BESSASTÖÐUM** Þorvaldur Kristinsson og Einar Kárason hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensku bókmenntaverðlaunin nema 750 þúsund krónum í hvorum flokki auk þess sem afhent eru skrautrituð verðlaunaskjöl og verðlaunagripir hannaðir af Jóni Snorra Sigurðssyni á gullsmíðaverkstæði Jens.

Þetta er í tuttugasta sinn sem verðlaunin eru veitt. **- kg**


Heilbrigðara Internet
Þrjár síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:
1 Barnaklám, njósnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.
2 Klámfengið efni, upplýsingar um eiturlyf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.
3 Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.
Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Aðeins hjá Símanum
Netvarinn fylgir án aukagjalds!
Sími
Netið
Sjónvarp
Svona tengir þú Netvarann:
Þú setur Netvarann í gang með fáeinum músarsmellum á siminn.is eða með einu símtali í 800 7000. Að því loknu er nettenging heimilisins varin gegn óæskilegu efni á Internetinu.
Í samstarfi við SAFT
ENNEMM / SÍA / NM36582

## GENGIÐ 27.01.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,28 | 119,84 |
| Sterlingspund | 168,2 | 169,02 |
| Evra | 157,58 | 158,46 |
| Dönsk króna | 21,142 | 21,266 |
| Norsk króna | 17,793 | 17,897 |
| Sænsk króna | 15,046 | 15,134 |
| Japanskt jen | 1,3388 | 1,3466 |
| SDR | 179,74 | 180,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
193,9448

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eitt skilyrði Samfylkingar um samstarf við Sjálfstæðisflokk var um húsnæðismál:

# Skuldir jafnvel felldar niður

**HÚSNÆÐISMÁL** Samfylkingin vill að skuldugir einstaklingar hljóti svipaða meðferð og skuldug fyrirtæki, og jafnvel að skuldir þeirra verði afskrifaðar, að sögn Guðbjarts Hannessonar, formanns félagsmálanefndar. Þetta var meðal skilyrða þeirra fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

„Áður en fólk verður gjaldþrota á að vera hægt að fara yfir skuldirnar og svo í nauðarsamninga við lánadrottna og færa niður og aðlaga greiðslubyrði að greiðslugetu,“ segir Guðbjartur. Fólk borgi þá samkvæmt getu.


GUÐBJARTUR HANNESSON

Ráðgjafastofa um málefni heimilanna eða annar formlegur aðili taki ákvörðun um hvort hver einstaklingur eigi rétt á slíkri meðferð. Reynsla sé af þessu fyrirkomulagi erlendis frá.

„Það voru ólíkar skoðanir um þetta [milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks] og meira að segja ólík sjónarmið um hvað þetta kostar,“ segir Guðbjartur.

Ein leið væri að meta lánin lægra þegar þau yrðu færð milli gömlu og nýju bankanna. Tapið yrði skilið eftir í gamla bankanum og lánadrottnar hans tapi á því. „En þetta þarf að reikna, hvað þetta kostar fyrir ríkið og lánadrottna,“ segir Guðbjartur.

Ögmundur Jónasson, fulltrúi VG í félagsmálanefnd, segir að í stjórnarmyndunarviðræðum hafi þetta „ekkert verið inni á borðinu hjá okkur.“ Rætt sé á almennu nótunum, almenns eðlis. Nánast sé verið að mynda neyðarstjórn, og því ekki höfuðatriði að taka afstöðu til einstakra mála að svo stöddu. - kóþ

Keyrði á mann og stakk af:

# Farþegarnir verða ákærðir

**LÖGREGLAN** Farþegar í Hummerjeppanum, sem ekið var á gangandi vegfarenda á Laugaveginum um síðustu helgi, verða ákærðir fyrir að koma hinum slasaða ekki til hjálpar, samkvæmt upplýsingum frá rannsóknardeild umferðarmála lögreglunnar.

Bílstjórinn er grunaður um ölvun og of hraðan akstur og verður einnig ákærður, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Hann hefur játað að hafa verið undir stýri.

Manninum, sem ekið var á, var í gær enn haldið sofandi í öndunarvél og ástand hans er sagt alvarlegt. - kóþ

# Ný stjórn boðar siðbót

**Málefnasamningur er nú í bígerð fyrir nýja ríkisstjórn. Formaður Samfylkingar boðar siðbót þar sem ráðherrum verða settar siðareglur og lög um ráðherraábyrgð endurskoðuð. Ekkert er enn látið uppi um væntanlega ráðherraskipan.**

**STJÓRNMÁL** Forystumenn Samfylkingar og Vinstri grænna unnu að málefnasamningi fyrir nýja ríkisstjórn fram á kvöld í gær. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sögðu að loknum fundi sínum í gærkvöldi að enn hefði ekki komið upp neinn ásteytingarsteinn en vinna væri þó ekki svo langt komin að byrjað væri að ræða skipan ráðherra. Ingibjörg sagði þó að hún hefði mælst til þess að Jóhanna Sigurðardóttir tæki við forsætisráðuneytinu. Þau vildu ekki vinda ofan af umræðum þeirra um einstök mál.

Aðspurð hvenær þessari vinnu lyki sagðist Ingibjörg Sólrún ekki viss um að það yrði á morgun en allavega fyrir helgi.

Steingrímur sagði að menn væru vongóðir um að Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkur myndu verja stjórnina, sérstaklega í ljósi þess að fyrir lægi tilboð Framsóknarmanna þess eðlis, en að öðru leyti yrði aðkoma þessara flokka að stjórninni að ráðast.

En aðrir flokksmenn stóðu einnig í ströngu í gær. „Það eru hópar að vinna varðandi efnahagsmálin, atvinnumálin, hag heimilanna, breytingar sem varða stjórnarskrá og ýmislegt sem varðar endur-reisn í okkar fjármálakerfi,“ sagði Ingibjörg Sólrún. „Og við getum líka nefnt vinnu sem varðar ýmsa siðbót sem við teljum að nauðsynlegt að sé að gera í okkar samfélagi í kjölfar þessa hruns.“ Nánar aðspurð um það sagði hún: „Það þarf meðal annars að skoða lögin um ráðherraábyrgð, það þarf að setja ráðherrum og stjórnsýslunni siðareglur. Ég tel að það þurfi að gera ákveðnar breytingar hvað varðar Seðlabankann og við þurfum að sjá til þess að þar sé fagleg forysta sem sé hafin yfir allan vafa. Og fleiri slíkir hlutir sem ég tel mikilvægt að unnið sé að.“ jse@frettabladid.is


**AÐ FUNDI LOKNUM** Ingibjörg Sólrún og Steingrímur voru jákvæð eftir fundinn en þó er margt eftir að ræða enn. Þau sögðu til dæmis að enn væri ekki farið að ræða verkaskiptinguna að neinu ráði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## ATBURÐARÁSIN Í GÆR

**11:00** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Steingrímur J. Sigfússon fara á fund forseta og Ingibjörg tekur við umboði til myndunar nýrrar ríkisstjórnar

**14:00** Forystumenn Samfylkingar og Vinstri grænna funda í þinghúsinu

**17:00** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, mætir á þann fund og þegar hann er farinn kemur Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Báðir sátu skamma stund. Guðjón Arnar sagði að vinnan væri skammt á veg komin.

**18:30** Fundi lýkur, Ingibjörg Sólrún og Steingrímur voru jákvæð að honum lokum. Ingibjörg segir að ný stjórn verði mynduð fyrir helgi.
Vinnan hélt áfram í málefnahópum

**20:30** Flokksráðsfundur Vinstri grænna þar sem farið var yfir málefnavinnu dagsins, samkvæmt lögum flokksins.

Framsóknarflokkurinn:

# Styðja raunhæfar aðgerðir

**STJÓRNMÁL „Þetta er aðeins fyrsti fundur og alveg ljóst að þetta getur tekið nokkra daga,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, þegar hann kom af fundi formanna Samfylkingar og Vinstri grænna í gær. Hann sagði að Framsókn myndi styðja minnihlutastjórnina ef samkomulag næðist um þær leiðir sem farnar væru við þau verkefni sem bíða næstu stjórnar. „Og það verður ekki farið út í þetta nema að við teljum að aðferðirnar séu raunhæfar,“ sagði hann. Aðspurður hvað framsóknarmenn fengju í staðinn sagði hann, „við fáum væntanlega betra samfélag og síðan kosningar í vor.“** - jse

Frjálslyndi flokkurinn:

# Ekkert ljóst enn um stuðning

**STJÓRNMÁL** „Við höfum ekkert tjáð okkur um það ennþá,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, aðspurður hvort flokkurinn myndi verja minnihlutastjórn. „Við höfum alltaf sagt að við horfum á málefnin og ef þau eru þannig að við teljum það vera til hagsbóta að verja þau með þessum hætti, eins og verið er að leggja þetta upp, þá munum við taka málefnalega afstöðu til þess. Við höfum alltaf verið til í að styðja góð mál sama hvaðan þau koma.“


GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Hann sagði að vinnan við málefnasamninginn væri greinilega skammt á veg komin. - jse



**STOLTIR LÆKNAR** Svara spurningum blaðamanna á sjúkrahúsinu í Kaliforníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjaldgæfur viðburður:

# Áttburar fæðast og heilsast vel

**BANDARÍKIN, AP Kona í Kaliforníu eignaðist áttbura á mánudag. Þetta er í annað skiptið sem áttburar fæðast í Bandaríkjunum, en fyrstu áttburar sögunnar fæddust í Mexíkó árið 1967.**

**Áttburunum nýfæddu í Kaliforníu heilsast vel. Aðeins þrír þeirra þurftu á öndunarhjálp að halda um stundarsakir, en voru fljótlega farnir að anda upp á eigin spýtur, sem vekur vonir um að þeir allir muni lifa.**

**Áttburarnir í Mexíkó létust allir innan fjórtán klukkustunda frá fæðingu, en áttburar sem fæddust í Houston í Bandaríkjunum árið 1998 lifa enn, allir nema einn, sem lést viku eftir fæðingu.** - gb

## DANMÖRK

### Skipti Monopoly-peningum

Konu tókst að fá skipt tveimur þúsund króna seðlum úr sænska Monopoly-spilinu í 1.400 danskar krónur í banka í Danmörku í síðustu viku. Daginn eftir kom hún með 8.000 krónur í Monopoly-peningum og vildi fá skipt en var þá handtekin.

## LEIÐRÉTTING

AGS féllst á að lána Íslandi tvo milljarða dollara í nóvember en ekki króna, eins og misritaðist í ágripi af sögu Þingvallastjórnarinnar í blaðinu í gær.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Fundarfriður
Markvissir fundir í friði og ró


Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is

## VEÐURSPÁ


**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VÍÐA BJART MEÐ KÖFLUM Í DAG**
Það dregur úr úrkomunni fyrir sunnan eftir því sem líður á daginn en það er útlit fyrir áframhaldandi úrkomu S- og V-til næstu daga. Á morgun verður slydda í fyrstu og síðar rigning en síðan má búast við föstudagslægð með talsverðri úrkomu um allt land.



**Á MORGUN**
Fremur hæg NA-átt í fyrstu en fer vaxandi.

**FÖSTUDAGUR**
Stíf NA-átt, 8-20 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Billund | 3° |
| Ósló | 1° |
| Stokkhólmur | 1° |
| Gautaborg | 3° |
| London | 8° |
| París | 5° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Berlín | 2° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 3° |
| Eindhoven | 5° |
| Las Palmas | 19° |
| New York | 2° |
| Orlando | 26° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




B&S KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

SAND

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú mótmæli undanfarinna daga?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,2 |
| Nei | 42,8 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaupir þú vörur sem framleiddar eru í Ísrael?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is — vísir

Varaformaður Samfylkingarinnar sækist ekki eftir endurkjöri í kosningum:

# Stoltur af mörgu á ferlinum

**STJÓRNMÁL** Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, tilkynnti í gær að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri til Alþingis í kosningunum í vor og mun hann því láta af starfi varaformanns á næsta landsþingi flokksins. Að sögn Ágústs sóttist hann ekki eftir ráðherraembætti í kjölfar þeirra breytinga sem átt hafa sér stað síðustu daga.

„Þessi ákvörðun er fyrst og fremst persónuleg og á sér nokkuð langan aðdraganda. Við hjónin höfum lengi haft hug á að fara utan í nám og þegar tekin var ákvörðun um að boða til kosninga í vor, ákvörðun sem ég hafði sjálfur kallað eftir, þótti mér rétt að greina frá þessu,“ segir Ágúst.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Ágúst Ólafur er 31 árs og settist á þing fyrir Samfylkinguna árið 2003. Tveimur árum síðar var hann kjörinn varaformaður flokksins á landsfundi.

Hann segir óvíst með hvaða hætti hann muni sýna áhuga sinn á pólitík í verki í framtíðinni. „Ég verð áfram Samfylkingarmaður og jafnaðarmaður og mun sitja á þingi fram að kosningum og sinna störfum mínum af kostgæfni.“

Ágúst segir að hann og flokkurinn hafi verið settir í flókna stöðu þegar hann, sem varaformaður, varð ekki ráðherra árið 2007. „Ég var ósáttur við þá ákvörðun á sínum tíma, en hef reynt að sinna starfi mínu sem þingmaður og varaformaður af fullum heilindum. Ég hef lagt áherslu á frelsi í viðskiptum, mannréttindamál og Evrópumál, og er stoltur af mörgu á mínum pólitíska ferli,“ segir Ágúst. - kg

Borgin og Hjálpræðisherinn:

# Samstarf vegna utangarðsfólks

**SAMFÉLAGSMÁL Borgarráð hefur samþykkt að Reykjavíkurborg gangi til samstarfs við Hjálpræðisherinn um starfsemi fyrir utangarðsfólk í dagsetri Hjálpræðishersins í Reykjavík.**

**Velferðarsvið leggur til starfsmann til að vinna að uppbyggingu iðju fyrir utangarðsfólk í dagsetrinu og þrjár milljónir króna til sameiginlegs rekstrar á árinu samkvæmt samningsdrögum. Hjálpræðisherinn tryggir aðstöðu fyrir starfsmann velferðarsviðs.**

**Engin skipuleg iðja fer fram í dagsetri Hjálpræðishersins um þessar mundir.** - shá

Lögregla leitar enn:

# Nauðgarinn er ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitar enn að Robert Dariusz Sobiecki, sem dæmdur var í Héraðsdómi Reykjavíkur í þriggja ára fangelsi á dögunum fyrir að nauðga stúlku á salerni á Hótel Sögu.

Á tímabili var uppi grunur um að maðurinn hefði farið til útlanda á vegabréfi bróður síns. Það reyndist ekki á rökum reist.

Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir mannsins eru beðnir að hafa samband við lögregluna.

**NOREGUR**

## Mestu aðgerðir í þrjátíu ár

Norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja 20 milljarða norskra króna í aðgerðir til stuðnings vinnumarkaði og atvinnulífi í Noregi. Þetta er stærsta efnahagsbjörgunaraðgerðin sem norska stjórnin hefur gripið til í þrjátíu ár.

**PAKISTAN**

## Fjórtán falla í flugskeytaárás

Tvær flugskeytaárásir sem grunur leikur á að Bandaríkjaher hafi staðið fyrir urðu á föstudag fjórtán manns að bana í Pakistan. Að minnsta kosti fimm af hinum föllnu kváðu hafa verið erlendir skæruliðar.

# Hugmyndin um utanþingsráðherra skoðuð

**Þjóðstjórn kemur ekki til greina þar sem of langan tíma tæki að mynda stjórn, segir Ólafur Ragnar. Felur Samfylkingu stjórnarmyndunarumboð. Sjónarmið hefur komið fram um að sérfræðingar utan þings taki sæti í ríkisstjórn.**

**STJÓRNMÁL** Ekki er grundvöllur fyrir því að hefja viðræður um myndun þjóðstjórnar, segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Hann veitti í gær Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, umboð til stjórnarmyndunar.

Ólafur kallaði Ingibjörgu Sólrúnu og Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna, á sinn fund klukkan 11 í gær. Eftir fundinn sagði Ólafur að hann hefði óskað eftir því að forystumenn Samfylkingar og Vinstri grænna ræddu myndun ríkisstjórnar.

Viðræður um myndun þjóðstjórnar myndu taka of langan tíma, og væru ekki vænlegar til árangurs, sagði Ólafur. Í ljós hafi komið að grundvöllur sé fyrir myndun stjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, með stuðningi Framsóknarflokks og mögulega Frjálslyndra, sagði hann.

„Það hefur jafnframt komið fram það sjónarmið að taka til skoðunar að einn eða fleiri virtir einstaklingar, sérfræðingar utan þings, tækju kannski sæti í slíkri ríkisstjórn, þó það sé auðvitað alfarið á vettvangi flokkanna að fjalla nánar um það,“ sagði Ólafur. Hann vildi ekki skýra nánar frá því hvaðan sú hugmynd sé komin.

Ólafur lagði áherslu á að niðurstöður úr stjórnarmyndunarviðræðum yrðu bornar undir hann seinnipartinn í dag eða í fyrramálið. Helst verði að ljúka viðræðunum á nokkrum dögum, ekki vikum.

Ingibjörg Sólrún sagðist eftir fundinn með forsetanum vonast til þess að það takist að mynda nýja ríkisstjórn fyrir næstu helgi.

Undir það tók Steingrímur eftir fundinn með forsetanum. „Það er ákaflega mikilvægt að allri óvissu í íslenskum stjórnmálum verði eytt sem allra fyrst,“ sagði Steingrímur eftir fundinn.

brjann@frettabladid.is



**STJÓRNARMYNDUN** Létt var yfir þeim Steingrími J. Sigfússyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þegar þau gengu af fundi Ólafs Ragnars Grímssonar í gær með umboð til stjórnarmyndunarviðræðna upp á vasann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÓLAFUR ÓSAMMÁLA FRÆÐIMÖNNUM

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segist ósammála þeim fræðimönnum sem segja hann hafa farið út fyrir sitt valdsvið með því að hafa sagt nýja ríkisstjórn þurfa að sinna ákveðnum verkefnum og með því að segja þingrofsvaldið hjá forseta.

Ólafur segir tímana óvenjulega, samfélagið sé í upplausn og rof í samfélagslegum sáttum. Forsetinn verði að taka tillit til þess, með því að greina frá því opinberlega sem hann ræði við formenn flokkanna. Forsetar hafi í gegnum tíðina veitt slíkar leiðbeiningar, en þá inni á lokuðum fundum.

Þá sé það þvert á anda þingræðisins að forsætisráðherra sem ekki hafi meirihluta Alþingis að baki sér geti rofið þing.

Skilningur Ólafs sé sá að sé ekki skýr þingmeirihluti fyrir ósk forsætisráðherra um þingrof eigi forseti að leggja sjálfstætt mat á hvort rétt sé að verða við óskinni. Forsetar í gegnum tíðina hafi deilt þeirri skoðun.


SJÓÐFÉLAGAFUNDUR
ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS

**Almenni lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar fimmtudaginn 29. janúar 2009 á Grand hótel Reykjavík við Sigtún kl. 17.15.**

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Kynning á fjárfestingarstefnu og hugmyndum stjórnar um breytingar.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN www.almenni.is


Fyrrverandi bæjarstjóri ósáttur við að arftaki hennar sé á hærri launum:

# Íhugar mál gegn Blönduósbæ

**STJÓRNSÝSLA** Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarfullltrúi E-listans og fyrrverandi bæjarstjóri á Blönduósi, er ósátt við að eftirmaður hennar fái hærri laun og vill að ráðningarsamningur hans verði lagður fyrir bæjarstjórn.

Í samtali við Fréttablaðið segist Jóna Fanney vera að leita réttar síns. „Minn lögfræðingur segir þessa mismunun í launum vera skýrt bort á jafnréttislögum. Að auki er þetta alger trúnaðarbrestur milli mín og forseta bæjarstjórnar.“

Í bréfi til liðsmanna E-listans, sem fer með meirihluta í bæjarstjórninni, segist Jóna Fanney hafa uppgötvað með skoðun á gögnum sveitarfélagsins að byrjunarlaun arftaka hennar, Arnars Þórs Sævarssonar, væru tólf prósent hærri en laun hennar voru þegar hún sagði starfinu lausu 1. október 2007. Þetta væri þvert á það sem fulltrúar meirihlutans hefðu upphaflega samið um við Arnar Þór.



JÓNA FANNEY FRIÐRIKSDÓTTIR



ARNAR ÞÓR SÆVARSSON

„Samningsstaða hans var engin, enda sóttist hann eftir embættinu að eigin frumkvæði,“ skrifar Jóna Fanney. „Nú, fimmtán mánuðum síðar, er að renna upp fyrir mér að launaupphæðinni í ráðningarsamningi sem ég sendi Arnari Þór var breytt og hún hækkuð um 12 prósent án minnar vitundar eða samþykkis,“ upplýsir Jóna Fanney félaga sína um í E-listanum. Hún segir samninginn undirritaðan af Valgarði Hilmarssyni, forseta bæjarstjórnar. Útskýra þurfi hvers vegna Arnar Þór sé hærra metinn en hún.

Valgarður Hilmarsson kveðst ekki sammála því sem fram kemur í bréfi Jónu Fanneyjar. Laun núverandi bæjarstjóra séu 750 þúsund krónur. Það hefðu allir vitað sem kært hefðu sig um og forsendur ráðningarsamningsins hefðu verið kynntar í bæjarstjórn. „Þetta eru mjög sambærilega laun og hún hafði,“ segir Valgarður.

Jóna Fanney segir ráðningarsamninga hennar hafa verið lagða fyrir bæjarstjórn. Það sama gildi ekki um samning núverandi bæjarstjóra. Það geti ekki talist vönduð stjórnsýsla. - gar


VINSÆLAST!

JANÚAR TILBOÐ á öllum 204 stk. pakkningum!




Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík

# Tempur - dagar




## Eitt líf - njótum þess

**TEMPUR** Gravity Zero:
Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Verð kr. 837.412,-
Tilboð kr. 669.930,-



**TEMPUR** 20cm: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Verð kr. 245.800,-
Tilboð kr. 193.640,-



**TEMPUR** Celebrity: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Verð kr. 375.800,-
Tilboð kr. 300.640,-



**TEMPUR** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Verð frá kr. 7.990,-



**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16**

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hver er forstöðumaður fangelsisins að Litla-Hrauni?*

*2 Hvaða hljómsveit lék fyrir dansi á árshátíð Seðlabankans?*

*3 Breska fótboltaliðið West Ham hefur fest kaup á fótboltamanni og er fullyrt að hann sé sá dýrasti í sögu félagsins. Hver er hann?*

Fyrsta sjónvarpsviðtal nýs Bandaríkjaforseta er við arabíska sjónvarpsstöð:

# Býður múslimum sáttahönd

**BANDARÍKIN, AP** „Verkefni mitt gagnvart múslimum er að koma þeim boðum til skila að Bandaríkjamenn séu ekki óvinir þeirra,“ sagði Barack Obama í viðtali við sjónvarpsstöðina Al-Arabiya, sem er í sádi-arabískri eigu en með höfuðstöðvar í Dúbaí.

Með því að veita arabískri sjónvarpsstöð fyrsta sjónvarpsviðtal sitt í nýju embætti þykir Obama sýna fram á það að samskiptin við múslima njóti forgangs í utanríkisstefnu hans.

Hann segir að Bandaríkjastjórn hafi gert mistök, en ekkert standi í vegi fyrir því að endurvekja þá gagnkvæmu virðingu og samstarf sem Bandaríkin og múslimaheimurinn áttu sín á milli fyrir 20 til 30 árum.



**OBAMA Í SJÓNVARPSVIÐTALINU** Fréttamaður frá sjónvarpsstöðinni Al-Arabiya hitti Obama í Washington á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðtalinu var sjónvarpað í gærmorgun. Sama dag hélt George J. Mitchell, nýskipaður erindreki Obama í Mið-Austurlöndum, til Egyptalands og heldur síðan þaðan áfram til Ísraels, Vesturbakkans, Jórdaníu, Tyrklands og Sádi-Arabíu.

Mitchell fær það erfiða verkefni að kanna hvað Bandaríkin geta gert til að stuðla að friði í þessum stríðshrjáða heimshluta.

„Ég sagði honum að byrja á því að hlusta, því alltof oft hafa Bandaríkin byrjað á því að gefa fyrirskipanir,“ sagði Obama í sjónvarpsviðtalinu. **- gb**

Viðhorfskönnun Gallup:

# Vilja afnema verðtryggingu

**HÚSNÆÐISMÁL** Ríflega 76 prósent aðspurðra í könnun Capacent Gallup fyrir Íbúðalánasjóð, vilja afnema verðtryggingu.

Í könnuninni kemur fram að almenningur hefur aldrei verið jákvæðari gagnvart Íbúðalánasjóði. Aðeins 3,9 prósent segjast neikvæðir í hans garð, en 14,3 prósent hvorki nei- né jákvæðir. Jákvæð segjast 81,7 prósent. Spurt var hvort Íbúðalánasjóður ætti að starfa áfram í óbreyttri mynd og sögðu 93,8 prósent já. Í könnuninni voru 1.322 spurðir í nóvember og desember. Svarhlutfall var 64,1 prósent. **- kóþ**

**SKIPULAGSMÁL**

## Moggahúsið verður hótel

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur samþykkt að þremur efstu hæðum gamla Morgunblaðshússins í Aðalstræti 6 verði breytt í hótel. Annarri, þriðju og fjórðu hæð Aðalstrætis 8 verður einnig breytt í hótel og opnað á milli húsanna tveggja og Aðalstrætis 4 þar sem nú er Hótel Plaza.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Ekið á barn í Grafarhotli

Ekið var á ungan dreng í Gvendargeisla í Grafarholti upp úr klukkan átta í gærmorgun. Drengurinn var fluttur á slysadeild til skoðunar. Meiðsl hans eru ekki talin alvarleg.

The Times um Davíð Oddsson seðlabankastjóra:

# Hinn norræni Thatcher

**STJÓRNMÁL** Roger Boyes, þekktur penni Lundúnablaðsins The Times, skrifar beittan pistil um Davíð Oddsson seðlabankastjóra sem birtur var á fréttavef blaðsins í gær undir yfirskriftinni „Er þetta hataðasti maður Íslands?“.

Boyes segir skiljanlegt að mótmælendur, sem nú hafi tekist að bola ríkisstjórninni frá völdum, beini næst spjótum sínum að Davíð. „Oddsson hafði fengið ófá merki um að það væri farið að síga á ógæfuhliðina á Íslandi, að fjármálakerfið, uppblásnir bankarnir, væru að springa. Hann leiddi þau hjá sér af einhverri ástæðu – kannski vegna hugmyndafræðilegrar blindu þar sem hann er talinn síðasti frjálshyggjumaðurinn í Evrópu, hinn norræni Margaret Thatcher – kannski lá bara persónulegur hégómi að baki.“

Boyes klykkir út með því sem umheimurinn geti lært af þessari reynslu Íslendinga: „Hugsið ykkur tvisvar um áður en þið skipið nána skólafélaga í embætti seðlabankastjóra og forsætisráðherra.“ **- aa**



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson, bankastjórar KB-banka sem síðar varð Kaupþing, tóku við útflutningsverðlaunum forseta Íslands vorið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

# Krónan vitfirring og neyðarlögin mistök

**Sigurður Einarsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, segir í trúnaðarbréfi til vina sinna að íslenska krónan sé vitfirring og að tal seðlabankastjóra sé hróplegt dæmi um vanþekkingu hans.**

**BANKAHRUNIÐ** „Ljóst er að hæstráðendur Seðlabankans áttuðu sig engan veginn á stöðunni,“ segir Sigurður Einarsson, fyrrverandi bankastjóri í Kaupþingi, í bréfi sem hann sendi „vinum og vandamönnum“ á sunnudag.

Með bréfinu segist Sigurður vilja varpa ljósi á ýmsar ásakanir á hendur Kaupþingsmönnum, meðal annars um meinta fjármagnsflutninga úr Kaupþingi vikurnar fyrir fall bankans og lán til handa starfsmönnum til kaupa á hlutabréfum í bankanum. Þar hafi ætíð verið farið eftir lögum og reglum með hagsmuni bankans í huga.

Sigurður fer einnig yfir aðdraganda bankahrunsins og orsakir þess að Ísland sé í verri kreppu en nokkurt annað land

„Undirritaður hefur ásamt mörgum öðrum í fjölda ára bent á að það gangi vitfirringu næst fyrir litla, fámenna þjóð í opnu kerfi að vera með eigin gjaldmiðil,“ skrifar Sigurður. Hann kveður ítrekuðum óskum um að gjaldeyrisvarasjóður landsins yrði margfaldaður í engu hafa verið sinnt. Seðlabanki Íslands hafi verið algerlega vanmáttugur í að vera „banki bankanna“ þótt stjórnvöld vildu að hér yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð. Sárgrætilegt væri því að Seðlabankinn hafi gert allt til að hindra að viðskiptabankarnir verðu sig gegn krónunni eða færðu sig af áhrifasvæði hennar. „Seðlabankinn þvingaði því íslenska banka til að þiggja af sér þjónustu sem hann sinnti í engu að veita.“

Þá segir Sigurður að þótt erfitt sé að segja um það eftir á hvort bjarga hefði mátt Glitni hafi aðferðin við þjóðnýtingu bankans verið mikið axarskaft. Ekki hafi verið trúverðugt að ríkið yfirtæki bankann.

„Hin svokölluðu neyðarlög sem sett voru í kjölfarið eru þó sennilega verstu mistökin. Eftir setningu neyðarlaganna var hæpið að fjármálakerfið gæti staðist,“ segir í bréfi Sigurðar sem kveðst telja að fyrst og fremst hafi vantað forystu þegar Glitnir lenti í vandræðum. Þá forystu hafi skort hjá Seðlabankanum sem ekki hafi fylgt fordæmi erlendra seðlabanka og haft samráð við forsvarsmenn bankanna. Ekkert traust hafi verið milli þeirra og stjórnenda Seðlabankans sem hafi reyndar ekki heldur ráðfært sig við sína eigin sérfræðinga.

„Tal seðlabankastjóra í fjölmiðlum um að ríkissjóður yrði sem næst skuldlaus eftir fall bankanna er hrópandi dæmi um vanþekkingu og rangt stöðumat,“ skrifar bankastjórinn fyrrverandi sem telur brýnasta verkefni stjórnvalda nú vera að vinda ofan af neyðarlögunum:

„Þetta ásamt því að stjórnvöld vanræktu skyldu sína að losa þjóðina undan skuldbindingum vegna Icesave á meðan færi var á eru meginástæður þess að Íslendingum mun reynast torveldara að ná sér á strik eftir kreppuna en öðrum þjóðum, þrátt fyrir að því ætti að vera öfugt farið.“ **gar@frettabladid.is**


Framtíð Íslands
í samfélagi þjóðanna



**Fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands hefst fimmtudaginn 29. janúar kl. 12.00 í stofu 104 á Háskólatorgi**

**Staða smáríkja í Evrópu**

**Small States in Crisis: The Case of Iceland**
Dr. Clive Archer, prófessor í stjórnmálafræði við Manchester Metropolitan University



Clive Archer

**Möguleikar smáríkja til áhrifa innan ESB**
Dr. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands



Baldur Þórhallsson

**Næstu fundir:**
**12. febrúar:** Norðurlandasamstarf og samvinna Norðurlanda á alþjóðavettvangi
**26. febrúar:** Efnahagslegt öryggi smáríkja
**12. mars:** Sveitarfélögin og ESB: Felast tækifæri í Evrópusambandsaðild?
**26. mars:** Hvað með fiskinn í sjónum? Sjávarútvegsstefna ESB
**16. apríl:** Áhrif Evrópusambandsaðildar á landbúnaðar- og byggðamál
**30. apríl:** Nú erum við að tala saman! Samningatækni og samningahegðun ríkja
**7. maí:** Skiptir varnarsamstarf ESB máli fyrir varnir Íslands?
**14. maí:** Staða smáríkja í alþjóðasamfélaginu

Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna er samstarfsverkefni allra háskóla landsins og utanríkisráðuneytisins. Boðið verður upp á fundaraðir og einstaka viðburði í háskólunum um alþjóðamál sem lýkur með sameiginlegri ráðstefnu í Reykjavík 14. maí.

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI

TAL

# ENGAR HÆKKANIR SÍÐAN Í MAÍ 2008



HEIMASÍMI NET GSM

Allur Pakkinn frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

**Lægra** mánaðargjald

&

**Lægra** mínútuverð

&

**Meira** erlent niðurhal

---

**= Lægri símreikningur**

**Lækkaðu í síma 1817 eða tal.is**

Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikil pressa á Samfylkingu og Vinstri græn.

## Hveitibrauðsdagar ekki í boði

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar ný ríkisstjórn tekur við völdum hefur hefðin verið að gefa henni sæmilegt andrými til að koma stefnu sinni til framkvæmda. Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna mun ekki njóta neinna slíkra hveitibrauðsdaga. Ráðherrar hennar fá engan tíma til að mýkja upp stólana heldur verða að lenda hlaupandi í störfum sínum.

Þjóðin hefur sýnt í verki að hún vill miklu hraðari og fumlausari vinnubrögð heldur en voru í boði hjá fráfarandi ríkisstjórn Geirs H. Haarde.

Allt bendir til þess að kosningar verði ekki seinna en í maí. Á ríflega þremur mánuðum, álíka löngu tímabili og hinum hefbundnu hveitibrauðsdögum, þarf því ný ríkisstjórn að sanna frammi fyrir óþolinmóðri þjóð að hún sé fær um að stýra landinu, á sama tíma og stjórnarliðar heyja fyrst prófkjör innan flokka sinna og því næst almenna kosningabaráttu.

Samfylking og Vinstri grænt framboð hafa svo sannarlega ekki komið sér í auðvelda aðstöðu. Samstarf þeirra er þó vel skiljanlegt af sjónarhóli beggja flokka.

Vinstri græn hafa loks fengið langþráð tækifæri til að sýna fram á að þar fer ábyrgur og stjórntækur flokkur. Til þess munu þingmenn vinstri grænna þurfa að segja skilið við ýmsa popúlíska frasa, sem hafa verið þeim mjög tamir í stjórnarandstöðuhlutverkinu. Það var til dæmis ekki trúverðugt að hlusta á varaformann flokksins nefna í hádegisfréttunum hærri vaxtabætur, sem svar við vanda heimila í greiðsluerfiðleikum, án þess að útskýra hvert á að sækja þá fjármuni. Nú eru dagar slíks ábyrgðarleysishjals að baki. Ekki dugar lengur að segja hvað á gera. Hvernig, er nýtt verkefni vinstri grænna.

En hafi Steingrímur Joð og hans fólk tekið áhættu með þessu stjórnarsamstarfi, er enn meira í húfi fyrir Samfylkinguna.

Ólíkt nýja samstarfsflokknum hefur stuðningur við Samfylkinguna snarfallið undanfarnar vikur. Tvennt veldur þar mestu. Á skoðanakönnunum eftir hrunið í haust sást að Samfylkingunni var ekki kennt um ófarirnar og að hún naut trausts til að koma að uppbyggingar-, hreinsunar- og björgunarstarfinu sem blasti við. Þegar dróst að fara í þau verk af krafti fjaraði hratt undan stuðningnum. Hitt atriðið, og það má ekki vanmeta, er óþolinmæði stórs hluta kjósenda gagnvart því að Samfylkingin hélt Sjálfstæðisflokknum við völd, eftir skipbrot hugmyndafræði hans.

Ekki er ástæða til að efast um að Samfylkingin hafi haft góða og gilda ástæðu til að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Stjórnunarstíll fráfarandi forsætisráðherra dugir ekki við núverandi aðstæður. Þessi deyfð gat ekki gengið lengur.

Hitt er líka á hreinu að með stjórnarslitunum er Samfylkingin að freista þess að reka af sér slyðruorðið og bjarga eigin skinni fyrir kosningarnar í vor.

Hvernig til tekst skiptir sköpum um hvernig framtíð bíður Vinstri grænna og Samfylkingar næstu árin. Pressan er gríðarleg. Ný ríkisstjórn getur valið um hvort hún verður til að þjappa hópnum saman, eða siglir samstarfið í kaf í stuttum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

MAX1
Skiptum um bremsuklossa strax í dag hjá Max1.
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel. Og ódýrt einnig.
Eru bremsurnar búnar?
Fáðu fast verð hjá Max1 í dag
Skoðaðu verðdæmin hér að neðan.
Komdu við hjá Max1 í dag
og fáðu þér kaffi.



Max1 verðdæmi - bremsuklossaskipti að framan:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Árg. 2002-2007 | Varahlutir og vinna: 12.577 kr. |
| Nissan Almera | 1,4 | Árg. 1995-2007 | Varahlutir og vinna: 12.249 kr. |
| VW Golf V Plus | 1,4 16v | Árg. 2005-2007 | Varahlutir og vinna: 14.105 kr. |
| Honda Civic HB | 1,6 16v | Árg. 1991-1995 | Varahlutir og vinna: 14.036 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Árg. 1999-2004 | Varahlutir og vinna: 14.077 kr. |

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt - skoðaðu: www.max1.is

**Reykjavík:** Bíldshöfða 5a, sími: 5157095 - 5157096
**Reykjavík:** Bíldshöfða 8, sími: 5157097 - 5157098
**Reykjavík:** Jafnaseli 6 (við Sorpu), sími: 5874700
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 4622700

MAX1 BÍLAVAKTIN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hataðastur?

„Er þetta hataðasti maður Íslands?“ spurði vefútgáfa breska blaðsins Times í gær í fyrirsögn greinar um Davíð Oddsson seðlabankastjóra. Breska stórblaðið segir kröfuna um að Davíð víki úr Seðlabankanum skiljanlega; hann hafi hunsað öll viðvörunarmerki um að fjármálalífið og bankarnir væru að fara úr böndunum. Blaðamaður kallar Davíð síðasta nýfrjálshyggjumanninn í Evrópu og segir að ef til vill hafi hugmyndafræðileg blinda ráðið för eða einfaldlega persónulegur hégómi. Hvað sem því líður geti umheimurinn dregið þá ályktun að best sé að hugsa sig tvisvar um áður en nánir skólabræður séu skipaðir í embætti seðlabankastjóra og forsætisráðherra.



### Nærist á hlýhug

Hér skal ósagt látið hvort Davíð sé hataðasti maður Íslands en hann hefur óneitanlega oft verið vinsælli. Í dagbókarfærslu frá því í janúar 1998 býður Matthías Johannessen, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, upp á merkilega greiningu á hvernig Davíð bregst við óvinsældum. Matthías hafði mætt í afmælisveislu hjá Davíð. Afmælisbarnið lék á als oddi „enda var þetta mikil hirð í kringum hann. Davíð líður bezt í slíku kompaníi, held ég. Hann nærist á hlýhug og vináttu en kann síður á andrúmsloft kulda og fjandskapar. Þá glatar hann fyndninni sem er lykillinn að vinsældum hans. Þá getur hann reiðzt og það fer honum illa.“



### Vinsældirnar eða fyndnin?

Lykillinn að vinsældum Davíðs liggur semsagt í vinsældunum sjálfum; þegar hann glatar þeim glatar hann jafnframt fyndninni sem gerir hann vinsælan. Minnir óneitanlega á hinn víðfræga „catch 22“ úr samnefndri skáldsögu. Þá stendur ein spurning eftir: Hvort var fyrst, vinsældirnar eða fyndnin?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Sæt er hefndin



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Ljóðelskir stjórnmálamenn

Einhvern tíma sagði ég frá bókmenntamanninum ljóshærða Dominique de Villepin sem var forsætisráðherra Frakklands 2006 og stefndi að því að verða eftirmaður Chiracs í forsetastóli, með blessun Chiracs sjálfs, en átti þá í harðri og miskunnarlausri samkeppni við Sarkozy. En Villepin kollsigldi sig þegar stúdentar upphófu mikla mótmælahreyfingu þetta sama vor gegn lögum sem hann hafði látið setja og var eftir það úr leik. En ljóst var að hann ætlaði sér áframhaldandi frama í stjórnmálum, þótt Sarkozy hefði orðið hlutskarpari og væri sestur í Elysée-höll, hann hafði talsverð umsvif og sagði sínar skoðanir umbúðalaust.

En nú er illa komið fyrir Villepin og mikill harmur kveðinn að öllum velunnurum ljóðelskra stjórnmálamanna. Innan skamms á hann nefnilega að mæta fyrir sakadómi og á yfir höfði sér fimm ára fangelsi og 45 þúsund evra sekt. Hætt er við því að réttarhöldin verði löng og hávaðasöm, og verður Villepin að láta af öllum afskiptum af stjórnmálum a.m.k. meðan þau standa yfir, og kannske miklu, miklu lengur.

Þetta sakamál er flókið, en hægt er að draga aðalatriðin saman í stuttu máli. Vorið 2004 barst rannsóknardómara nokkrum í hendur tölvuútskrift af lista yfir Frakka sem áttu að eiga innistæður hjá ávöxtunar- eða fjármálafyrirtæki nokkru í Lúxemburg sem nefndist „Clearstream“. Þetta gat verið saknæmt, fyrirtækið var grunað um peningaþvætti og voru miklar líkur taldar á að peningarnir væru upphaflega mútufé í tengslum við sölu á freigátum til Taivans – en margt við þá sölu var reyndar í meira lagi grunsamlegt og hefur komið fyrir rétt. Á þessum lista voru nöfn þekktra manna af ýmsu tagi, og mátti þar bera kennsl á Sarkozy undir mjög svo gagnsæju dulnefni. Eftir nákvæma athugun komst rannsóknardómarinn þó að þeirri niðurstöðu að listinn væri að verulegu leyti falsaður, þ.e.-a.s. nöfnum hefði verið bætt inn á lista, sem hefði að öðru leyti verið réttur, og hefði það verið gert til að spilla æru viðkomandi manna og baka þeim tjón. Rannsókn var hafin þegar haustið 2004 en hún beindist ekki að þessum reikningum hjá „Clearstream“ heldur að rógburði og skjalafölsun.

Í ljós kom að málið teygði sig víða. Böndin bárust smám saman að tölvufræðingi sem grunaður var um að hafa falsað listann og að þeim manni sem átti að hafa sent rannsóknardómaranum listann í nafnlausu bréfi. En fleiri voru við þetta bendlaðir, og leiddu allmargir þræðir eftir ýmsum krókaleiðum í sömu átt, til Dominique de Villepin. Hann hafði greinilega sýnt þessum falsaða lista meira en lítinn áhuga frá upphafi, hann hafði látið rannsaka hann í kyrrþey þegar í janúar 2004, þótt það væri ekki í hans verkahring (hann var þá utanríkisráðherra), hann var í nánum tengslum við þann mann sem sendi rannsóknardómaranum nafnlausa bréfið og í ljós kom að hann stóð á bak við leynifund sem þessir tveir menn héldu með sér. Ofan á annað báru vitni það, að á þessum tíma hefði hann sagt: „Ef blaðamenn vinna starf sitt rétt“ – því til þeirra var tryggt að listinn bærist um síðir – „er Sarkozy „dauður““ og sitthvað fleira í þeim dúr.

Fyrir skömmu var svo birt ákæra gegn Villepin og var hún harðari en menn höfðu búist við, hún hljóðaði upp á „samsekt í rógburði, samsekt í notkun falsaðra skjala, trúnaðarbrot“ og annað af því tagi, og þetta var allt saman tengt hinni heiftúðugu togstreitu hans og Sarkozys á þessum tíma. Verjendur Villepins benda á að nöfn fleiri þekktra manna en Sarkozys hafi verið á þessum falsaða lista og spyrja hvers vegna rannsóknin hafi nánast eingöngu snúist um það atriði; er þetta nokkuð annað en pólitísk hefnd? spyrja þeir. Að sjálfsögðu er þetta ekkert annað, enda á Sarkozy að hafa sagt að allir þeir sem hafi átt hlut að þessu máli muni enda uppi á króki hjá slátraranum. Því hefndin er sæt, og um leið viðvörun til annarra.

Nú mætti kannske búast við því að almenningur hugsaði eitthvað á sömu línum og íslenska máltækið „margs verða hjúin vísari þá húsbændurnir deila“, en það gerir hann ekki, því hann gerir sér litlar grillur um pólitískt siðferði í landinu. Menn telja Villepin sekan, þótt sannanirnar sem ákæran byggist á séu í ótraustara lagi. En svo virðist sem hann eigi óskipta samúð flestra, þótt hann hafi orðið uppvís að þessum bellibrögðum, einnig þeirra sem lesa ekki ljóð. Eins og ég heyri menn nú segja: „Fyrir ræðuna hjá Sameinuðu þjóðunum þegar Villepin firrti Frakka þeirri ævarandi smán að styðja stríðsbrjálæði Bandaríkjamanna í Írak skal ég ævinlega verja hann.“

# Biðin á enda

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um endalok ríkisstjórnarinnar



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Það hefur verið ámátlegt að hlusta á útskýringar Geirs Haarde á því hvernig slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu. Hann blæs á það að kröfur Samfylkingar um auknar aðgerðir til að styðja fyrirtækin í landinu og koma til móts við skuldsett og verðtryggingarpínd heimili hafi ráðið úrslitum, enda væntanlega að hans mati nóg að gert. Hvað þá að hann telji að krafan um að seðlabankastjórar verði látnir víkja hafi haft þar nokkuð að segja. Raunar má á honum skilja að kröfu Samfylkingar um uppstokkun í Seðlabankanum hafi verið nægjanlega svarað með hugmyndum Sjálfstæðisflokksins um sameiningu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka, væntanlega undir Forsætisráðuneytinu.

Að sögn forsætisráðherrans fyrrverandi snérust stjórnarslitin um forsætið. Stólinn sem Þorgerður Katrín væri réttborin til og þar með væntanlega yfirmaður sameinaðs Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Hvernig í veröldinni hefði það mátt verða? Viðskipti félags í eigu Þorgerðar og eiginmanns hennar hljóta eins og önnur slík mál að vera til rannsóknar í Fjármálaeftirlitinu. Án þess að gefa mér neitt um niðurstöðu þeirrar rannsóknar fæ ég ekki séð hvernig hún gæti verið yfirmaður þeirrar stofnunar sem fer með rannsókn á hennar eigin málum. Ekki væri það til að auka trúverðugleika stjórnvalda.

Staðreyndin er sú að það var ekki hægt að bera ábyrgð á áframhaldandi stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn ber einfaldlega of mikla ábyrgð á efnahagshruninu til að geta leitt endurreisnina. Samfylkingin er nú sterkari en nokkru sinni , sameinuð gegn vinnubrögðum og stjórnunarháttum Sjálfstæðisflokksins og styrkt af þeirri fullvissu að lýðræðið virkar. Þannig hefur skortur á skoðanakúgun í Samfylkingunni styrkt flokkinn þó sjálfstæðismenn fái það seint skilið.

Ingibjörg Sólrún hefur enn einu sinni sýnt að hún er leiðtogi sem tekur nauðsynlegar ákvarðanir og kann að hlusta á flokkinn sinn og þjóðina. Nú mun hún einbeita sér að því að ná fullum kröftum til að leiða okkur í kosningum í vor. Frjáls undan oki Sjálfstæðisflokksins.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Endurreisn Alþingis

**UMRÆÐAN**
Eiríkur Bergmann skrifar um Alþingi



EIRÍKUR BERGMANN

Framan af einkenndist stjórnskipan Íslands af þingræði en hefur síðan þróast yfir í ráðherraræði og í allra seinustu tíð yfir í hreinræktað leiðtogaræði. Áður en fjallað er um þessa þróun er rétt að gefa gaum hvernig táknfræðin sem blasir við okkur á löggjafarþinginu undirstrikar þessa þróun.

### Hæstvirtur ráðherra

Stéttaskiptingin stjórnmálanna er skýr, ráðherrar eru settir skör hærra en almennir þingmenn sem virðast eiginlega einskonar undirmenn þeirra. Fyrsta táknið blasir einmitt við í titlunum, fulltrúi okkar á löggjafarþinginu er óbreyttur *þingmaður* en fulltrúi framkvæmdavaldsins er hvorki meira en minna en *ráðherra*, – herrann sem ræður. Þessi munur er undirstrikaður í ávarpi þingmanna í ræðustól þingsins: *Háttvirtur* þingmaður er virðulegt ávarp en ráðherrann er hins vegar ekkert minna en *hæstvirtur*.

Táknin blasa alls staðar við: Á sjálfu löggjafarþinginu sitja ráðherrar í öndvegi og horfa úr hásæti sínu yfir þingheim. Á gangi einum í þinginu er röð ljósmynda af virðulegum mönnum, þetta eru ekki helstu skörungar þingsins heldur allir ráðherrar lýðveldisins með tölu. Metnaðargjarn þingmaður sem vill komast í hópinn verður því fyrst að fá ráðherrastól.

Fleira undirstrikar stéttarmuninn; óbreyttir koma til þings á eigin bíl sem þeir leggja í nálægt bílastæði og klöngrast svo yfir bílaplanið á meðan ráðherrum er ekið í glæsibifreið upp að dyrum. Í matsalnum var um hríð dúklagt borð fyrir forsætisráðherra og hirð hans, óbreyttir þingmenn snæða við bert borð.

Verra er, að hendingu má kalla ef lagafrumvarp óbreyttra þingmanna nær fram að ganga á löggjafarsamkundunni, en frumvörp ráðherra renna hins vegar í gegn eins og bráðið smjör. Almennir þingmenn eru að mestu hættir að mæla fyrir frumvörpum, það er nú nánast alfarið í höndum ráðherra.

### Leiðtogaræði

Þetta var ekki svona og þarf ekki að vera svona. Með endurreisn Alþingis árið 1844 varð löggjafarþingið þungamiðjan í stjórnmálakerfi landsins. Eftir að framkvæmdavaldið kom fyrst inn í landið árið 1904 var það fyrst um sinn veikt en styrkti smám saman stöðu sína gagnvart þinginu. Eftir því sem líða tók á nýliðna öld sótti framkvæmdavaldið í sig veðrið og seig loks fram úr þinginu. Hér varð það sem kalla má ráðherraræði, í þeim skilningi að hver ráðherra varð ráðandi um mestalla framþróun í eigin málaflokki.

Undir lok aldarinnar breyttist kerfið svo aftur þegar stjórnskipanin fór í síauknu mæli að einkennast af leiðtogaræði, þar sem formenn stjórnarflokkanna véla um sífellt fleiri mál sín á milli án mikils samráðs við félaga sína í ríkisstjórn eða þingmenn flokkanna, hvað þá að stjórnarandstaða komi nokkurn tímann að málum. Formenn stjórnmálaflokkanna hafa nánast fengið ægivald innan flokka sinna, hafa örlög þingmanna sinna svo gott sem í höndum sér, sem leiðir til þess að almennir þingmenn og fagráðherrar þora ekki að hafa sig í frammi gegn formanni sínum af ótta við að lenda á köldum klaka. Þeir sem hlaupa útundan sér, eins og það er gjarnan kallað, eru um leið settir á pólitískan ís.

### Hvað er til ráða?

Endanleg gelding þingsins blasti við alþjóð þann sjötta október síðastliðinn þegar þingmenn samþykktu neyðarlög sem gjörbreyttu íslensku þjóðfélagi án þess einu sinni að lesa lagabálkinn yfir. Síðan þá hefur þingið nánast verið óvirkt og mótbárulaust samþykkt hvað svo sem framkvæmdavaldið hefur lagt til. Þessu þarf að snúa við. Mikilvægt er að endurreisa Alþingi. En hvað er til ráða?

Í fyrsta lagi þarf að losa ráðherra af þingi, setja má þá reglu að þegar þingmaður setjist í ráðherrastól segi hann um leið af sér þingmennsku. Ráðherrar hafa þá ekki annað erindi í þingið en að standa löggjafanum skil á verkum sínum. Eins og vera ber.

Í öðru lagi má búa svo um hnútana að það verði í höndum formanna viðkomandi þingnefnda að mæla fyrir þingmálum, frekar heldur en ráðherrans eins og nú er. Þannig gæti þingið náð aftur til sín frumkvæði í lagasetningu eins og stjórnarskráin kveður á um.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að takmarka þann tíma sem menn geta setið við völd, bæði til að tryggja endurnýjun og ekki síður til að takmarka völd leiðtoganna. Auðvelt er að setja þá reglu að ráðherrar sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil samfellt við völd. Sem er auðvitað feikinóg. Með því móti ætti ásjóna valdsins að verða önnur og hyggilegri en nú er. Stjórnmálaflokkarnir gætu líka sjálfir tekið upp slíkt fyrirkomulag, til að mynda að setja þá einföldu reglu að formaður geti lengst setið í átta ár. Lengri valdaseta er hvort eð er óþörf.

Í fjórða lagi er kannski kominn tími til að hreinsa út það fólk sem hefur leyft þessari óheillaþróun að verða á sinni vakt.

*Höfundur er dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.*








✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Andrés Guðjónsson**

fyrrv. skólameistari Vélskóla Íslands,
Mánatúni 2, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 22. janúar, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju þriðjudaginn 3. febrúar kl. 15.00.

**Ellen M. Guðjónsson**
**Jens Andrésson** **Kristín Þorsteinsdóttir**
**Grímur Andrésson** **María Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústa Jónsdóttir**

Jaðarsbraut 11, Akranesi,

sem lést á sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 19. ágúst, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 30. janúar kl. 14.00.

**Kjartan Sigurðsson** **Guðrún Skarphéðinsdóttir**
**Steingrímur Sigurðsson** **Þórdís Alfreðsdóttir**
**Magnús Sigurðsson** **Svanhildur Skarphéðinsdóttir**
**Hulda Sigurðardóttir** **Þorsteinn Pétursson**
**Eygló Anna Sigurðardóttir** **Karl Birgir Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurjóna Jóhanna Júlíusdóttir**

dvalarheimili aldraðra, Hulduhlíð,
við Bleiksárhlíð 56 á Eskifirði, áður til heimilis að Steinholtsvegi 8 á Eskifirði,

sem lést aðfaranótt þriðjudagsins 20. janúar síðastliðinn, verður jarðsett frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 31. janúar nk. kl. 14.00.

**Fyrir hönd barna, tengdabarna, barnabarna og barnabarnabarna,**

**Rafn Ingvarsson.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Steinunn Jónsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Hlíðarvegi 14, Ísafirði,

lést á Hrafnistu laugardaginn 24. janúar. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, föstudaginn 30. janúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks 3B á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Halldór M. Ólafsson**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Hálfdán Hauksson**
**Ólafur Á. Halldórsson** **Valgerður G. Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Þórisson**

Háeyrarvöllum 6, 820 Eyrarbakka,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 26. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þuríður S. Tómasdóttir**
**Guðríður Kristjánsdóttir** **Þröstur Bjarnason**
**Þórir Kristjánsson** **Þórey Gylfadóttir**
**Tómas Kristjánsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Guðfinna Kristjánsdóttir** **Snorri G. Sigurðarson**
**Sigríður Kristjánsdóttir** **Guðmundur M. Hermannsson**
**barnabörn.**

**ALAN ALDA ER 63 ÁRA Í DAG.**

*„Maður þarf ekki að vera ríkur og frægur til að vera hamingjusamur. Aðeins ríkur.“*

***Verðlaunaleikarinn Alan Alda varð þekktur á áttunda áratugnum sem Hawkeye Pierce í þáttunum M*A*S*H. Síðan þá hefur mest borið á honum í bitastæðum aukahlutverkum.***



**tímamót**

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 28. JANÚAR 1956

# *Elvis í sjónvarpið*



Rokk og ról kóngurinn Elvis Presley birtist í fyrsta sinn á sjónvarpsskjánum á þessum degi árið 1956. Það var í tónlistarþættinum Stage Show sem tónlistarmennirnir og bræðurnir Tommy og Jimmy Dorsey stjórnuðu. Í þessum þætti söng hann lögin Shake, rattle & roll, Flip flop & fly og I got a woman. Alls kom Elvis fram í sex Stage Show-þáttum og söng þar meðal annars lögin Blue suede shoes og Heartbreak hotel, sem skutust upp vinsældalistann eftir flutninginn.

Eftir þetta kom Elvis fram um haustið í hinum gríðarlega vinsæla sjónvarpsþætti Eds Sullivan, Toast of the Town. Þar söng hann lögin Don't be cruel, Love me tender, Ready teddy og Hound dog. Elvis vakti þá fyrst óskipta athygli og varð upp frá því gríðarlega vinsæll.

AGNES SIGURÐARDÓTTIR: HLÝTUR HVATNINGARVERÐLAUN FKA

# ÁÆTLAÐ AÐ FLYTJA ÚT KALDA



**BRUGGSMIÐJUSTJÓRI** Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi, hlaut hvatningarverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri í síðustu viku.

„Þetta var æðislegt, ég hef aldrei fengið svona stóra viðurkenningu,“ segir Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi, sem hlaut hvatningarverðlaun FKA, Félags kvenna í atvinnurekstri, fyrir athyglisvert frumkvæði.

„Við fórum suður, ég og maðurinn minn ásamt tveimur yngri börnunum. Við vorum á hóteli eina nótt og þótti rosalega gaman,“ segir Agnes glöð í bragði en bruggverksmiðjuna stofnuðu hún og maður hennar árið 2005.

„Maðurinn minn var menntaður skipstjóri en meiddi sig illa á fæti árið 2003 og gat ekki stundað sína vinnu. Við vorum að leita okkur að atvinnutækifærum sem er ekki mikið um á Árskógssandi, þar snýst allt um sjóinn,“ útskýrir Agnes sem á þessum tíma sá frétt í Ríkissjónvarpinu um lítil brugghús í Danmörku. „Við heilluðumst af hugmyndinni og viku síðar vorum við komin til Danmerkur að skoða þetta sama brugghús og var í fréttunum,“ segir Agnes. Þau hjónin gerðu sér grein fyrir að vanda þyrfti til verka enda aðeins tvö fyrirtæki á Íslandi sem framleiddu bjór á þeim tíma. „Við völdum í lið með okkur tékkneskan meistara sem heitir David Masa sem er gríðarlega klár og hann er hjartað í þessu hjá okkur.“

Bjórinn úr Bruggsmiðjunni á Árskógssandi heitir Kaldi. Agnes segir reksturinn hafa gengið ágætlega en þau hafi gert sér grein fyrir því að þetta yrði erfitt fyrstu árin. „Nú verður þetta bara erfitt aðeins lengur,“ segir Agnes innt eftir því hvernig efnahagsástandið fari með reksturinn. Þau hafi þó ekki þurft að segja neinum upp.

„Við erum enda ekki með neina yfirstjórn, skúrum sjálf gólfin og allir ganga í þau verk sem þarf,“ segir Agnes en um sex manns starfa hjá fyrirtækinu sem er dágóður fjöldi í 120 manna samfélagi.

Engin uppgjafartónn er í bruggsmiðjustjóranum þrátt fyrir árferðið. „Við höfum verið að framleiða rétt tæpa 300 þúsund lítra á ári en vorum að stækka og getum aukið framleiðslugetuna í 500 þúsund lítra,“ segir Agnes en hugað var að útflutningi strax eftir hrunið í október. „Við vildum vinna í því að skapa gjaldeyri og vonandi verður lending í þessu núna bráðlega,“ segir Agnes en hugmyndin er að flytja bjórinn út til Færeyja og Noregs.

**solveig@frettabladid.is**

# Leika í stofu Davíðs

Efnt verður til afmælishátíðar í Davíðshúsi á Akureyri í kvöld. Flutt verða tvö kammerverk, annars vegar Kvartett í D dúr fyrir þverflautu, fiðlu, víólu og selló eftir Mozart og hins vegar Strengjakvartett opus 12 í Es-dúr eftir Mendelssohn.

„Davíð Stefánsson var mikill unnandi sígildrar tónlistar og því fannst okkur tilhlýðilegt að efna til tónleika á heimili hans,“ segir Ásdís Arnardóttir sellóleikari.

Um þessar mundir eru því fagnað víða um heim að 200 ár eru liðin frá fæðingu þýska tónskáldsins Mendelsshohn. Hann var fæddur 3. febrúar 1809. Davíð var fæddur 21. janúar 1895 og Mozart þann 27. janúar 1756

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Aðgangur er ókeypis.



**HLJÓMSVEITIN** Ásdís Arnardóttir selló, Eydís Úlfarsdóttir víóla, Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðla, Petrea Óskarsdóttir þverflauta, Valmar Valjaots víóla og Zsuzsanna Bitay fiðla.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi og langafi,*

**Bjarni B. Ásgeirsson**

Efstaleiti 12,

andaðist laugardaginn 24. janúar. Útför hans verður gerð frá Neskirkju föstudaginn 30. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á **Neistann styrktarfélag hjartveikra barna. Sími: 552 57 44 eða Styrktarsjóð Parkinsonssamtakanna. Banki: 0111-26-25 Kennitala: 461289-1779.**

**Elín Guðmundsdóttir**
**Anna Rósa Bjarnadóttir** **Kristinn Héðinsson**
**Ásgeir G. Bjarnason** **Sigríður Hafberg**
**Guðrún Helga Bjarnadóttir** **Kristján Björnsson**
**Regína Bjarnadóttir** **Henry Alexander Henrysson**
**Guðrún Helgadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



✝

*Eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Kr. Torfason**

Spóahólum 8, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 13. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Lárusdóttir**
**Þórhildur J. Einarsdóttir** **Guðbrandur Kjartansson**
**Einar Þór Einarsson** **Guðrún Kristinsdóttir**
**Þorsteinn V. Baldvinsson** **Sigríður Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



...við prentum!
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 28. janúar 2009 – 4. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


Orðskýringin
Trúnaðar-upplýsingar
6





Carsten Valgreen
Vill erlenda banka í hluthafahóp nýju bankanna
2

Arnar Guðmundsson
Ég er enn mótmælandi
6



# Val um sænska leið eða suðurameríska

## Að taka upp ranga efnahagsstefnu gæti orðið þjóðinni dýrt. Ákveða þarf hvort hér eigi að viðhafa markaðsbúskap. Stýrivextir verða óbreyttir að sinni en þurfa að lækka hratt.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Ég tel að ástandið í efnahagsmálun nú sé hættulegra en nokkru sinni á lýðveldistímanum. Ákvarðanir á næstu dögum og vikum geta ráðið því hvort við verðum áfram meðal þeirra þjóða í heiminum sem njóta bestra lífskjara," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Hann á sæti í skuggabankastjórn Markaðarins, en hún kom saman í tilefni af því að Seðlabanki Íslands á samkvæmt dagskrá að ákveða stýrivexti á morgun.

Skuggabankastjórnin telur ekki svigrúm til vaxtabreytinga nú, þær verði að gera í tengslum við endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og afnám gjaldeyrishafta. Hér standi þjóðin hins vegar frammi fyrir vali um hvort hér eigi að markaðsbúskapur eða ekki.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir bankakreppur yfirleitt ganga hratt yfir ef rétt er á þeim tekið. „Hættan við þær er einkum sú að tekin verði upp röng efnahagsstefna í kjölfar þeirra. Svíþjóð varð miklu sterkara ríki eftir að hafa gengið í gegnum bankakreppu, en í Suður-Ameríku hafa lönd leiðst út í höft og pólitískan óstöðugleika í kjölfar bankakreppa. Valið stendur um suðuramerísku eða sænsku leiðina," segir hann.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir óljósa stefnumörkun í gjaldeyris- og peningamálum, upplausn á vettvangi stjórnmálanna og „algjört vantraust innanlands og utan á mikilvægum stofnunum" spilla möguleikum á að aflétta hér gjaldeyrishöftum. „Furðu gegnir að stjórnvöld hafi ekki eytt snjóhengju krónubréfa sem skapar hættu á frekara falli krónu verði viðskipti með gjaldeyri gefin frjáls. Samt væru viðsemjendur í þessu efni ekki nema örfáir erlendir aðilar, innan við tíu talsins," segir hann og telur að horfast þurfi í augu við að ekki sé víst að nokkurn tímann skapist skilyrði til að taka að nýju upp eðlileg gjaldeyrisviðskipti með krónuna. Þeim mun brýnna segir hann að undirbúa hér upptöku evru með fullri aðild að evrópska myntbandalaginu.

Þá segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, að stjórnvöldum hafi ekki tekist nógu vel upp að fylgja eftir sinni eigin efnahagsstefnu sem sett var fram í tengslum við aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í nóvember. „Það er því ekki lengur bara miðlunarferli peningastefnunnar sem er stíflað, heldur miðlunarferli efnahagsstefnunnar í heild. Stíflunа verður að losa tafarlaust með því að skipta um yfirstjórn í Seðlabanka og ráðuneytum. Það er hvorki tími né ástæða til að bíða eftir nefndaráliti um slíkar mannabreytingar, enda eru þær jafnframt forsenda þess að endurvinna traust á Íslandi bæði innanlands og utan."

Sjá miðopnu

# Evra gæti staðið við hlið krónu

Ein þeirra bráðaráðstafana sem Íslendingar gætu hugsanlega gripið til sem útleið úr peningamálakreppunni sem hrun krónunnar hefur leitt til, væri að gera evruna - eða annan traustan gjaldmiðil - að gjaldgengum gjaldmiðli, án formlegrar ákvörðunar um að leggja krónuna niður. Þetta er meðal hugmynda sem Willem H. Buiter, höfundur umtalaðrar skýrslu um veikleika íslenska bankakerfisins, kynnti í heimsókn sinni hingað til lands á dögunum.

Buiter varaði í fyrirlestri sínum í Háskóla Íslands á mánudag í síðustu viku eindregið við því að Íslendingar reyndu að taka upp evruna eða einhvern annan gjaldmiðil einhliða. Sem bráðaráðstöfun uns landið yrði komið á beinu brautina inn í Evrópusambandið og myntbandalagið væru tvær hugsanlegar leiðir færar.

Önnur væri að gera tímabundið samkomulag um að að nota gjaldmiðil annars norræns lands, svo sem Danmerkur eða Noregs. Og hin að gera evruna að gjaldgengri mynt, við hlið krónunnar. Það myndi leiða til þess að fljótlega yrði evran aðalgjaldmiðill. Þegar svo kæmi að því að ákveða lokagengið sem krónan yrði reiknuð á inn í evruna væri líklegt að síðustu krónuna í umferð yrði að finna „innrammaða uppi á vegg inni á skrifstofu seðlabankastjóra Íslands." - aa

# Höftin skila árangri



Breska pundið fór í rétt rúmar 167 krónur íslenskar í gær og hafði ekki verið veikara síðan í fyrstu viku desember á nýliðnu ári. Svipuðu máli gegnir um fleiri gjaldmiðla sem hafa ekki verið ódýrari í krónum talið á árinu.

Veiking pundsins skrifast bæði á daprar efnahagshorfur í Bretlandi sem hafa keyrt pundið niður gagnvart helstu gjaldmiðlum síðustu mánuði auk styrkingar krónu, sem endaði í 205 stigum í gær. Á sama tíma fór Bandaríkjadalur í 118 krónur og evran í 156 krónur.

Ekki liggur beint við hvað skýrir viðsnúninginn. Viðmælendur Markaðarins á gjaldeyrismörkuðum segja ekki útilokað að tekjur af útflutningi í desember séu að skila sér í hús en gjaldeyrishöftin valda því að tiltölulega lágar upphæðir þarf til að hreyfa við genginu. - jab

# Evran næst á dagskrá Dana

Upptaka evru er næst á dagskrá í peningamálastefnu Dana.

Svo sagði Nils Bernstein, seðlabankastjóri Danmerkur, í bréfi til Evrópunefndar danska þingsins fyrir viku. Í bréfinu bendir hann á að innleiðingin myndi ekki breyta miklu fyrir danska hagkerfið, gæti jafnvel komið því til góða til lengri tíma litið.

Upptaka evru í Danmörku var felld með naumum meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2000. Danska krónan hafði þá verið fasttengd evrunni í ár.

Bernstein telur innleiðinguna af hinu góða og væntir þess að aukið samstarf við evrusvæðið geti leitt til lækkunar vaxta og fjármagnskostnaðar á sama tíma og erlend fjárfesting aukist í Danaveldi. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Dýr mistök** | John Thain, fyrrverandi forstjóri Merrill Lynch, sagðist í bréfi til æðstu stjórnenda bankans í vikunni ætla að greiða fyrir endurbætur á skrifstofu sinni í fyrra. Endurbæturnar kostuðu bankann 1,2 milljónir dala, jafnvirði 413 milljóna króna. Þar á meðal voru kaup á teppi fyrir tíu milljón krónur og aðrir rándýrir munir.

**Verri spá** | Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) lækkar hagvaxtarspá sína fyrir árið á næstunni. Í síðustu spá í nóvember var reiknað með að hagvöxtur yrði 2,2 prósent á heimsvísu. Nýja spáin er talsvert dekkri en gert er ráð fyrir eins til 1,5 prósenta hagvexti á árinu.

**Kreppa í Bretlandi** | Hagvöxtur dróst saman um 1,5 prósent á síðasta fjórðungi síðasta árs. Þetta kemur til viðbótar 0,6 prósenta samdrætti á þriðja fjórðungi og merkir, samkvæmt þumalfingursreglum, að kreppa er komin að ströndum Bretlands.



**Sony í mínus** | Japanska tæknifyrirtækið Sony reiknar með að tapa 150 milljörðum jena, 216 milljörðum króna, vegna lélegrar afkomu á síðasta ári. Gangi það eftir verður þetta í fyrsta sinn í fjórtán ár sem mínus færist í bækur fyrirtækisins.

**Uppsagnir hjá Microsoft** | Hugbúnaðarrisinn Microsoft hefur boðað hagræðingu vegna samdráttar í upplýsingatækni. Brugðist verður við með uppsögnum fimm þúsund starfsmanna víða um heim næsta eina og hálfa árið. Þetta jafngildir fimm prósentum starfsmanna.




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -2,5% | -7,1% |
| Bakkavör | 3,5% | -17,7% |
| Eimskipafélagið | -0,8% | 3,2% |
| Icelandair | 0,5% | 0,1% |
| Marel | -4,3% | -16,2% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Straumur | 22,8% | -16,1% |
| Össur | -2,2% | -4,0% |

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvalsvísitalan OMXI15 321
Úrvalsvísitalan OMXI6 896*

# Hagnast á skortsölu

Bandaríski vogunarsjóðurinn Paulson & Co, hefur hagnast um 295 milljónir punda, jafnvirði 50 milljarða króna, með skortsölu á hlutabréfum í Royal Bank of Scotland frá í september í fyrra.

Sjóðurinn hefur sömuleiðis hagnast vel á sölu bréfa bresku bankanna Barclays og Lloyds, að sögn breska viðskiptadagblaðsins Financial Times.

Skortsölur voru gagnrýndar í aðdraganda fjármálakreppunnar enda talið að þær gætu valdið fyrirtækjum sem urðu fyrir barðinu á þeim óheyrilegu tjóni. Í kjölfarið voru skortsölur bannaðar beggja vegna Atlantsála. Bannið nær til nýrra viðskipta en ekki þeirra samninga sem voru í gildi þegar það var sett á, líkt og í tilviki Paulson & Co.

Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sem margir telja ábyrgan fyrir fjármálakreppunni, settist í ráðgjafanefnd sjóðsins um mitt síðasta ár.

Sjóðurinn tengist Íslandi óbeint en hann var ráðandi hluthafi í hollensku iðnsamsteypunni Stork þegar Eyrir Invest, Marel og Landsbankinn hófu vinnu við yfirtöku hennar árið 2006. - jab



**ALAN GREENSPAN** Fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna situr í ráðgjafanefnd vogunarsjóðs sem hefur hagnast vel á skortsölu á breskum bönkum upp á síðkastið. MARKAÐURINN/AFP

# Ný hjá Kaupþingi

Margrét Sveinsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri eignastýringar Nýja Kaupþings.

Margrét hefur starfað hjá Glitni frá 1990, fyrst hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka, síðar eignastýringu Glitnis. Nú síðasta var hún hjá Fjárstýringu bankans og sá meðal annars um samskipti við erlendar fjármálastofnanir. Hún hefur störf í febrúar. „Ég treysti henni mjög vel til að taka þátt í þeirri vegferð með okkur að byggja upp traust á bankanum á ný,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings. - jab

# Hluthafar Flögu fá rúm 200 þúsund

Frestur meirihluta hluthafa Flögu Group til að taka yfirtökutilboði bandaríska eignarhaldsfélagsins Flaga Holdings rann út í gær.

Eins og fram hefur komið í Markaðnum rambaði Flaga á barmi gjaldþrots þegar viðskiptabanki fyrirtækisins, Kaupþing, fór í þrot í október.

Í kjölfarið tryggði stærsti erlendi kröfuhafi Flögu áframhaldandi rekstur, viðskiptahagsmuni og skuldbindingar. Virði hlutafjár Flögu varð í kjölfarið einskis virði.

Flaga Holdings bauð öðrum hluthöfum málamyndagreiðslu, eina krónu á hlut. Samkvæmt því voru hlutabréf fyrir eina milljón króna metin á 700 krónur.

Um 470 hluthafar Flögu fengu tilboð í bréfin beggja vegna áramóta og hafa 120 framsalsbréf skilað sér.

Eigendur bréfanna hafa fengið greiddar samtals um hundrað þúsund krónur, sem er tæpur helmingur heildarfjárhæðarinnar, samkvæmt upplýsingum frá lögmannsstofunni Lex, sem fer með mál Flaga Holdings. - jab



**BÚNAÐUR SETTUR SAMAN** Flestum hluthöfum Flögu var birt yfirtökutilboð um áramótin. Frestur þeirra rann út í gær. Frestur þeirra sem fengu bréf síðar rennur út á næstu dögum. MARKAÐURINN/E.ÓL

# Norðmaður vildi miðlun Landsbanka

Norðmaðurinn Jon Harald Nordbrekken, stofnandi norska fjármálafyrirtækisins Bank2, reyndi að kaupa verðbréfamiðlun Landsbankans í Noregi fyrir jól.

Þetta segir norski vefmiðillinn E24. Miðillinn segir málið hafa strandað á óeiningu á milli skilanefndar Landsbankans og stjórnenda Bank2 og því ekkert orðið úr viðskiptunum.

Ekki náðist í Lárus Finnbogason, formann skilanefndar Landsbankans, vegna málsins í gær.

Bank2 sérhæfir sig í lánaumsýslu, endurfjármögnun og fyrirtækjalánum en hefur lengi áformað að bæta verðbréfamiðlun við starfsemina.



**Í DYRAGÆTTINNI** Norðmaður hafði hug á að fá starfsmenn verðbréfamiðlunar Landsbankans í Noregi til sín fyrir jól.

Skömmu eftir stofnun Bank2 árið 2005 reyndi fyrirtækið að kaupa verðbréfamiðlunina Norse Securities. Íslandsbanki, nú Glitnir, sem senn verður aftur að Íslandsbanka, hreppti hins vegar hnossið. - jab

# Bankana vantaði erlenda hluthafa

## Carsten Valgreen, fyrrum aðalhagfræðingur Danske Bank, vill dreifðara eignarhald á bönkunum við næstu einkavæðingu.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Ég er þess fullviss að hefðu stórir erlendir bankar verið á meðal ráðandi hluthafa í íslensku bönkunum þá hefði fall þeirra ekki haft eins víðtæk og sársaukafull áhrif og raunin varð. Þeim [bönkunum] hefði aldrei verið leyft að vaxa jafn hratt með þeim hætti sem þeir gerðu. Erlendir hluthafar hefðu passað upp á það,“ segir Carsten Valgreen, meðeigandi ráðgjafafyrirtækisins Benderly Economics.

Valgreen varð þekktur hér á landi sem aðalhagfræðingur Danke Bank þegar hann, ásamt öðrum, dró upp afar dökka mynd af íslensku uppsveiflunni í skýrslu bankans á vordögum 2006 og leiddi líkur að óhjákvæmilegri niðursveiflu. Fyrir vikið hlaut hann harða gagnrýni.

„Við hefðum mátt gera sumt betur í skýrslunni,“ segir Valgreen en bendir á að í meginatriðum hafi efni hennar snúist um gríðarlega skuldsetningu bankanna í erlendri mynt og hættuna sem af því stafaði. „Þá var þegar ljóst að bönkunum hafði verið leyft að vaxa umfram getu Seðlabankans, sem gat ekki reynst lánveitandi til þrautavara,“ segir hann. Breskir, bandarískir og evrópskir bankar hafi mátt vaxa eins og þeir gátu en seðlabankar þar hefðu einungis sett prentvélarnar í gang og prentað þá peninga sem upp á vantaði. Slíku var ekki að skipta hér enda þurftu bankarnir á erlendri mynt að halda. „Það er með eindæmum hvernig allt kerfið brást,“ segir hann og hristir höfuðið.

Hann bendir á að þótt miklir erfiðleikar steðji að víða um heim gegni öðru máli um Ísland enda hafi fáir horft upp á gjaldmiðil sinn verða næsta verðlausan.

Valgreen segir mikilvægt að byggja upp trúverðugleika hratt á ný. Bæði þurfi að púkka upp á krónuna með öllum tiltækum ráðum til skemmri tíma enda ljóst að innleiðing evru sé óframkvæmanleg eins og sakir standa. Nauðsynlegt sé að láta hana fljóta eins fljótt og auðið er, annað sé glapræði.



**CARSTEN VALGREEN** Fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank vill sjá dreift eignarhald á íslensku bönkunum. Hann hélt erindi um stöðu Íslands og erlenda fjármálamarkaði á árinu á ráðstefnu Alfa Fjárfestingaráðgjafar og Credit Suisse í gær. MARKAÐURINN/VILHELM

Hann segir raunar margt líkt með Íslandi og Lettlandi að einu atriði undanskildu. „Bankar í Lettlandi eru flestir útibú norrænna banka, svo sem þeirra sænsku, Enskilda og Swedbank. Þegar illa árar eða útibúin fara á hausinn þá finna sænsku bankarnir fyrir því, ekki þeir í Lettlandi. Þar munar um,“ segir Valgreen og bætir við að afleiðingar bankahrunsins hér hefðu verið mun vægari hefðu stórir erlendir bankar verið í hluthafahópi íslensku bankanna. Hefðu þeir á annað borð leyft mikinn vöxt og gríðarlega skuldsetningu bankanna hefði fallið lent að hluta á erlendu hluthöfunum. Á móti hefðu þeir getað virkað sem stuðpúðar þegar á þurfti að halda og opnað bönkunum aðgang að erlendu fjármagni. Stórir norrænir og þýskir bankar hefðu verið álitlegur kostur, að mati Valgreens. „Það má hafa þetta í huga þegar bankarnir verða einkavæddir aftur,“ segir Carsten Valgreen.

SÍMKERFI TIL LEIGU
EJS býður þér að leigja aðgang að símkerfi af fullkomnustu gerð!

HAGKVÆM LAUSN
- Engin fjárfesting í búnaði
- Ekki þörf á sérstökum símalínum
- Fjárfesting í gagnasamböndum nýtist til fulls
- Kostnaður verður þekktur og fyrirsjáanlegur
- Verð sem kemur þér á óvart!
- Hentar smáum sem stórum fyrirtækjum

SÍMKERFI AF FULLKOMNUSTU GERÐ
- Allar nýjustu tækninýjungar
- Sveigjanlegt símkerfi
- GSM símar geta verið þráðlausir innanhússímar
- IP-vætt símkerfi
- Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi
- Mörg símtæki í boði

ÖRYGGI OG REKSTUR
- EJS sér um rekstur símkerfisins
- Símkerfið er hýst í fullkomnum hýsingarsal EJS
- Símkerfið er vaktað 24/7

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000
EJS



# Þegar hagræðing skiptir öllu máli

**Skyggnir færir þér hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri tölvukerfa**

Í erfiðu árferði getur hagræðing skipt sköpum um afkomu í rekstri. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og stofnana hefur um árabil séð mikinn hag í því að nýta sér trausta þjónustu, ráðgjöf og reynslu Skyggnis í upplýsingatækni. Þeirra á meðal eru Icelandair, Eimskip, Fljótdalshérað, Kaffitár og Brimborg. Hafðu samband og fáðu að heyra hvað við getum gert fyrir þig.

**Við bjóðum meðal annars**
· Alrekstur tölvu- og samskiptakerfa
· Rekstrarhagræðingu
· Greiningu og ráðgjöf

Skyggnir er dótturfélag Nýherja og sérhæfir sig í rekstri tölvukerfa og lausnum sem auka áreiðanleika, lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Skyggnir býður enn fremur upp á öfluga þjónustu í net- og samskiptalausnum sem auka framleiðni og efla þjónustu fyrirtækja og stofnana.

Skyggnir

**Skyggnir höfuðstöðvar**, Urðarhvarfi 6 , sími 516 1000 | **Akureyri**, Skipagötu 18 , sími 516 1370 | **Neskaupstað**, Nesgötu 4, sími 516 1380 | **Egilsstöðum**, Miðási 1, sími 516 1380

# Sýndargjaldeyrir veldur áhyggjum

**Skuggabankastjórn Markaðarins telur brýnt að lækka stýrivexti hratt og sem fyrst. Það verði þó ekki gert nema í samhengi við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og afnám gjaldeyrishafta. Vextir verði því að vera óbreyttir á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans á morgun. *Óli Kristján Ármannsson* settist niður með skuggabankastjórninni og fór yfir stöðuna. Kallað er eftir mannaskiptum í stofnunum og ráðuneytum og réttum upplýsingum um gjaldeyrisforða þjóðarinnar.**




Skuggabankastjórn Markaðarins er á einu máli um að stýrivextir hér séu allt of háir, en þeir standa nú í 18 prósentum. Vextir verði hins vegar ekki lækkaðir nema í samhengi við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram í tengslum við lán og fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Endurskoðun og stöðumat á áætluninni fer fram með fulltrúum AGS í næsta mánuði og gæti því vaxtalækkun orðið á allra næstu vikum, að mati skuggabankastjórnarinnar. Ákvörðunin verði þá tekin að fenginni heildarsýn á stöðu hagkerfisins þar sem fyrir liggi trúverðugur vaxtaferill. Ljóst sé hins vegar að ákvörðunarvald um stýrivexti hvíli ekki einvörðungu hjá Seðlabanka Íslands, en samkvæmt áætlun kynnir hann ákvörðun sína um stýrivexti á morgun.

Skuggabankastjórnin lýsir hins vegar djúpum áhyggjum af stöðu efnahagsmála, sem og af stöðu Seðlabankans, en gjaldeyrisforði sá sem bankinn þykist hafa til að grípa kunni, að einhverju marki, að vera sýndarforði. „Rangar upplýsingar um gjaldeyrisforðann eru þáttur í því að menn telja að hér séu fleiri valmöguleikar í stöðunni en þeir eru í raun,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, en í nóvember gerði Landsbankinn athugasemdir við Seðlabankann vegna framsetningar upplýsinga um stöðu gjaldeyrisforðans.

Betri upplýsingar þurfa, að mati skuggabankastjórnarinnar, að liggja fyrir um skuldbindingar þjóðarinnar, kostnað og skuldastöðu svo hægt sé að grípa til markvissari ráða í efnahagsmálum. Þá sé raunveruleg hætta á að landið einangrist í viðvarandi gjaldeyrishöftum. Landið standi frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort við eigi að vera með markaðsbúskap eður ei. Landið sé á ákveðnum krossgöt-



**SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS** Óli Kr. Ásgeir Jónsson forstöðumann greiningardeildar Kaup kauphallarinnar, en þau skipa skuggabankastjórn Ma

## SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐ

### ÓLAFUR ÍSLEIFSSON
## Eldiviður verðbólgu er á þrotum



Stýrivextir eru 18 prósent og krónan í hafti. Þetta tvennt stangast á; annað hvort verður undan að láta.

Óljós stefnumörkun í gjaldeyris- og peningamálum, upplausn á stjórnmálavettvangi og algjört vantraust innanlands og utan á mikilvægum stofnunum spilla möguleikum á að létta af höftunum meðan þetta ástand varir. Furðu gegnir að stjórnvöld hafi ekki eytt snjóhengju krónubréfa sem skapar hættu á frekara falli krónu verði viðskipti með gjaldeyri gefin frjáls. Samt væru viðsemjendur í þessu efni ekki nema örfáir erlendir aðilar, innan við tíu talsins.

Eldiviður verðbólgunnar er þrotinn í ljósi samdráttar á öllum sviðum. Því dugir ekki að tefla henni fram sem rökum fyrir hávöxtum. Þetta þýðir að 18 prósenta stýrivextir (og 25 prósenta dráttarvextir!) hljóta að verða undan að láta. Meðan krónan er hneppt í fjötra er erfitt að sjá ástæður fyrir því að vextir séu hærri en til dæmis 5 til 6 prósent.

Stjórnvöld verða í þessu ljósi í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (já, hann hefir síðasta orðið) að ákveða skjótan og öruggan feril vaxtalækkana niður að þessum mörkum.

Horfast þarf í augu við að ekki er víst að nokkru sinni skapist skilyrði til að taka að nýju upp eðlileg gjaldeyrisviðskipti með krónuna. En í ljósi þess að frjáls gjaldeyris- og fjármálaviðskipti eru forsenda hagvaxtar og velmegunar er þeim mun brýnna að undirbúa að Íslendingar geti tekið upp evru sem fullgildir aðilar að evrópska myntbandalaginu.

**Niðurstaða: Óbreyttir stýrivextir**

### ÁSGEIR JÓNSSON
## Upplýsingagjöf ámælisverð



Vandamál Seðlabanka Íslands eru margþætt og snúa að fleiri þáttum en yfirstjórninni einni. Svo virðist sem bankinn hafi sett of mikla áherslu á að viðhalda hér raunvöxtum jákvæðum. Aðalábatinn við gjaldeyrishöftin átti að vera að við þyrftum ekki að hafa vexti jafnháa og þeir eru. Vextirnir verða hins vegar ekki lækkaðir nema að fyrir liggi ákvarðanir um hvernig hér verði leyst úr gjaldeyrisvandanum. Hátt vaxtastig eykur líka stöðugt á vandann sem hér fylgir jöklabréfafjárfestunum, vegna þeirra háu vaxta sem þeim þarf að greiða. Þannig væri skynsamlegt að taka hluta þeirra lána sem okkur standa nú til boða og kaupa þessa fjárfesta út.

Annar vandi Seðlabankans er að skráður forði er í raun ekki laus til útgreiðslu ef þörf kynni að kalla. Seðlabankinn hefur því ekki getað leyst úr vanda jöklabréfanna því hann hefur takmarkaðan gjaldeyri og sérkennilegt hvernig bankinn hefur staðið að upplýsingagjöf um gjaldeyrisstöðu sína. Þannig er fært sem gjaldeyrisforði veð í FIH sem veitt var gegn láni til Kaupþings í október og margvíslegir víxlar á gjalddaga.

Bankakreppur ganga yfirleitt hratt yfir ef rétt er á þeim tekið. Hættan við þær er einkum sú að tekin verði upp röng efnahagsstefna í kjölfar þeirra. Svíþjóð varð miklu sterkara ríki eftir að hafa gengið í gegnum bankakreppu, en í Suður-Ameríku hafa lönd leiðst út í höft og pólitískan óstöðugleika í kjölfar bankakreppa. Valið stendur um suður-amerísku, eða sænsku leiðina. Hér þarf að taka upplýstar ákvarðanir um næstu skref og þá stýrivaxtastig í samræmi við þá efnahagsáætlun sem lögð hefur verið fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

**Niðurstaða: Óbreyttir stýrivextir**

### ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON
## Hættuástand í efnahagsmálum



Vextir eru auðvitað alltof háir um þessar mundir. Það eru gjaldeyrishöft, heimili og fyrirtæki eru afar aðþrengd og horfurnar í efnahagslífinu eru dökkar. Verðbólgan er því nær eingöngu gengisdrifin. Engu að síður tel ég ekki hægt að lækka vextina að svo stöddu. Lækkun vaxta verður að mínu viti að byggja á samræmdri áætlun og einhverri sýn til næstu mánaða og missera. Rétti tíminn til að huga að lækkun er í kjölfar endurskoðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á stöðu og horfum í efnahagsmálum nú í febrúar. Í tengslum við þessa endurskoðun tel ég að við eigum að hefja vaxtalækkunarferlið á grunni skýrrar framtíðarsýnar og vel varðaðrar leiðar út úr þeim ógöngum sem við erum komin í.

Ég tel að ástandið í efnahagsmálum nú sé hættulegra en nokkru sinni áður á lýðveldistímanum. Ákvarðanir á næstu dögum og vikum geta ráðið því hvort við verðum áfram meðal þeirra þjóða í heiminum sem njóta bestra lífskjara. Það er því mikið í húfi – og niðurstaðan er að miklu leyti á okkar valdi.

**Niðurstaða: Óbreyttir stýrivextir**



**SEIGLA** er yfirskrift á námskeiði sem sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Marteinn Steinar Jónsson halda á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 19. febrúar. Þar verða meðal annars kynntar aðferðir til að byggja upp sjálfstraust.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






## Hófst þú nám í húsasmíði en laukst því ekki?

**Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur?**

**Vilt þú ljúka námi í húsasmíði?**

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400, frekari upplýsingar er jafnframt hægt að nálgast á **www.idan.is.**

Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á **radgjof@idan.is.**

Samskonar verkefni er verið að vinna í málaraiðn, vélvirkjun, stálsmíði, blikksmíði og matreiðslu.

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS




Hér er Hugrún í Gamla Stan með Södermalm í baksýn. Með henni á myndinni eru eiginmaðurinn Marteinn Geirsson, tengdadóttirin Unnur Anna Valdimarsdóttir, barnabarnið Lilja Hugrún Pétursdóttir og hundurinn Offi Pétursson heitinn. MYND/PÉTUR HAFLIÐI MARTEINSSON

# Kolféll fyrir Stokkhólmi

**Hugrún Pétursdóttir nýtur sín allra best í Feneyjum norðursins en þangað fer hún að minnsta kosti einu sinni á ári. Hún er jafn heilluð af gamla bænum, miðbænum og Skerjagarðinum margrómaða.**

Hugrún Pétursdóttir, sem starfar hjá VÍS, kom fyrst til Stokkhólms árið 1996 þegar sonur hennar flutti þangað. Hún kolféll fyrir borginni og fer þangað að minnsta kosti einu sinni á ári. „Það sem heillar mig við Stokkhólm er að mér finnst ég geta farið á milli staða án mikillar fyrirhafnar. Borgin er byggð á mörgum eyjum og er lestarkerfið alveg til fyrirmyndar. Jafnframt er lítið mál að ganga á milli staða.“

Borgin býður upp á allt það sem hugur Hugrúnar girnist. „Þar eru eðalveitingastaðir, iðandi menningar- og mannlíf, fallegar byggingar og ótal góð kaffihús.“ Hún segir Gamla Stan eða gamla bæinn ævintýri líkastan. „Þar er gengið um þröngar götur innan um gamlar byggingar og er allt krökkt af heillandi verslunum og veitingastöðum. Mér finnst dásamlegt að ganga upp á Stortorget, fara inn í Nóbelssafnið og sitja síðan úti og horfa á mannhafið. Þá finnst mér stundum ótrúlegt að ég sé stödd á Norðurlöndunum enda borgin oft kölluð Feneyjar norðursins,“ segir Hugrún, sem lítur svo á að Stokkhólmur sé eina heimsborg Norðurlandanna.

Í hinni eiginlegu miðborg Stokkhólms eru göngugötur, verslunargötur, viðskiptahverfi og úrval veitingastaða. „Þarna eru eiginlega mörg dönsk strik og hef ég aldrei skilið hvers vegna Íslendingar fara ekki í meira mæli til Stokkhólms til að versla. Sergeltorgið sem liggur niður með aðaljárnbrautarstöðinni er fullt af ungu fólki sem sýnir listir sínar, selur hönnun og ýmislegt fleira. Þarna er einnig Kulturhuset og stórar og fínar verslunarmiðstöðvar. Á Högtorginu eru svo grænmetis-, blóma- og ávaxtamarkaðir í úrvali.“

Þó að miðbærinn sé spennandi segir Hugrún mikilvægt að láta ekki hverfin í kring framhjá sér fara en hvert og eitt hefur sinn heillandi kjarna. „Til dæmis er gaman að koma til Vasastan en þar bjó Astrid Lindgren á gamals aldri. Á Södermalm er svo útsýni yfir alla borgina og margar fallegar kirkjur svo dæmi sé tekið. Þar hafa margir ungir hönnuðir komið sér fyrir.“

Hugrún segir ekki hægt að segja frá Stokkhólmi öðruvísi en að minnast á Djurgården. „Þangað er skemmtilegt að sigla með ferju og fara í tívolíið Gröna Lund, á Astrid Lindgren-safnið, Vasasafnið og í Dýragarðinn Skansen.“ Þá segir Hugrún ekkert jafnast á við að dvelja í litlum rauðum sumarhúsum í Skerjagarðinum margrómaða.

Hugrún segir að því fari víðs fjarri að Stokkhólmur sé bara sumardvalarstaður þó svo að borgin sé einna fallegust í sumarblóma. *vera@frettabladid.is*


Veldu gæði og trausta þjónustu

## Ertu í vandræðum í vetrarfærðinni ?

Bjóðum fría ástandsskoðun á dekkjum



**25%** **afsláttur** af hágæða Bridgestone loftbólu- og nagladekkjum fyrir fólksbíla og jeppa

**25%** **afsláttur** af míkróskurði og neglingu á fólksbíla og jeppadekkjum



Bridgestone loftbóludekk eru umhverfisvænn kostur
Engir naglar = minna svifryk

Við geymum dekkin á dekkjahóteli fyrir þig!

ALORKA HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

REYKJAVÍK - Tangarhöfði 15, **s. 577 3080**
AKUREYRI - Réttarhvammur 1, **s. 464 7900**
**www.alorka.is**

JEPPADEKK.is



**SHANGHAI JIAO TONG**-háskólinn birtir á ári hverju lista yfir 500 bestu háskóla heims. Samkvæmt honum var Harvard-háskóli í Bandaríkjunum í fyrsta sæti á síðasta ári. Stanford var í öðru, Berkeley í þriðja og Cambridge-háskóli í Bretlandi í því fjórða.

LJÓSIÐ
Langholtsvegi 43,
S.561 3770

**Námskeið fyrir aðstandendur börn, ungmenni og fullorðna sem eiga fjölskyldu eða ættingja sem hefur greinst með krabbamein**

**Námskeiðin hefjast í byrjun febrúar og eru aldursbilin 10-13 ára, 14-16 ára, 18-20 ára og fullorðnir.**

Námskeiðin hafa verið mjög vinsæl og fólk mælir með þeim.

**Umsjónarmenn fyrir barna og ungmennanámskeiðin eru:**
*Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfi, Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur og Sigríður B Valsdóttir leiklistarmeðferðarfræðingur.*

**Umsjónarmenn fyrir fullorðinsnámskeiðin eru:**
*Magnes B. Jónsdóttir sálfræðingur, Rósa Kristjánsdóttir djákni og Svanhvít Í. Hálfdánardóttir hjúkrunarfræðingur.*

Á námskeiðunum er farið í gegnum virka hlustun, traust, tjáningu, ágreining, kvíða, sjálfsstyrk, eflingu lífsgæða og stuðning við fjölskyldur.

**Námskeiðin er ókeypis.**

**Frekari upplýsingar eru á www.ljosid.is**
**Skráning fer fram hjá starfsfólki Ljóssins**
**í síma 5613770**



Þýskir og íslenskir nemendur sem tóku þátt í hljóðvarpsverkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Eiríkur Sturla Ólafsson, lektor í íslensku við Humboldt-háskóla, og Annika Grosse lektor í þýsku við HÍ.

# Íslandsáhugi í Þýskalandi

**Þýskir íslenskunemar við Humboldt-háskólann í Berlín sóttu Ísland heim á dögunum og unnu að hljóðvarpsverkefni í samstarfi við þýskunema við Háskóla Íslands.**

Íslenska með þýskum hreim, og þýska með íslenskum hreim hljómaði um ganga Nýja Garðs þegar blaðamann bar að garði. Þar voru á ferð þýskunemar við Háskóla Íslands sem í samstarfi við íslenskunema við Humboldt-háskólann í Berlín voru að búa til svokallað podcast, eða hljóðvarp, sem er hljóðskrá sem hægt er að hlaða niður af netinu og á til dæmis ipod.

„Við búum til þætti sem tengjast að einhverju leyti löndunum sjálfum," segir Eiríkur Sturla Ólafsson, lektor í íslensku við Humboldt-háskóla, sem var hér í heimsókn með nemendur sína. „Ég læt krakkana leita uppi þætti sem tengjast Íslandi: menningu, pólitík, bókmenntir eða hvað sem er," segir Eiríkur en til að mynda gerði einn hópurinn verkefni um sundferðir Íslendinga og fannst mjög spennandi.

Þýsku íslenskunemarnir voru að endurgjalda heimsókn íslensku þýskunemanna til Berlínar í nóvember. „Þar gerðum við svipað verkefni um upplifun þeirra á Þjóðverjum," segir Annika Grosse lektor í þýsku við Háskóla Íslands.

Þýsku nemendurnir dvöldu hér í viku. „Ég reyndi að vera með nógu mikla dagskrá til að þetta gæti kallast námsferð en nógu litla til að þau gætu gert eitthvað fyrir sig sjálf," útskýrir Eiríkur en þegar rætt var við hann höfðu nemendurnir þegar farið á Þjóðminjasafnið, skoðað háskólann, farið á Alþingi, skoðað handritasafnið og þýska sendiráðið.

Eiríkur segir mikinn íslenskuáhuga í Þýskalandi. „Boðið er upp á íslenskunám í að ég held sjö háskólum í Þýskalandi, tveimur háskólum í Sviss og einum í Austurríki," segir Eiríkur en í Berlín er stærsta skorin fyrir skandinavísk tungumál en þar eru um 70 manns að læra íslensku eða íslenskutengdar greinar.

*solveig@frettabladid.is*

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




**VÍSIR.IS**
**LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS**

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum 35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði frétta og upplýsinga skiptir höfuðmáli í nútíma samfélagi !

vísir.is
...ég sá það á vísir.is

*Skv. vefmælingu Creditinfo Ísland 16-30.september 2008

# Gott viðhald borgar sig

**Útgjöld vegna bifreiðar geta vegið þungt í bókhaldi heimilanna en auk eldsneytiskostnaðar geta hlutir bilað. Með reglulegu viðhaldi má halda kostnaði niðri og skipuleggja útgjöld vegna viðgerða.**

„Í því fjármálaumhverfi sem við búum nú í á fólk ekki allt of mikla peninga og bílarnir eldast. En það er betra að setja peninga í viðhald heldur en að láta hlutina drabbast því þá kosta þeir bara meira," segir Jóhannes Jóhannsson hjá Toyota.

Hann segir að eitt af því mikilvægasta sé að láta smyrja bíl reglulega. Ef ekki er hugað að olíuskiptum geti tjón vegna vélarbilunar hlaupið á tugum og jafnvel hundruðum þúsunda króna. Einnig sé mikilvægt að láta yfirfara bílinn eftir hverja 15.000 kílómetra og fá upplýsingar um ástand hans.

„Fagaðilar geta gefið kostnaðaráætlun fyrir það sem þarf að gera og hvenær þurfi að gera það. Þá getur fólk skipulagt sín fjármál betur þegar vitað er hvaða kostnaður bíður eftir einhvern áætlaðan tíma," segir Jóhannes og mælir með því að fólk leiti til viðurkenndra þjónustuaðila. „Það er að mínu mati engin spurning vegna þeirrar gríðarlegu þekkingar og þjálfunar sem til dæmis tæknimenn okkar hjá Toyota/Lexus hafa fengið. Í yfirferð er farið yfir alla slitfleti, til dæmis bremsur, fjöðrunarkerfi, drifrás og eins er athugað hvort einhverjar bilanir eru í tölvukerfum og stjórnkerfum bíls. Svo eru þeir hlutir sem við getum gert sjálf til að viðhalda verðgildi bílsins eins og að þrífa og bóna bílana líka mikilvægir. Það er miklu skemmtilegra að aka um á hreinum bíl."



„Betra er að setja peninga í viðhald en að láta hlutina drabbast," segir Jóhannes Jóhannsson hjá Toyota. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til að vernda lakkið á bílunum bendir Jóhannes á að bletta strax í lítil sár eftir grjótkast svo ekki ryðgi út frá þeim. Sniðugt sé að fjárfesta í litlu setti sem innihaldi lakk í lit bílsins, lítinn bursta og svo glært lakk. Jóhannes vill einnig benda fólki á vistakstur til að halda eldsneytiskostnaði niðri.

„Fólk eyðir óþarfa eldsneyti á bílinn bara með því hvernig það notar hann. Til dæmis á ekki að vera með óþarfa drasl í bílnum sem þyngir hann, hafa réttan loftþrýsting í dekkjum, ekki vera með afturrúðuhitarann alltaf í gangi því það eyðir óþarfa rafmagni og kostar bensín. Inni á heimasíðu Toyota er svo að finna upplýsingar um vistakstur og ávinning hans, en til lengri tíma getur hann sparað okkur peninga."

*heida@frettabladid.is*





BIFREIÐA VERKSTÆÐI VÖKU
það þarf ekki alltaf að vera dýrt
dekk
bremsur
almennar viðgerðir
VAKA
Eldshöfða 6 | Sími 567 6700

HLEÐSLUTÆKI
SJÁLFVIRK
Margar stærðir - 6v / 12v / 24v 0,8A - 25A



Snilldartæki sem mega vera í sambandi allt árið og geta hlaðið allar gerðir rafgeyma.
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is




Fjöldi glæsilegra gistivalkosta í boði!
– nánar á www.heimsferdir.is

frá 79.950
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Minerva Jupiter Apartments, 21. og 28. maí, 18. og 25. júní, 27. ágúst, 3., 10. og 17. september.

– með hálfu fæði frá 89.950
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Los Palomas í viku með hálfu fæði, 21. og 28. maí.

– með allt innifalið frá 97.670
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Roc Flamingo í viku með allt innifalið, 21. og 28. maí.

Glæsileg páskaferð
- 10 nætur frá
kr. 89.950
Mjög takmarkaður sætafjöldi í boði um páskana!
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Minerva Jupiter Apartments, 4. apríl.

Frábær vorferð
- 18 nætur frá
kr. 92.690
Frábærir gististaðir í boði á einstökum kjörum!
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 18 nætur á Aguamarina, 3. maí. Netverð á mann í tvíbýli með morgunverð á Hotel Los Arcos kr. 107.000. Aukagjald fyrir hálft fæði kr. 12.800.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Veldu traustan ferðafélaga í sumar!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

ALLT

512 5447
auglýsingasími

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Motor sport



**Útsala!**
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fáanlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.



**Útsala!**
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sótthreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

TOYOTA SELFOSSI



Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka ! 4WD eða 2WD skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við Carinu árgerð 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppí 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



**OFURTILBOÐ 1.690 þ.**
HONDA ACCORD SPORT árgþ 2/2006,

ek. aðeins 26 þ. km, 2.0L 155 Hö., Sjálfskiptur steptronic, Hálfleðraður, Álfelgur, Ásett verð 2.290þ. Arnarbílar - Malarhöfða 2. S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

100 bílar.is bílasala



CHEVROLET TAHOE 4X4, árg. 2002, ek.102þús.km, sjálfsk, leður, rafmagn, Flottur jeppi á frábæru verði!! Tilboðs verð aðeins 1199þús.kr, Ásett 2100þús. kr,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Til sölu Land Rover Defender árg. '99 ek. 160 þús. Er í góðu ástandi, ný 37" dekk. V. 1,5 milj. Uppl. í s. 897 3064.



Mjög góður Ford Focus Caravan 1.6, rauður, árg. '00. Ek. 130 þ.km. S. 616 2597.

VW Vento '97 sumar & vetrard. Ökufær en þarfnast lagfæringar. 60þ. Halldór 663 5391.

### 0-250 þús.



**SJÁLFSKIPTUR EK. AÐEINS 90 ÞÚS. TILBOÐ 195 ÞÚS.!!!**
Suzuki Baleno árg. '97, ek. aðeins 90 þús. sjálfskiptur, skoðaður út árið, rafmagn í rúðum, sparneytinn og góður bíll. Bifreiðagjöld greidd. Ásett verð 290 þús. TILBOÐ 195 þús. S. 841 8955.

Ódýrir, góðir bílar!! Corolla árg. '96. 5 d. Sk. '10. V. 95 þ. Carina E árg. '94. Ssk. Ný sk. V. 110 þ. S. 844 6609.

Til sölu VW Golf árg. '95 sk. '09 án ath. Verð 80 þús. Uppl. í s. 663 0021.

### Bílar óskast

Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

**Nú er tími notaðra bíla**
Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska eftir bíl í skiptum fyrir 3 ára vto vespu, slétt skipti. S. 660 6707.

Óska eftir eldri gerð af Toyotu, góðum bíll. Uppl. í s. 865 8414.

Óska e.að kaupa gamla Toyota/Hyundai sendib.og Peugeot 504/505. Nán.uppl. í s. 661 2222.

**Óskum eftir eftirfarandi bifreiðum til kaups:**
Allt staðgreitt .Toyota Hi lux, Toyota hiace ,Mcc L-200 Toyota landcricer nissan pikkup nissan sunny Honda crv Árgerðir Frá 1986-1997 Verð frá 15-400 þús Bílabankinn 588-0700 Avar@bilabankinn.is Bílarnir þurfa ekki að vera í topp standi, mega vera ryðgaðir og bilaðir.

**Staðgreiðsla í boði. 200-500 þ.**
Átt þú bíl/jeppa árg 2000 eða yngri, ek undir 140.þ, Sem þú ert til í að láta fara töluvert undir gangverði ? Endilega hafðu samband á BFS@VISIR.IS

### Jeppar

GMC Sierra 1500, '96, 6,5 diesel, Pallhús. Verð 650 þ. Skipti mögul. á ódýrari. S. 482 3830 & 662 1060.

### Vörubílar

**www.trukkur.is**
**Óskum eftir vörubílum og vinnuvélum allskonar á skrá. Allar tegundir koma til greina. Vinsamlegast sendið myndir af tækjum, ásamt fastanúmeri/vinnuvélanúmeri á: trukkur@trukkur.is, Örn sími 893-8327**

### Tjaldvagnar

Combi Camp Árg'03 Fortjald, Geyslukassi, svefntjöld, einangrun ofl ásett verð 600Þ tilboð 450Þ Ath skipti á litlum bíl! upl 8947737

### Vinnuvélar



Nýr 12 þús. L vatnstankur úr áli fyrir krókheysi með öllum búnaði til sölu. Verðtilboð. S. 869 4787.

**Liebherr kranar/ vinnuvélar**
Óska eftir Liebherr krönum árg. frá 2000-2008. Einnig traktorsgröfum (JCB, Case, Fermec og Cat), gömlum og nýjum. Uppl. í s. 693 6445.

### Bílaþjónusta

N1
Ef varahluturinn er til - þá er hann til hjá okkur.
Nýttu þér framúrskarandi þekkingu og þjónustu ásamt úrvalinu á stærsta varahlutalager landsins fyrir allar tegundir bíla.
Gerðu vel við bílinn þinn!
N1 440 1000 N1.IS

### Hjólbarðar

Jeppadekk
20%
Hjólbarða Grafarvogs Verkstæði
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

**Dekk**
195y-70-15". Vantar 4 stk. heilsársdekk undir FordTransitt sendibíl. S. 863 3328 / 896 3420.

### Varahlutir

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Til sölu

Varahlutir
í vinnuvélar og tæki á góðu verði
HRAUNTAK
HRAUNTAK - SKÚTAHRAUNI 11 - S. 580 1500 - WWW.HRAUNTAK.IS

### Þjónusta

AFL BINDING ehf.
JÁRNABINDINGAFÉLAG
Pantað í dag – afgreitt á morgun
Klippum og beygjum kambstál.
Framleiðum bita, körfur og súlur eftir teikningum
S. 692-8027 / 660-6150 • skrifstofa@aflbinding.is

### Viðgerðir

Ódýrari bílaviðgerðir
Allar almennar bílaviðgerðir.
Gerðu verðsamanburð og fáðu fast verðtilboð.
Hröð og góð þjónusta.
Verklaginn ehf.
Vagnhöfða 8
S. 517 2010 & 662 6009

## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar

Atlö
Þrif & Viðhald
Hreingerningar • Flutningsþrif
Gólfbónun • Teppahreinsun
• Húsgagnahreinsun •
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

### Garðyrkja

**Trjáfellingar**
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Hellulagnir, smágröfuþjónusta, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

skýrslur & skil

Bjóðum upp á alhliða bókhaldsþjónustu og rekstrarráðgjöf (bókhald, reikningagerð, laun, vsk, stofnun félaga, ársreikninga og skattframtöl) Sími 534 0040.

Bókhald, Framtalsaðstoð, VSK uppgjör, Stofnun EHF, Fjármálaráðgjöf, o.fl.,Hagstætt verð. S. 517 3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, skattskýrslur, laun og vsk. Lækkaðu kostaðinn. S. 699 7371, Bónusbókhald ehf.

Bókhald, launavinnsla og ársuppgjör minni og meðalstórra fyrirtækja, s.8459944

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

### Fjármál

ATOZ

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

**Meðeigandi óskast**
Erum með góðan rekstur og vantar samstarfsaðila með fjármagn. Uppl. s: 897-3308

### Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Úti og inni. Uppl. í s. 869 3934.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

**Búslóðaflutningar S. 555 6363 & 899 7188.**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla.

**Búslóðaflutningar**
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

### Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira.
Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
Erum að bóka inn fyrir árið!
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

VANTAR ÞIG
RAFVIRKJA
MÁLARA
FLÍSARA
PÍPARA
Sími: 511-1707
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist

BORTÆKNI
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

# nýsköpun

MIÐVIKUDAGUR 28. JANÚAR 2009

## Spennandi ár fram undan

**Mentor kominn með 500 skóla í viðskipti í Svíþjóð.**

SÍÐA 4.





MYND/KRISTJÁN MAACK

FRÉTTABLAÐIÐ

SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR

**Heilsuleikskólinn Kór – Kópavogi**



Við hjá Heilsuleikskólanum Kór erum að auglýsa eftir matráði í framtíðarstarf sem getur hafið störf við fyrsta tækifæri.

Hafðu samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Kópavogi þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar **www.skolar.is** eða hafa samband við Bjarneyju leikskólastjóra í síma 570-4940. Einnig er hægt að senda tölvupóst á kor@skolar.is

**Nýr ungbarnaleikskóli í Sólheimum, Reykjavík**

**Vilt þú taka þátt í að þróa Heilsustefnu í ungbarnaleikskóla?**



Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur.
Við leitum að deildarstjóra til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.

Leikskólinn er tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 3ja ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.



Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir skólastjóri í síma 563-7730. Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á **www.skolar.is**



**Starfsorka er nýtt átaksverkefni sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að ráða fólk í atvinnuleit.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stefnum á að allir græði

**Starfsorka er nýtt átaksverkefni með það að markmiði að auðvelda fyrirtækjum að ráða fólk í atvinnuleit.**

Verkefnið Starfsorka er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Verkefnið byggir á reglugerð félagsmálaráðherra sem gefin var út 9. janúar síðastliðinn og er þríhliða samningur milli Vinnumálastofnunar, fyrirtækis og atvinnuleitanda um ráðningu í störf sem lúta að nýsköpun og þróun og greiðslu atvinnuleysisbóta,“ segir Sigurður Steingrímsson, verkefnisstjóri hjá Impru.

„Við erum með samstarf um framkvæmd ákveðins þáttar í þessari reglugerð og sá þáttur lýtur að frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana þar sem fyrirtæki sem ætla að ráðast í frekari nýsköpun og þróun geta sótt um að taka þátt,“ segir Sigurður. Forsendur fyrir þátttöku eru að fyrirtæki séu að vinna að nýsköpun eða þróun. „Þá sækja fyrirtækin um að ráða starfsmenn af atvinnuleitendaskrá hjá Vinnumálastofnun til þessara verkefna.“

Impra og Nýsköpunarmiðstöð meta hvort umsóknir fullnægja kröfum sem gerðar eru um nýsköpun og þróun sem og aðra þætti



**Sigurður telur verkefnið Starfsorku vera ávinning fyrir alla sem að því koma.** MYND/SELMA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR

sem þarf að uppfylla. „Þegar búið er að meta þetta getur fyrirtækið, með aðstoð Vinnumálastofnunar, leitað að fólki á atvinnuleitendaskrá.

Þegar rétti aðilinn er fundinn er gerður samningur við Vinnumálastofnun um að fyrirtækið fái grunnatvinnuleysisbætur greiddar til sín en fyrirtækið gerir venjulegan ráðningarsamning við atvinnuleitandann sem fær þá laun greidd frá fyrirtækinu,“ útskýrir Sigurður og heldur áfram: „Þetta geta fyrirtæki gert til sex mánaða og ef verkefnin ganga vel þá er hægt að framlengja samninginn um sex mánuði til viðbótar þannig að hér getur verið um tólf mánaða tímabil að ræða.“

Í matinu sem fyrirtækin fara í gegnum er meðal annars metið hvort starfið hafi áhrif á samkeppni innanlands. „Eitt af lykilatriðunum er að þetta má ekki raska samkeppni innanlands. Flest fyrirtækin herja á erlendan markað þannig að samkeppni innanlands er óveruleg,“ segir hann.

Að sögn Sigurðar er þetta ávinningur fyrir alla. „Í þessu getur líka verið fólginn ávinningur fyrir nýsköpun og þróun í landinu því þarna geta fyrirtæki aukið þessa áherslu. Það er alltaf hætt við því þegar fyrirtæki ganga í gegnum erfið tímabil, líkt og nú er, að þau skerði eða leggi minni áherslu á nýsköpun og þróun,“ segir hann og bætir við að verkefnið sé hugsað til þess að styðja við sprotafyrirtæki í landinu. „Fyrirtæki verða þó að bæta við starfsmönnum. Ekki er leyfilegt að segja upp og ráða aftur á þessum forsendum,“ segir Sigurður og brosir. „Við fylgjum verkefninu eftir og skilað er skýrslum um gang þess.“

Verkefnið miðar að vexti og aukningu. „Margt hæft fólk hefur misst störf sín undanfarið og getur lagt fram krafta sína í svona samstarfi. Þessi stuðningur getur síðan leitt til þess að starfsmennirnir eru ráðnir áfram,“ segir Sigurður bjartsýnn. Rafræna umsókn er að finna á vef Impru www.impra.is. *- hs*

# Kennt í sýndarveruleika

Þeir Guðmundur Bogason og Oddur Oddsson vinna, undir heitinu Vilab, að hönnun tölvugerðs sýndarveruleika sem er hægt að nýta til kennslu, þjálfunar og kynninga.

„Við erum í samstarfi við danska fyrirtækið Virtual Lab ApS og tökum að okkur verkefni frá þeim,“ segir Guðmundur en Vilab fékk nýverið aðstöðu í Kvosinni, nýju viðskiptasetri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. „Danska fyrirtækið hefur verið að byggja olíuborpall í sýndarveruleikaumhverfi en tilgangurinn er sá að fólk geti æft verkferla, kynnt sér starfsemina á vinnusvæðinu og æft ýmis öryggisatriði. Starfsmenn geta til dæmis æft sig í því að yfirgefa pallinn ef hætta steðjar að en rannsóknir benda til þess að viðbrögð manna í sýndarveruleika séu þau sömu og í raunveruleikanum,“ segir Guðmundur.

Forrit sem þetta má nota til að herma eftir hvaða aðstæðum sem er og eru möguleikarnir óþrjótandi. „Við erum í raun bara að þróa grunnforrit sem er hægt að byggja hvaða sýndarveruleika sem er ofan á. Ég hef til dæmis verið að kynna þetta fyrir lagnadeildum iðnskólanna en nemendur geta þá æft sig í því að leggja rör og lagnir í sýndarveruleika áður en þeir hefjast handa við að gera það í raunverulegum aðstæðum.“



**Þeir Guðmundur og Oddur eru með aðstöðu í nýju viðskiptasetri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í húsnæði Glitnis við Lækjargötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilab hefur einnig viðrað þá hugmynd með Hönnunarsafni Íslands að byggja samnorrænt sýndarveruleikasafn á netinu sem öll Norðurlöndin munu eiga aðild að. „Hugmyndin er að fólk geti þá gengið um stórt og fallegt hús, skoðað hönnun frá hinum ýmsu Norðurlöndum, borið hana saman og fengið upplýsingar um verkin.“ *- ve*


Íslenskt hugvit
– okkar hagur!
Veljum íslenskt!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

**Starfsorka**

**Vantar þig starfskraft við nýsköpun?**

Fyrirtæki sem vilja byrja á nýsköpunarverkefnum eða auka við núverandi starfsemi í nýsköpun og þróun geta nú tekið þátt í verkefninu **Starfsorku**.

Þátttakendur í **Starforku** geta ráðið starfsfólk af atvinnuleitendaskrá til verkefna við nýsköpun og þróun og fengið grunnatvinnuleysisbætur greiddar frá Vinnumálastofnun með hverjum starfsmanni í allt að tólf mánuði.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað fyrir **Starfsorku** er á vef Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, **www.impra.is**, og hjá Sigurði Steingrímssyni, sigurdurs@nmi.is eða í síma 522 9000.

Félagsmálaráðuneyti — VINNUMÁLASTOFNUN — Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**TENGIR**

- framtíðin er ljós

Við erum á Akureyri

Við erum 93% í eigu Akureyringa

Við rekum öflugasta fjarskiptakerfi

á norðurlandi fyrir gagnaflutning,

Internet, Sjónvarp og Síma

**Við erum Framtíðin**

S: 460 1300 - LJOS@TENGIR.IS

**Auglýsingasími**

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið



Bygg er ræktað í vatnsrækt á færiböndum í hátæknigróðurhúsi við Grindavík. MYND/ KRISTJÁN MAACK/ MEÐ LEYFI



Björn Lárus Örvar framkvæmdastjóri ORF líftækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Prótín í snyrtivörur og lyf

**ORF líftækni hf. lætur ekki deigan síga í slæmu árferði. Ætlunin er að ráða fjóra markaðssérfræðinga, ná enn fleiri samningum við dreifiaðila um allan heim og koma á fót úrvinnslustöð til að vinna prótín úr byggi sem ræktað er í hátæknigróðurhúsi við Grindavík.**

ORF Líftækni hf., sem stofnað var í árslok 2000, framleiðir sérvirkt prótín sem notað er í læknisrannsóknir, lyfjaþróun og snyrtivörur. „Framleiðslukerfið sem við höfum þróað byggist á því að nota byggfræið sem verksmiðju fyrir þessi sérvirku prótín,“ segir Björn Lárus Örvar framkvæmdastjóri ORF líftækni.

Græna smiðjan er hátæknigróðurhús ORF við Grindavík. „Þar er allt byggið ræktað í vatnsrækt á færiböndum. Síðan er það uppskorið og fræin fara í frekari hreinsun þar sem þetta sérvirka prótín er hreinsað úr,“ útskýrir Björn en ORF er þegar komið með nítján mismunandi vaxtaþætti á markað. ORF er með tvær vörulínur, eina fyrir læknisrannsóknir og hina fyrir snyrtivöruiðnaðinn. En hver er kostur þess að vinna slík prótín úr byggi? „Við notum erfðatækni til að vinna prótínin úr bygginu. Í dag eru þessi prótín fyrst og fremst framleidd í bakteríum og spendýrafrumum og það eru ýmsir ókostir við það, bæði sem snúa að gæðum og framleiðslukostnaði. Við teljum að með því að framleiða þetta í svona grænu kerfi séum við að framleiða bæði vaxtaþætti sem eru meiri að gæðum og getum dregið verulega úr framleiðslukostnaði,“ útskýrir Björn og tekur fram að langan tíma hafi tekið að komast á þann stað sem fyrirtækið sé í dag. Nú sé hins vegar boltinn farinn að rúlla og í deiglunni er að auka framleiðslu og koma vörunni á markað.

„Við erum með mjög mörg sérvirk prótín í pípunum. Fram að þessu hefur þetta fyrst og fremst snúist um að þróa framleiðslukerfið en núna erum við farnir að breyta um áherslur og nú er fyrst og fremst áherslan á markaðs- og sölumál,“ segir Björn en hingað til hefur einn markaðsfræðingur starfað hjá fyrirtækinu en nú á að bæta við fjórum til viðbótar.

Aðalmarkaður ORF Líftækni er erlendis. Fyrirtækið hefur þegar gert samninga við snyrtivörufyrirtæki í Kóreu og er í samningaviðræðum við bandarísk fyrirtæki og fyrirtæki í fleiri löndum. Auk þess hafa sérvirku prótínin verið seld í læknisrannsóknir til Evrópu og Norður-Ameríku en nú er lögð áhersla á að ná samningum við fleiri dreifiaðila en ORF er þegar með dreifiaðila í Þýskalandi, Bretlandi, Japan, Kóreu, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Annað stórt verkefni ORF er að afla fjár til að koma á fót úrvinnslustöð við Grænu smiðjuna. Á Keldnaholti þar sem ORF hefur aðstöðu er aðeins mögulegt að hreinsa litla skammta. „Ef við ætlum virkilega að gera okkur gjaldgenga á þessum markaði verðum við að geta framleitt stærri skammta,“ segir Björn sem er nokkuð bjartsýnn á að fjármagn fáist í verkefnið þrátt fyrir slæmt árferði. „Það verður að halda áfram uppbyggingu á atvinnugreinum og þar sem við sækjum eingöngu á erlenda markaði erum við ágætlega settir,“ segir Björn og tekur fram að ORF þyki nokkuð sérstakt á mörkuðum erlendis. „Varan okkar og kerfið þykir nýstárlegt og sérstakt og því erum við ekki svartsýnir.“ *- sg*

# Þjónustar 500 skóla í Svíþjóð

Foreldrar og kennarar á Íslandi hafa í auknum mæli nýtt sér þjónustu Mentors. Fyrirtækið leggur grunnskólum landsins til lausnir auk þess sem vefsíðan www.mentor.is gerir samskipti innan skóla skilvirkari og eykur upplýsingagjöf til foreldra.

Fyrirtækið hefur verið í þróun frá árinu 1990 en Mentor sjálft var stofnað árið 2000. „Við erum með mjög sterka stöðu í nánast öllum grunnskólum landsins. Allir kennarar og foreldrar grunnskólabarna hafa aðgang að okkar kerfi,“ segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, og vill meina að Ísland sé besti staðurinn til að þróa uppsetningarkerfi fyrir skóla.

Mentor starfar þó ekki einvörðungu á Íslandi. „Árið 2005 fórum við að fikra okkur til útlanda. Við byrjuðum með einn þróunarskóla í Svíþjóð,“ segir Vilborg en fljótlega fór Mentor í samstarf við sænskan aðila árið 2007. „Þá kom nýsköpunarsjóður inn í Mentor og hlutirnir byrjuðu að rúlla,“ segir Vilborg en árið 2008 óx Mentor mikið. „Við erum núna með 500 skóla í Svíþjóð í viðskiptum. Þetta fer hratt vaxandi og mjög spennandi ár er fram undan,“ segir Vilborg og tekur fram að íslenskir grunnskólar njóti einnig útrásarinnar þar sem aukinn kraftur hafi verið settur í þróun á lausninni.

Áætlanir eru um enn meiri útvíkkun, en Mentor, eða InfoMentor eins og það kallast erlendis, er þegar komið með þróunarskóla í Englandi og Sviss.



Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, segir spennandi ár fram undan hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir útrásina skapast störf fyrir Íslendinga í gegnum verkefnið. „Hjartað slær á Íslandi enda fer öll þróunarvinna fram hér á landi,“ segir Vilborg. *- sg*



Svana telur ýmsa hagræðingu geta hlotist af útflutningi á hugbúnaðarlausn sem Stiki hefur hannað til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hagræðing í heilbrigðiskerfi

**Upplýsingafyrirtækið Stiki, sem sérhæfir sig í hugbúnaðarþróun og ráðgjöf, á nú í viðræðum við aðila í Bretlandi, á Írlandi og í Skandinavíu um útflutning á hugbúnaðarlausn sem það hefur hannað til að meta gæði heilbrigðisþjónustu.**

Að sögn Svönu Helenar Björnsdóttur, eiganda og framkvæmdastjóra Stika, hefur útflutningur ýmsa hagræðingu í för með sér.

„Með því móti gætum við til dæmis þróað fjölþættara og betra kerfi en við erum með í höndunum. Þetta myndi líka lækka kostnað af notkun þess hérlendis þar sem þróunarkostnaður dreifðist á fleiri aðila. Þetta væri því óneitanlega grundvöllur fyrir hagræðingu og sparnað,“ segir Svana um útflutning á hugbúnaðarlausninni sem nefnist Resident Assessment Instrument, skammstafað RAI, og Stiki hefur verið að þróa undanfarin ár.

RAI er sem fyrr sagði matslausn fyrir heilbrigðisþjónustu og hefur að sögn Svönu margvíslegt notagildi. „Hana má til dæmis nota til að meta gæði í öldrunarþjónustu, bráðalækningum, þjónustu við fatlaða, heima- og geðheilbrigðishjúkrun.“

Svana bendir á að í víðara samhengi megi nýta RAI til að meta hvernig fjármunum sé best varið innan heilbrigðisgeirans. Til dæmis hvort betra væri að byggja upp 400 hjúkrunarrými eða færa heilbrigðisþjónustu heim til fólks með því að efla heimaþjónustu. „Með henni má mæla hversu þungt fólk er í umönnun. Svo er hægt að greiða stofnunum samkvæmt mælingunni, svo um er að ræða mælikvarða á rekstrarkostnað. Tryggingastofnun greiðir kostnaðinn.“

Svana segir Stika þegar hafa góða reynslu af samstarfi við erlenda aðila, svo sem í Þýskalandi og Bretlandi þar sem áhættumatsbúnaður frá fyrirtækinu, svokallaður RM Studio, hefur verið tekinn í notkun. „RM Studio, skammstöfun á Risk Management Studio, er hugbúnaðarlausn sem við höfum þróað og selt í fimm ár og er ætluð fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem vilja tryggja öryggi í vinnslu upplýsinga. Hún byggist upp á mismunandi kerfiseiningum og er viðamesta áhættumatseiningin sem leiðir notendur á skipulagðan máta í gegnum áhættumatsferlið.“

Svana bendir á að ýmis ávinningur sé af notkun RM Studio; Kerfið spari tíma og auðveldi notendum að skilja kröfustaðla og framkvæma áhættumat með tilliti til þeirra. „Í raun er búið að pakka okkar ráðgjafarþekkingu inn í búnaðinn, sem er notaður til að meta hvernig kröfur um gæði og öryggi eru uppfylltar í samræmi við alþjóðlega staðla.“ *- rve*

# Íslenskt bygg í bjórinn

Í rannsóknarverkefni Matís, Landbúnaðarháskólans, byggframleiðenda og nokkurra matvælafyrirtækja var kannaður möguleiki á að brugga bjór úr íslensku byggi einvörðungu.

Afraksturinn var bjór sem stenst allar gæðakröfur og hyggst Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefja framleiðslu á honum í sumar. „Nú þegar erum við með tvær tegundir sem innihalda íslenskt bygg en einungis 10 prósent og þorrabjór sem inniheldur 30 prósent af íslensku byggi en hann er bara á markaði í sex vikur,“ segir Guðmundur Mar Magnússon, ölgerðarmeistari hjá Agli.

Hann býst við að íslenski byggbjórinn verði seldur í takmarkaðan tíma enda hrökkvi íslenska byggið skammt. Segir hann þó hafa einkennandi og gott bragð. *- jse*



Íslenska byggið er ódrjúgt en Guðmundur segir bjórinn standast samanburð við bestu tegundir.

# Mikilvægi tengslanets

Mikilvægi tengslanets í víðum skilningi orðsins verður til umfjöllunar á málþingi Hugmyndaráðuneytisins laugardaginn 31. janúar. Ekki verður aðeins horft til beinna tengsla einstaklinga heldur þess samfélagsvettvangs sem netið hefur þróast í undanfarin ár með tilkomu vefsíðna eins og Facebook. Margbreytileiki þeirra og virkni verður skoðuð; hvernig þær geta liðkað fyrir samningum, komið vöru og markaðsupplýsingum á framfæri, ásamt því að innihalda þekkingu sem getur skilið á milli feigs og ófeigs þegar litið er til upphafsára nýrra fyrirtækja, eins og segir í tilkynningu frá Hugmyndaráðuneytinu. Sjá www.hugmyndaraduneytid.is. *- rve*

**Virkni síðna eins og Facebook verður til umræðu á næsta málþingi Hugmyndaráðuneytisins.** NORDICPHOTOS/GETTY





# VERKEFNASTJÓRI

Hlutverk NSA er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Eigið fé sjóðsins er um 4 milljarðar króna og á sjóðurinn hlut í um 35 fyrirtækjum. Árleg fjárfestingargeta sjóðsins er nú 500 – 600 milljónir króna á ári. NSA á jafnframt tæp 40% eignarhlut í Frumtaki sem er nýr fjárfestingarsjóður sem hefur 4 milljarða króna til ráðstöfunar til fjárfestinga á næstu þremur til fjórum árum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) leitar að sérfræðingi/verkefnastjóra til að meta fjárfestingarkosti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og til að aðstoða þau fyrirtæki sem fjárfest er í við uppbyggingu og rekstur þeirra.

**Ábyrgðarsvið**
- Mat á viðskiptatækifærum og fjárfestingakostum
- Kynningar á fjárfestingatækifærum
- Seta í stjórnum félaga sem sjóðurinn fjárfestir í
- Þátttaka og frumkvæði í stefnumótun hlutdeildarfyrirtækja

**Hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verkfræði, lögfræði, viðskiptum eða tengdum greinum
- Reynsla af fyrirtækjarekstri og/eða fjárfestingum
- Reynsla í að greina styrkleika og veikleika í rekstri fyrirtækja
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vefsíðunni www.nyskopun.org er ætlað að kortleggja núverandi umhverfi til nýsköpunar.

## Vettvangur fyrir hugmyndir

Vefsíðan www.nyskopun.org er opinn vettvangur fyrir hugmyndir, upplýsingar og umræður um nýsköpun. Þátttaka í umræðum og uppbyggingu efnis á vefnum er öllum opin. Að vefnum kemur fjöldi einstaklinga auk þess sem nokkur fyrirtæki og stofnanir hafa lýst stuðningi við framtakið. Þetta eru meðal annars Klak, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Innovit og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.

Vefnum er meðal annars ætlað að kortleggja núverandi umhverfi til nýsköpunar og hvað betur mætti fara. Í tengslum við vefinn er jafnframt rekið tengslanet, þar sem einstaklingar, frumkvöðlar, fyrirtæki, fjárfestar og stofnanir geta komið sér og aðkomu sinni á framfæri og stuðlað þannig að uppbyggilegri tengslamyndun. *-sg*

# Allir fiskar með sama heimilisfangið

Verkefni sem skila verðmætum og störfum fyrir íslenskan sjávarútveg eiga góða möguleika á styrkjum frá sjóði sem nefnist Aukið verðmæti sjávarfangs, skammstafað AVS. Umsóknir um stóra styrki þurfa að berast nú fyrir vikulokin en hægt er að sækja um til smærri verkefna eftir það. Það eru einmitt þau sem lögð er áhersla á núna vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, að sögn Páls Gunnars Pálssonar verkefnisstjóra sjóðsins.

„Við vonum að fólk sæki um til verkefna sem skapa mikil verðmæti, ný störf og nýja þekkingu á stuttum tíma,“ segir hann og nefnir meðal annars að fyrirtækjum séu veittir styrkir til að ráða meistara- og doktorsnema. Páll Gunnar tekur líka fram að fiskeldið falli undir AVS þótt það fari ekki fram í sjó. „Nú er búið að sameina landbúnaðar-og sjávarútvegsráðuneytið og þar með eru allir fiskar komnir með sama heimilisfang,“ segir hann glaðlega.

Sem dæmi um heiti verkefna sem AVS veitti til í fyrra má nefna Áhrif þorskeldis á villta stofna, Plöntumjöl í stað fiskimjöls í bleikjufóðri, Fullnýting hrognkelsa og Grandskoðum þann gula frá miðum í maga. *-gun*


„Við vonum að fólk sæki um til verkefna sem skapa mikil verðmæti, ný störf og nýja þekkingu á stuttum tíma,“ segir Páll Gunnar Pálsson verkefnisstjóri AVS sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Tækniþróunarsjóður
# Styrkir til nýsköpunar
Umsóknarfrestur er til 16. febrúar 2009

- Tækniþróunarsjóður er sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Sjóðurinn veitir framlög til nýsköpunarverkefna sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.
- Tækniþróunarsjóður hefur skilgreint fjóra verkefnisflokka og er umsækjendum bent á að kynna sér þá, ásamt reglum um viðurkenndan kostnað, á vefsíðu sjóðsins.
- Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 hinn16. febrúar næstkomandi.
- Öndvegisstyrkir eru boðnir út á skilgreind áherslusvið og er frestur til að sækja um þá til 2. mars næstkomandi.

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um Tækniþróunarsjóð eru á www.rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Mörg holl efni felast í sjávarafurðum ef vel er að gáð.

# Möguleikar í ma

**Lífræn efni sem lækka blóðþrýsting og draga úr streitu enda í hollum mat á borðum fólks ef hugmyndir úr Líftæknismiðju Matís lukkast vel. Efnin koma bæði úr sjávarfangi og landbúnaðarafurðum.**

„Verkefni Líftæknismiðjunnar miða að betri nýtingu þess hráefnis sem til fellur nú þegar í matvælaframleiðslu,“ segir Arnljótur Bjarki Bergsson sjávarútvegsfræðingur. Arnljótur er einn þriggja starfsmanna Líftæknismiðjunnar á Sauðárkróki sem sett var á laggirnar í nóvember síðastliðnum. Hann segir gott að vera í hinni víðfrægu matarkistu Skagafjarðar. „Hér eru öflug matvælafyrirtæki, mjólkurstöð, kjötafurðastöð og nokkur útgerð, fiskvinnsla og rækjuvinnsla, auk þess sem við erum undir sama þaki og fiskeldisdeild Háskólans á Hólum. Hér er því mikið hráefni til matvælarannsókna og í því felast endalausir möguleikar.“

Stutt er síðan orðið líftækni kom inn í orðabækur. Það er notað yfir vinnslu á lífefnum úr frumum eða frumuhlutum. Líftækni er stundum beitt í ræktun til að auka og bæta uppskeru. Gerjun getur líka fallið undir líftækni svo sem fram-


„Við erum til dæmis að mæla blóðþrýstingslækkandi áhrif fiskprótína og leita að þeim eiginleikum í mysu,“ segir Arnljótur Bjarki í Líftæknismiðjunni. MYND/PATRICIA Y. HAMAGUCHI

# Betri nýting og me

„Vinnslulínan er bæði nákvæmari og sjálfvirkari en áður og bætir nýtingu hráefnis og meðferð. Ýsan er til dæmis mjög viðkvæm og hentar vélin vel til að pakka henni sem og öðrum fiski,“ segir Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri íslenska hátæknifyrirtækisins Völku, um nýja flokkunar- og pökkunarvél frá fyrirtækinu.

Vélin kallast RapidAligner en Valka hlaut verðlaun fyrir hana í flokki smærri fyrirtækja sem framleiða búnað til verkunar á íslensku sjávarútvegssýningunni árið 2008.

Vélin er búin gervigreindarhugbúnaði sem virkar þannig að annars vegar eru stykki flokkuð í stærðir fyrir kassa en síðan þarf líka að velja réttu stykkin saman svo þau passi í kassann.

„Stundum verður breyting í dreifingunni á stærð stykkja og þá getur búnaðurinn lært að bregðast við því,“ útskýrir Helgi „Við höfum í svolítinn tíma verið að glíma við


Fiskurinn er lagður mjúklega á vog áður en hann er lagður inn í vélina. MYND/VALKA



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# atarkistu

leiðsla á skyri. Arnljótur Bjarki segir unnið að mælingu á lífvirkum efnum og einangrun þeirra í Líftæknismiðjunni.

Síðan verði hugsanlega hægt að þróa þau áfram í vörur, annaðhvort sem fæðubótarefni eða íblöndun í matvæli sem fyrir eru. Hann tekur fram að rannsóknarvinna taki tíma og þróunarvinnan enn lengri tíma en aðstaða fyrir hvorutveggja sé til staðar í Líftæknismiðjunni.

En hvað skyldi vera í pípunum? „Við erum til dæmis að mæla blóðþrýstingslækkandi áhrif fiskprótína og leita að þeim eiginleikum í mysu sem fellur til við ostagerð," lýsir hann og bendir á augljósan ávinning fyrir matvælafyrirtæki að geta boðið upp á vöru sem dragi úr álagi á líkamann.

Hann segir vísindasamfélagið stöðugt reyna að finna nýjar leiðir til að skara fram úr og þar sé Líftæknismiðjan engin undantekning. „Við höfum hug á að byggja hér upp þekkingarsetur sem hefði sérstöðu, ekki bara á Íslandi heldur líka þó lengra væri litið." *- gun*

# ðferð

að finna betri lausnir til að pakka fiski. Þetta hefur langmest verið gert í höndunum hingað til." Valka sótti um einkaleyfi og fékk styrk frá AVS-sjóðnum og Rannís fyrir RapidAligner árið 2006.

Búnaðurinn hefur þegar verið tekinn í notkun hjá Ný-fisk í Sandgerði, sem er leiðandi í pökkun á ferskum fiski á Íslandi og hefur náð góðum árangri í vinnslu og markaðssetningu erlendis á þeim afurðum.

„Á þessum tíma í fyrra vorum við komnir með vél sem virkar og höfum verið með hana í markaðsstarfi síðan," segir Helgi og nefnir að nú stefni í að hún verði tekin í notkun erlendis á þessu ári. „Hún fer að öllum líkindum til Kanada, Noregs og Færeyja á næstu mánuðum." *- hs*

# Til varðveislu litar og bragðgæða

Í Grindavík er starfrækt fyrirtækið Optimal á Íslandi, þar sem fram fer þróun, framleiðsla og sala á íblöndunarefnum fyrir matvæli í sjávarútvegi.

„Íblöndunarefni skiptast í marga flokka, þar á meðal bindiefni, sýrustillandi efni, litarefni og þráavarnarefni. Þau miðast öll við að varðveita gæði, ferskleika og lit sjávarafurða, en litur er þar afar mikilvægur, eins og hvítur í fiski og rauður í rækju," segir Hallur Viggóson, hjá Optimal á Íslandi, sem selur mest af sinni framleiðslu til útlanda en þar er Kanada stærsti kaupandinn.

„Fyrirtækið var stofnað árið 2001. Þá voru stóru efnaframleiðslufyrirtækin í Evrópu sérfræðingar í íblöndunarefnum fyrir kjötvinnslur og buðu blöndur sem voru ekki nógu góðar fyrir sjávarafurðir.

Við höfðum hins vegar bæði bakgrunn í rannsóknum í sjávarútvegi sem og reynslu í framleiðslu sjávarafurða og höfum frá fyrstu tíð fundið mikið traust erlendis, sem hefur skilað sér í stigvaxandi framleiðslu og sölu, enda erum við í stöðugri þróun við að bæta gæði okkar blandna og til að geta boðið samkeppnishæf verð." *- þlg*



**Í djúpinu eru allir litir undurfagrir og skærir, en þegar afla hefur verið landað þarf íblöndunarefni til að varðveita litinn og bragðgæðin.** MYND/OPTIMAL Á ÍSLANDI


## Nýsköpunarsjóður námsmanna

# Sumarvinna við sjálfstæðar rannsóknir

Umsóknarfrestur rennur út 2. mars, kl.16:00

Markmið sjóðsins er að útvega áhugasömum nemendum sumarvinnu við frumleg og metnaðarfull rannsóknarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja.
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein.
- Verkefnin skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna.
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna.
- Stjórn er heimilt að veita forgang verkefnum taki fyrirtæki eða aðrir aðilar þátt í kostnaði.
- Úthlutun liggur fyrir í byrjun apríl 2009

**Hverjir geta sótt?**

1. Háskólanemar í grunn- og meistaranámi
2. Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

**Umsóknir eru rafrænar og ber að sækja um á www.rannis.is. Þar er jafnframt að finna reglur og leiðbeiningar varðandi sjóðinn. Allar nánari upplýsingar veitir Kristín Ingvarsdóttir, kristin@rannis.is, sími 515 5818,**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
NÝ SKÖPUN
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK, LONDON BUSINESS SCHOOL OG BABSON COLLEGE
Háskólinn í Reykjavík tók nýlega við sem einn af hornsteinum GEM-rannsóknarinnar á heimsvísu og leiðir hann rannsóknina á næstu árum ásamt London Business School og Babson College. Rannsóknin er sú umfangsmesta á þessu sviði í heiminum og hefur gefið mikilvægar vísbendingar um þróun og umfang nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi í yfir 60 löndum sem samanlagt ráða yfir 95% af heimsframleiðslu.
KYNNTU ÞÉR FYRIRLESTRARÖÐ HR UM NÝSKÖPUN - www.hr.is/nyskopun

## Þjónusta







## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

120l. fiskabúr m. sikleu seiðum, hitara og hreinsidælu. Skápur fylgir. V. 25 þús. Einnig 50l. fiskabúr m. 50-60 sikleu seiðum. v. 10 þús. S. 864 5290.

2 kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 897 4338.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Sérhæð í Laugardal - 105 Rvk.**
**leigist með húsgöngum frá 1 feb.**
**2 stofur + 2 svefnherb. og svalir**
**Uppl. í s. 699 5252**

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja.**
**Upplýsingar í síma 699 6464.**

**Til leigu**
**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**
**Langtímaleiga.**
**Upplýsingar í síma 699 6464.**

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími 520 5788 · Veffang www.buseti.is
BÚSETI

Newly furnished 20fm studio apartment, Dugguvogur. Washing machine, dryer, and internet included. Available now. Price 59.000 p/month. Tel. 824 6692.

Til leigu 3 herb. góð nýstandsett íbúð í Vesturbænum með sjávarútsýni - Sörlaskjóli. Sérinng., íssk. + uppþvottav. fylgir. Laus. S. 897 0900.

3 herb. 75 fm íbúð í 108 til leigu. 90 þ. á mán með rafm. og hita. Engin gæludýr.

Uppl. í s. 824 5770.

Björt 2ja herb. 68 fm íbúð til leigu í Grafarvogi. Uppl. í s. 896 6655 & 861 4406.

Útsýnisherbergi í 101 með aðg. að öllu. Æðisleg staðsetn. Room w. view in 101. Allar uppl. í s. 865 6750.

Herbergi til leigu í Unufelli. Með húsgögnum, Internet. V. 40 þ. S. 845 6154.

**3 herb. lúxus íbúð til leigu**
Íbúð og hús nýstandsett ofarlega á Laugavegi, öll tæki til staðar. 3 mánaða trygging. Aðeins traustir leigjendur koma til greina. Leiga per mán 120 þús. Uppl. í s. 822 7303 & 891 8612.

**Bergstaðastræti - til leigu**
Góð 2ja herbergja íbúð á rólegum stað í 101 Rvík. Laus 1. feb. Upplýsingar hjá Húsanaust www.husanaust.is 530 7203 - 898 7203.

**Barnvænt/útivist**
3-4 herb., 100 fm íbúð í einbýli til leigu á Álftanesi. Laust strax. Húsið er staðsett við hliðiná skóla, leikskóla og sundlaug. Leiguverð 95 þús. m. hita og rafmagni. S. 848 9773 & 464 4127.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702.

Nokkur góð herb. í 104 Rvk., lækkað verð. Uppl. í s. 697 8720.

**Glæsileg 3 herb. - Logafold**
Í einbýli. Sér bílast., sér inng., hiti í gólfi, baðkar og sturta, uppþvottavél. Allt nýtt, sjón er sögu ríkari. Uppl. í s. 897 2800.

Herb. til leigu í Hfj. og á Suðurnesjum. Uppl. í s. 615 3542.

Mjög hentugar stúdíóíbúðir til leigu í hverfi 101, 65-85þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram + trygging. Reglusemi áskilin, uppl. í s. 618 2698.

3ja herbergja 85 fm íbúð í Gullengi til leigu. Leiga 100 þús á mán hússj. hiti og rafm. innifl. Sími 824-8889 e.kl 14

4 herb. íbúð í 101 verð 140 þúsund, hita & rafm. innifalið. Sími 899 2230.

200 Kóp. 4ra herb. góð íbúð við Fossvogsdal. Ísskápur, þvottavél og geymsla fylgir. Langtímaleiga, laus strax. 120þús+hiti/rafm. Uppl. í s. 699 8573.

Ódýr og björt herb. með öllum húsbúnaði og nettengingu. Í sameigin eru 5 baðherb, þvottahús og eldunaraðstaða ásamt 50 ferm setustofu. Bjarni s. 663 9309.

101 Reykjavík. Góð herbergi á Lokastíg. Langtímaleiga. Verð 25.000 til 70.000. Laus strax. Upplýsingar í 861 4142, kl. 10-16 og ekki á öðrum tímum.

3ja herb. nýl. standsett íbúð til leigu í Hraunbæ. Hússj.og hiti innf. Laus strax og langtímaleiga. Uppl. í s. 862 5578.

Til leigu 4ra herb. íb. Skugga 101R, svalir, bílsk. 150þ. mán+hússj. m/hita. S824 9098

30-120 fm geymslu- og atvinnuhúsnæði til leigu í Gbr. Uppl. í s. 844 1011.

Falleg 60 fm 2 herb ibud til langtima leigu i 104. S: 8447829

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 3 herbergja íbúð í tveggja hæða blokk í austur borg Kópavogs. Laus strax. Upplýsingar í síma 897 7172.

## Húsnæði óskast

Reglusöm kona óskar e/ 2 herb. íbúð 60fm eða stærri. Greiðslug. 70-80þ. S. 772 7024.

Par með lítið barn bráðvantar íbúð í toppstandi á sv. 101 eða 107. Uppl. í s. 820 1902 & 691 7277.

Stæði í bílageymsluhúsi á höfuðb.sv. óskast til leigu. S. 896 9694.

4-5 herb. íbúð óskast á svæði 103, 105, 108, Kóp. 3 fullorðin. í heim. Öruggar greiðslur. Tilboð sendist á bjartaframtid@gmail.com

+Listahátíðin artFart óskar eftir húsnæði í Rvík. Svarist á svidslist@gmail.com+

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu á besta stað v/ Helluhraun Hafnarfirði 200fm + 90fm öflugt milliloft. Mikil lofthæð, Innkeyrsludyr h4,5m. Laust. Sanngjörn leiga kr. 240.000. S.898-3420

Iðnaðarhúsnæði, 91 fm. með kaffistofu og innkeyrsludyrum. L.h. 3.20. Til langtímaleigu, Viðarhöfða 2. Bónstöðin við hliðina sýnir.

Hljómsveitarhúsnæði til leigu. Uppl. rkraf@internet.is

Til leigu 107 m2 mjög snyrtilegt iðnaðar/skrifstofupláss í Hfn. 35m2 vinnusalur. Stór hurð 4,2m og flísar. Tvær 36m2 skrifstofur með öllum lögnum og smáeldhús. Upplagt fyrir hönnun, skrifstofur, heildsölu, léttan iðnað. S. 6601060

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
**Bílageymsla s. 864 3176.**

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

## Þjónusta




## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

Fullbúin 3 herb íbúð til leigu í lengri eða skemmri tíma. uppl www.annholt.is

**GISTING Í KAUPMANNAHÖF - TILBOÐ**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Gistinóttin á aðeins 750 dkr fyrir 3ja herb. íbúð fram til 1. apríl 2009. Nánari uppl. í s. 891 8612, +45 27111038 www.stracta.com eða annalilja@stracta.com-

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Rafvirkjar athugið!**
Óska eftir rafvirkjum í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta skilyrði. Áhugasamir sendi umsókn á smaar@frett.is merkt „rafvirki 2009".

**Finnst þér gaman að daðra við karlmenn ?**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur á aldrinum 20-40 ára. Góðir tekjumöguleikar, frjáls vinnutími. Nánari upplýsingar á www.chat.is (atvinna).

## Atvinna óskast

Sjúkraliði á eftirlaunum getur tekið að sér að laga til í húsum, sitja hjá gömlu fólki og fötluðum, gæta barna og sækja börn í leikskóla. Er mamma, amma og langamma.

S. 849 2671.

Get bætt við mig verkefnum, stórum sem smáum. Tímavinna eða tilboð. S. 848 1488

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666.**
**opið allan sólarhringinn**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Ilmur - símadama**
Rauða Torgið kynnir ástríðufulla unga konu sem er nýflutt á mölina. Sjáðu prófílinn hennar: www.chat.is/Ilmur.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

## Tilboð

Hamraborg 11 — Café Catalina — S: 554-2166

**Tilboð - Tilboð**
**Hamborgarar á frábæru verði**
Boltinn í beinni!
**Catalina**
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

# UPPBOÐ

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Ásgata 10, fnr. 216-7088, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Einar Árni Sigurjónsson, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, fimmtudaginn 5. febrúar 2009 kl. 11:30.

Bergholt II, fnr. 217-0866, 685 Bakkafirði, Langanesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 5. febrúar 2009 kl. 15:30.

Hrísateigur 2 , fnr. 216-5246, 641 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Helga Þórey Heiðberg, gerðarbeiðendur Borgun hf, Landspítali, Og fjarskipti ehf. og Olíuverslun Íslands hf, föstudaginn 6. febrúar 2009 kl. 11:00.

Röndin 13, fnr. 222-7271, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 5. febrúar 2009 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
27. janúar 2009.

## Atvinna

GARÐUR

# GERÐASKÓLI

Kennara vantar til starfa sem allra fyrst vegna veikindaforfalla. Um er að ræða umsjónarkennslu í 4. bekk. Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur í síma 422 7020.

**Skólastjóri**

Gerðaskóli
Garðbraut 90, 250 Garði
www.gerdaskoli.is, gerdaskoli@gerdaskoli.is

## Styrkir

# Styrkir

Barnavinafélagið Sumargjöf

## Barnavinafélagið Sumargjöf

**auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 15. Febrúar 2009.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 20. janúar 2009.
Barnavinafélagið Sumargjöf
Pósthólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjof@simnet.is

## Atvinna

SAFFRAN
RESTAURANT / TAKE AWAY

OPNAR Í FEBRÚAR Í GLÆSIBÆ MEÐ HOLLA, FERSKA & FRAMANDI RÉTTI

VIÐ ÓSKUM EFTIR:
MATREIÐSLUMANNI MEÐ ÁHUGA Á HOLLUM & FRAMANDI MAT
GLAÐLEGU STARFSFÓLKI Í SAL MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND

UMSÓKN SENDIST Á HAUKVI@GMAIL.COM ÁSAMT MEÐMÆLUM

um og næstu skref kunni að ráða því hvort landið fetar svipaða slóð og Svíar gerðu í kjölfar bankakreppu þar og standa í raun sterkari eftir, eða hvort landið lendir í svipuðum efnahagsgildrum og sum ríki Suður-Ameríku hafa lent í. Hér verði að leysa gjaldeyriskreppuna og auka trúverðugleika með mannabreytingum innan stofnana og ráðuneyta til þess að hafin verði fyrir alvöru vinna samkvæmt efnahagsáætlun þeirri sem lögð var fyrir AGS.

Skuggabankastjórnin segir alvarlegt að hér liggi ekki fyrir nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvaða leið skuli farin í efnahagsmálum. Þar spili fleira inn í en lántaka ríkisins og á hvaða kjörum þau lán bjóðist, svo sem að hér kunni þjóðin að búa við minni gjaldeyrisforða en talið hafi verið. Þá sé ábyrgð á skuldbindingum gömlu bankanna ekki síður efnahagslegt spursmál en pólitískt, því úrlausn þeirra mála komi til með að ráða aðgengi þjóðarinnar að mörkuðum, hvort heldur það sé með vöru, fjármagn eða þjónustu og þar með hafi það áhrif á möguleika þjóðarinnar til að afla tekna í framtíðinni.

Edda Rós Karlsdóttir kveðst líta svo á að það sé ekki bara miðlunarferli peningastefnunnar sem hér hafi verið stíflað, heldur miðlunarferli efnahagsstefnunnar. Hún segir viljayfirlýsinguna sem send var AGS vera þá umgjörð og stefnu sem marki farsælustu leiðina út úr þeim þrengingum sem landið hafi lent í. „Við höfum tekið ákvarðanir í gjaldeyrismálum sem eru ekki í takt við upphaflega planið og ofan af þeim þarf að vinda,“ segir hún og vísar bæði til stýrivaxta og gjaldeyrishafta.

Ólafur Ísleifsson segir að liggja þurfi fyrir að verði ekki tekin skref í átt til Evrópusambandsaðildar þurfi þjóðin að horfast í augu við þann möguleika að hér verði engin frjáls gjaldeyrisviðskipti til margra ára. „Ef menn ætla að hlaupa frá þeim eina möguleika sem fyrir hendi er á að taka upp erlendan gjaldeyri á einhverjum vitrænum formerkjum þá sitja menn uppi með krónuna og hugsanlega efnahagslega vansæld sem afleiðingu af því,“ segir Ólafur.



Ármannsson viðskiptaritstjóri ræðir við þau Eddu Rós Karlsdóttur hagfræðing í Landsbankanum, þings, Ólaf Ísleifsson lektor við Háskólann í Reykjavík og Þórð Friðjónsson forstjóra Nasdaq OMX arkaðarins sem rýnir í stöðu efnahagsmála fyrir vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands.

MARKAÐURINN/PJETUR

## SKUGGABANKASTJÓRNIN

Í skuggabankastjórn Markaðarins eiga sæti Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings, Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum (NBI), Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland kauphallarinnar. Fjórir sitja fund bankastjórnarinnar hverju sinni.

ARINS

### EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

## Raunsæi, verkvit og kjark

Setja þarf fram skýra og tímasetta áætlun um afnám gjaldeyrishafta og verulega lækkun stýrivaxta. Lykillinn að slíkri áætlun er að draga úr skammtímakröfum erlendra aðila í krónum, í samráði við AGS. Það eru veruleg vonbrigði að undanfarnar vikur og mánuðir skuli ekki hafa nýst stjórnvöldum til að draga úr líkum á fjármagnsflótta úr landi. Aðgerða- og úrræðaleysi í þessum efnum tefur fyrir



lausn gjaldeyriskreppunnar og hraðri lækkun stýrivaxta. Á meðan blæðir atvinnulífinu og störf glatast. Áframhaldandi gjaldeyrishöft og einangrun frá alþjóðasamfélaginu er vægast sagt slæmur kostur og ávísun á lakari lífskjör til framtíðar.

Stjórnvöldum hefur ekki tekist nægjanlega vel að fylgja eftir eigin efnahagsstefnu, en hún var sett fram í viljayfirlýsingunni sem fjármálaráðherra og seðlabankastjóri sendu AGS í nóvember. Það er því ekki lengur bara miðlunarferli peningastefnunnar sem er stíflað, heldur miðlunarferli efnahagsstefnunnar í heild. Stífluna verður að losa tafarlaust með því að skipta um yfirstjórn í Seðlabanka og ráðuneytum. Það er ekki hvorki tími né ástæða til að bíða eftir nefndaráliti um slíkar mannabreytingar, enda eru þær jafnframt forsenda þess að endurvinna traust á Íslandi bæði innanlands og utan.

Staða efnahagsmála er grafalvarleg. Efnahagsstefnan sem lögð var fram í AGS-planinu er eina raunhæfa leiðin sem kynnt hefur verið út úr kreppunni. Stefnan er ekki gallalaus og krefst endurskoðunar og aðlögunar að breyttum aðstæðum hverju sinni. Íslendingar eiga sjálfir að hafa frumkvæði að þeirri vinnu, en hún þarf að fara fram í samvinnu við vinaþjóðir okkar og AGS. Næstu ár verða þjóðinni erfið. Ríkissjóður stendur veikt og engar töfralausnir eru fyrirliggjandi. Nú þarf raunsæi, verkvit og kjark.

**Niðurstaða: Óbreyttir stýrivextir**


FUNDAFERÐ AFLs VEGNA KJARAMÁLA, STJÓRNMÁLAÁSTANDS OG EFNAHAGSMÁLA:

Miðvikudagur 28. janúar — Vinnustaðir - Höfn
Almennur fundur Víkurbraut 4, kl. 17:30.

Fimmtudagur 29. janúar — Vinnustaðir - Djúpavogi/Breiðdalsvík
Almennur fundur Sambúð, kl. 17:30.

Föstudagur 30. janúar — Vinnustaðir - Seyðisfirði
Almennur fundur Slysavarnarhúsinu Seyðisfirði, kl. 18:00.

Laugardagur 31. janúar — Almennur fundur Hótel Héraði, kl. 14:00.

Mánudagur 2. febrúar — Vinnustaðir - Neskaupstað
Almennur fundur Egilsbraut 11, kl. 18:00.

Þriðjudagur 3. febrúar — Vinnustaðir - Eskifirði / Reyðarfirði
Almennur fundur Slysavarnarhúsið Eskifirði, kl. 18:00.

Miðvikudagur 4. febrúar — Vinnustaðir - ALCOA/Fáskrúðsfjörður
Almennur fundur Námsver/Búðareyri 1 Reyðarf., kl. 18:00.

Mánudagur 9. febrúar — Almennur fundur Fáskrúðsfirði, Skrúð, kl. 18:00.

Þriðjudagur 10. febrúar — Vinnustaðir - Vopnafirði
Almennur fundur Lónabraut 4, kl. 18:00.

Miðvikudagur 11. febrúar — Stjórnarfundur AFLs
Samninganefnd AFLs - Hótel Héraði.

AFL STARFSGREINAFÉLAG
Til góðra verka

Félagið áskilur sér rétt til að breyta fundartíma og færa til fundi eftir aðstæðum á hverjum stað og tíma enda verði breytingar kynntar á viðkomandi stað með góðum fyrirvara.

FUNDAREFNI:
Fyrirliggjandi hugmyndir um breytingar á aðalkjarasamningi á almennum vinnumarkaði.
Ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Uppbygging - mótun framtíðarsamfélagsins.

FRUMMÆLENDUR:
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs
Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs

Miðað er við að umræður verði með sem mestri þátttöku almennra fundarmanna og stefnir forysta AFLs á að eftir fundina liggi grunnur að stefnumörkun félagsins sem unnt yrði að leggja fyrir ársfund trúnaðarmanna í mars til frekari mótunar.

Sjá nánar heimasíðu félagsins á www.asa.is

Héraðsprent



ELSKA AÐ GERA SAMA HLUTINN AFTUR OG AFTUR, ALLAN DAGINN

Ljósritunarvélarnar frá Konica Minolta eru einfaldar, hagkvæmar í notkun og krefjast lítils viðhalds. Þær prenta fyrir þig með miklum hraða og í fyrirtaksgæðum – og ólíkt öðrum á skrifstofunni eru þær alsælar með endurtaka sig alla daginn.

KONICA MINOLTA



**BIZHUB C10**
**Litur:** Já
**Afköst:** 20 bls/mín í svart-hvítu, 5 bls/mín í lit
**Pappírsstærðir:** A5-A4
**Tengi:** USB, Ethernet
**Aðgerðir:** Ljósritun, prentun, skönnun, fax, email
**Tilboðsverð:** 99.900kr.



**BIZHUB 131F**
**Litur:** Nei
**Afköst:** 13 bls/mín
**Pappírsstærðir:** A6-A4
**Tengi:** USB, Ethernet
**Aðgerðir:** Ljósritun, prentun, skönnun og fax, email
**Tilboðsverð:** 79.900 kr.



**BIZHUB 163**
**Litur:** Nei
**Afköst:** 16 bls/mín
**Pappírsstærðir:** A6-A3
**Tengi:** USB, Ethernet
**Aðgerðir:** Ljósritun, prentun, skönnun, fax, email
**Tilboðsverð:** 175.000 kr.

KJARAN EHF. · SÍÐUMÚLA 12-14 · 108 REYKJAVIK · S: 510-5520 · WWW.KJARAN.IS · KJARAN@KJARAN.IS

KJARAN TÆKNIBÚNAÐUR

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hagsmunir Íslands til skemmri og lengri tíma verða ekki sundur slitnir. Haftastefnu má ekki festa í sessi.

# *Losa þarf gjaldeyrishöft og lækka vexti*

**Óli Kristján Ármannsson skrifar**

„Áætlanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins styðja við góða stefnu, ekki einstaka stjórnmálaflokka eða stjórnarsamsteypur,“ segir Mark Flanagan, sem fer fyrir sendinefnd AGS hér á landi. „Stuðningur [AGS] heldur áfram, svo fremi sem viðeigandi aðgerðum er við haldið á Íslandi.“

Þetta eru viðbrögð Flanagans við sviptingum á sviði stjórnmálanna hér, en sendinefnd AGS kemur til landsins um miðjan næsta mánuð og fer yfir framvindu efnahagsáætlunar þeirrar sem lögð var til grundvallar stuðningi sjóðsins við Ísland. Aðkoma og eftirlit AGS tryggir trúverðugleika áætlunarinnar og er forsenda erlendrar lántöku ríkisins í þeim aðgerðum sem grípa þarf til.

Í þeim viðsjárverðu aðstæðum sem þjóðin er í, þar sem fjöldi fyrirtækja og heimila ramba á barmi gjaldþrots, er ekki laust við að setji að manni ákveðinn ugg við þær sviptingar sem eiga sér stað á væng stjórnmálanna. Viðbrögð dagsins ráða hagsæld framtíðar. Mistök í hagstjórn kunna að kalla yfir þjóðina langvarandi erfiðleika og fátækt en rétt viðbrögð gætu orðið til þess að þjóðarbúið rétti tiltölulega hratt úr kútnum og standi jafnvel sterkara á eftir. „Ég tel að ástandið í efnahagsmálum nú sé hættulegra en nokkru sinni áður á lýðveldistímanum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, í blaðinu í dag. Skuggabankastjórn Markaðarins fjallar um horfur í efnahagslífinu í miðopnu blaðsins í tilefni af því að Seðlabankinn á samkvæmt dagskrá að ákvarða stýrivexti á morgun. Í umfjöllun skuggabankastjórnarinnar er lögð áhersla á að leysa hér gjaldeyriskreppuna svo að lækka megi vextina sem liggja eins og mara á atvinnulífinu.

**Í þeim viðsjárverðu aðstæðum sem þjóðin er í, þar sem fjöldi fyrirtækja og heimila ramba á barmi gjaldþrots, er ekki laust við að setji að manni ákveðinn ugg við þær sviptingar sem eiga sér stað á væng stjórnmálanna.**

Til skemmri tíma er lykilatriði að vinna samkvæmt áætlun þeirri sem lögð var fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og laga að aðstæðum hverju sinni í samstarfi við sendinefnd sjóðsins. Þessi leið ásamt mannabreytingum í stofnunum og ráðuneytum er forsenda þess að það takist að vinna til baka tiltrú á efnahagsstjórnina og um leið á gjaldmiðilinn. Langtímahagsmunum þjóðarinnar er svo best borgið í fullri samleið með öðrum Evrópuþjóðum og þátttöku í myntsamstarfi þeirra. Að öðrum kosti stendur valið líkast til um öfgafullar hagsveiflur sem rót sína eiga í óstöðugri mynt, eða gjaldeyrishöft og fylgifiska þeirra.

Trúverðug áætlun til lengri tíma styður svo jafnframt við þær aðgerðir sem gripið er til með skammtímasjónarmið í huga. Skammtímaog langtímahagsmunir þjóðarinnar verða ekki sundur slitnir. „Verði ekki tekin skref í átt til Evrópusambandsaðildar þarf þjóðin að horfast í augu við þann möguleika að hér verði engin frjáls gjaldeyrisviðskipti til margra ára,“ segir Ólafur Ísleifsson. Viðvarandi gjaldeyrishöft eru svo líkleg til að hrekja úr landi sum stöndugustu fyrirtæki þjóðarinnar auk þess sem spurningar vakna um hvort við uppfyllum þá skilyrðin um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

Við fall bankanna færðist landið úr því að vera þjónustuhagkerfi yfir í að vera fremur einsleitt framleiðsluhagkerfi. Vera má að á einhverjum bæjum ríki fortíðarþrá eftir tíma þar sem atvinnuvegum var handstýrt af væng stjórnmálanna og ríkisvaldið hlutaðist til um hvað tilhlýðilegt væri að meðalferðalangurinn tæki með sér af peningum til útlanda. Ólíklegt er þó að fólk muni sætta sig við þann samdrátt og atvinnumissi sem þjóðfélagsskipan sem þessi hefði í för með sér, þótt ef til vill þurfum við að taka einhver skref til viðbótar í þessa átt áður en samstaða næst um að byggja hér upp af krafti á ný.






# Ég er enn mótmælandi

Ég mótmæli því að við stefnum tækifærum barnanna okkar til að búa við góð lífskjör og öflugt velferðar- og menntakerfi í hættu með ábyrgðarleysi í kjölfar fjármálakreppunnar. Þess vegna eru mínar kröfur í mótmælunum fáar en efnislegar og óháðar ríkisstjórnarmynstri. Ég krefst þess að stjórnvöld, framfylgi hratt og fumlaust þeirri aðgerðaáætlun sem sett var fram í Viljayfirlýsingu ríkisstjórnar til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að leysa hér úr bráðri gjaldeyris- og fjármálakreppu og skapi þannig eðlilegar forsendur fyrir tekjuöflun þjóðarinnar, atvinnu og velferð með endurreisn atvinnulífs og utanríkisviðskipta.

Þjóðin þarf að þekkja markmiðið, verkáætlunina og hver ber pólitíska og faglega ábyrgð á hverju skrefi. Árangur næst aðeins ef allir gerendur innan stjórnkerfisins eru valdir til verka á grundvelli hæfni og þekkingar. Þannig eflum líka við traust umheimsins. Yfirlýsing um aðildarumsókn að ESB og upptöku evru þjónar sama hlutverki og svarar þeirri brennandi spurningu hver framtíðin sé í peningamálum þjóðarinnar. Framtíðarsýn og trúverðug áætlun er forsenda þess að afstýra fjármagnsflótta.

**ORÐ Í BELG**



**Arnar Guðmundsson**
menningarfræðingur, mótmælandi og foreldri.

**STÖNDUM VIÐ SKULDBINDINGAR**

Ganga verður skipulega til samninga við erlenda fjárfesta sem eiga hundruð milljarða inni í krónunni um skipti á bréfum sínum og erlendum eignum lífeyrissjóða og banka framhjá gjaldeyrismarkaði svo hægt sé að afnema gjaldeyrishöftin en það er m.a. forsenda þess að við getum fengið hingað erlendar fjárfestingar í náinni framtíð. Ganga verður frá samningum við erlenda kröfuhafa í bú gömlu bankanna og vegna skuldbindinga Íslendinga gagnvart innstæðutryggingum á EES svæðinu til að tryggja opna greiðslumiðlun til og frá landinu og gera það mögulegt að alþjóðlegir lánsfjármarkaðir opnist Íslandi á ný. Lokun þeirra til lengri tíma þýddi stöðnun í atvinnulífi og þar með ómælda lífskjara- og velferðarskerðingu.

**EIGINGIRNI AÐ BORGA EKKI**

Í mínum huga væri það hámark eigingirninnar og tillitsleysi gagnvart börnunum mínum að velta byrðunum af Hrunadansi minnar kynslóðar yfir á þau með því að neita að standa við þær skuldbindingar sem við stofnuðum til. Þær eru þekktar og útlistaðar í Viljayfirlýsingunni til AGS. Því fer fjarri að ætlunin sé að borga allar kröfur enda meginmarkmiðið að gæta jafnræðis og fá alþjóðlega viðurkenningu á uppgjörsleiðinni, jafnvel þótt kröfuhafar fái bara brot af sínum kröfum greiddar úr búum gömlu bankanna.

Sú leið að borga ekki einhverjar ótilgreindar skuldbindingar, sem ég hef m.a. heyrt bæði Davíð Oddsson, formann stjórnar Seðlabankans, og Steingrím Sigfússon, formann VG, ýja að, er væntanlega til þess hugsuð að létta byrðum af okkur á nokkrum næstu árum en gerir um leið heila þjóð að óreiðumönnum og lokar þeim leiðum sem við höfum til að vinna þjóðina út úr atvinnuleysinu og á ný til þeirra lífskjara og velferðar sem við viljum. Börnin okkar fá þá í arf lokað þjóðfélag hafta og skammtana. Því ber okkur að bíta á jaxlinn og einbeita okkur að því að vinna okkur út úr vandanum á sem stystum tíma með verðmætasköpun og skjaldborg um öryggisnet sem ver þá sem verst verða úti.

**INDÍÁNARNIR EÐA KÚREKARNIR?**

Í minni æsku var spurt hvort maður héldi með kúrekunum eða indíánunum. Nú virðist vitrænni umræðu um verkefni dagsins drepið á dreif með því að spyrja fólk hvort það haldi með útrásarvíkingunum eða stjórnvöldum. Fyrir hverja nýja vísbendingu um að stjórnvöld eða eftirlitsaðilar hafi sofið á verðinum eru dreginn fram meint lögbrot og siðleysi í viðskiptum. Í stað þess að fólk geti treyst því að málefni fjármálakerfisins séu gerð skipulega upp og öll vafasöm mál rannsökuð og fái rétta málsmeðferð er verið að leka út smjörsteiktum klípum. Myndi sannað misferli einhverra viðskiptajöfra réttlæta aðgerðaleysi stjórnvalda andspænis ofvöxnu fjármálakerfi? Eða væri staðfesting á því að sama aðgerðaleysi hafi ráðið úrslitum um að svo illa fór, þar með réttlæting á öllum viðskiptaháttum síðustu ára? Líklegast er að svo víðtækt kerfishrun eigi rætur í samspili margra þátta þar sem ábyrgðin liggur víða. Hluti þeirra sem báru ábyrgð hefur axlað hana samkvæmt lögmálum markaðarins með eigna- og atvinnumissi. Aðrir eru enn ósnortnir. En tímar réttlátrar reiði eru því miður einnig tímar lýðskrumara sem vilja beita henni fyrir vagn sinn.

**LÉTTVÆGIR FLOKKSHAGSMUNIR**

Ég hef mótmælt því forystuleysi ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu að hafa ekki lýst því afdráttarlaust yfir að fara eigi þá leið sem mörkuð var í samvinnu við AGS og standa við skuldbindingar okkar í þágu opins samfélags. Ég mótmæli því ábyrgðarleysi að segja að hægt sé að sleppa við afleiðingarnar af efnahagsstefnu og lántökum síðustu ára með því að neita bara að borga. Slíkt myndi hneppa börnin okkar í fátæktarfjötra sem áratugi tekið að brjótast út úr. Ég mun mótmæla hverri þeirri ríkisstjórn og flokki sem ekki vinnur ótullega og af heilindum að þessum málum. Andspænis verkefnum dagsins, alþjóðlegu vantrausti á Íslandi, gjaldþrotum fyrirtækja og atvinnu- og eignamissi fjölskyldna, verða flokkshagsmunir harla léttvægir.

**STÓRFISKAR Í LÍTILLI TJÖRN?**

Sá beigur blundar í mér að skorturinn á skýrri leiðsögn stafi af því að þrátt fyrir Viljayfirlýsinguna til AGS og samninga við önnur ríki sé enn hikað. Andspænis risavöxnum skuldbindingum er ábyrgðarleysi freistandi útleið, ekki síst ef því fylgir lýðhylli. Við megum ekki gleyma því að í öllum lokuðum samfélögum eru ákveðnir hópar eða flokkar sem tryggja sér og sínum bæði umtalsverð völd og velsæld með því að vera stórir fiskar í nógu lítilli tjörn og ráða útdeilingu gæðanna. Vonandi kemst enginn til áhrifa með slíka drauma.

En ef það er boðleg pólitík að segja að við getum sleppt lántökunum, gerst yfirlýst óreiðuþjóð án afleiðinga fyrir atvinnulífið og um leið aukið útgjöld ríkisins gæti ég hæglega hellt mér í stjórnmál. Mín fyrsta stefnuskrá hljóðar þá svona: Ég lofa því að þið fáið allt sem hinir bjóða og að auki ókeypis ís fyrir alla á sunnudögum. Dætur mínar taka reikninginn seinna.



**MÓTMÆLI FYRIR UTAN FÉLAGSFUND SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK**
Greinarhöfundur segir að tímar réttlátrar reiði séu því miður einnig tímar lýðskrumara sem vilji beita henni fyrir vagn sinn. MARKAÐURINN/ANTON BRINK

**ORÐSKÝRINGIN**

# Trúnaðarupplýsingar

Í almennu tali getur orðið trúnaðarupplýsingar haft víðtæka merkingu, allt frá smáleyndarmálum milli skólafélaga til mjög persónulegra leyndarmála fólks sem einhverjum er trúað fyrir. Á markaði er orðið hins vegar notað yfir það sem á ensku kallast *inside information*, eða hverjar þær upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfa, væru þær á hvers manns vitorði. „Trúnaðarupplýsingar geta varðað útgefanda bréfanna, verðbréfin eða önnur atriði er þeim tengjast og eru ekki enn opinber. Hins vegar teljast upplýsingar ekki lengur trúnaðarupplýsingar hafi þeim verið komið til markaðarins með tilkynningu til kauphallar, en fyrr teljast þær ekki opinberar,“ segir á vef MP Verðbréfa.



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




**Tilvalið fyrir árshátíðina!**

# Allt í steik

## 2. janúar – 28. febrúar

### 4ra rétta seðill

**1** HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

**2** RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

**3** MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

**4** LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.590 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**25** prósenta dráttarvextir verða í gildi í febrúar samkvæmt ákvörðun Seðlabankans í síðustu viku. Er það óbreytt frá fyrra mánuði.

**1,8** milljarðar króna verður kostnaðurinn við skilanefndir bankanna starfi þær í óbreyttri mynd næstu þrjú árin, samkvæmt útreikningum fréttastofu Stöðvar 2.

**8,2** prósenta lækkun hafði orðið á kaupmætti launa á einu ári samkvæmt mælingu Hagstofunnar í desember.

BANKAHÓLFIÐ

## Heitar kartöflur

Markaðurinn sagði frá því í síðustu viku að Landsbankinn í Lúxemborg hafi boðið vildarviðskiptavinum sínum að kaupa fyrir þá lúxusbíla gegn mótframlagi. Bílarnir voru geymdir í bílageymslu á vegum bankans í Lúxemborg ásamt öðrum bílum sem viðskiptavinir höfðu keypt fyrir eigin reikning. Þarna á meðal var Bugatti Veyron, dýrasta bílategund heims. Forsvarsmenn gamla Landsbankans sem náðist í könnuðust ekkert við málið þá og vísuðu á Kaupþing í Lúx. Forsvarsmenn gamla Kaupþings könnuðust heldur ekkert við málið og vísuðu málinu á Landsbankann. Einkennilegasta mál sem minnir helst á heita kartöflu, sem enginn vill halda á.



## Þjóðarsjóður

Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs gamla Landsbankans, velti þeirri hugmynd upp á aðalfundi bankans í lok apríl í fyrra að Íslendingar kæmu sér upp þjóðarsjóði í líkingu við þann sem Norðmenn búa yfir. Sjóður þessi myndi hafa tekjur af auðlindum landsins og hugviti þjóðarinnar. „Að mínum dómi ættu stjórnvöld að huga að stofnun slíks sjóðs jafnhliða því sem þau kanna með hvaða hætti öðrum má stuðla að stöðugleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi," sagði Björgólfur.



## Keypt hugmynd

Hugmynd Björgólfs fékk heilmikla athygli en féll í misjafnan jarðveg. Hvað sem öðru líður er ljóst að þótt hugmyndin sé ágæt er hún ekki Björgólfs. Eins og flestir vita fékk Landsbankinn þau Willem Buiter og Anne Sibert við London School of Economics til að skrifa skýrslu um stöðu íslenskra efnahagsmála fyrir bankann og hugsanlegar aðgerðir því til varnar. Þau kynntu Landsbankamönnum skýrsluna í apríl með glærusjóvi. Það var svo opinberað í síðustu viku. Þar má sjá hugmyndir að þjóðarsjóðum svipuðum þeim sem Björgólfur lýsti á aðalfundi bankans nokkrum dögum síðar. Eins og við á um svo margar hugmyndir náðist ekki að hrinda mörgu í framkvæmd sem skýrslan tæpti á áður en allt fór á hliðina.


HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Viðskiptahættir góðærisins. Löglegt en siðlaust?

Fimmtudaginn 29. janúar 2009 kl. 12.00 í Iðnó

Hádegisverðarfundur á vegum Háskólans á Bifröst

Á síðustu misserum hafa fréttir borist af flóknum viðskiptum sem virðast hafa tíðkast hér í seinni tíð með aðkomu bankanna og gjarnan með viðkomu í fjarlægum heimshlutum. Voru þetta eðlileg og lögleg viðskipti? Voru viðskiptin í samræmi við góða viðskiptahætti? Var eignarhald í banka lykillinn að auðsöfnun? Sváfu skattyfirvöld á verðinum? Þessum spurningum verður leitast við að svara á fundinum.

WWW.BIFROST.IS

DAGSKRÁ

**Ágúst Einarsson,** rektor setur fundinn og stýrir honum

**Bryndís Hlöðversdóttir,** deildarforseti lagadeildar
Ávarp og inngangsorð

**Ásta Dís Óladóttir,** dósent:
*Viðskiptamódel góðærisins*

**Tanya Zharov,** lögfræðingur hjá Auði Capital:
*Hvað getum við lært af reynslu annarra?*

**Elín Árnadóttir,** sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs PwC:
*Af hverju spila bresku Jómfrúareyjarnar svona stórt hlutverk í viðskiptum góðærisins?*

Aðgangseyrir kr. 1.600, léttur hádegisverður innifalinn

**Skráning á bifrost@bifrost.is**

Allir velkomnir

ENNEMM / SIA / NM36701

FRUMGREINADEILD | VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY






Kannaðu rétt þinn til bóta

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótagreiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

PACTA LÖGMENN

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR




40%
AFSLÁTTUR

**KOFAREYKT FOLALDAKJÖT**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**399 kr./kg.**
MERKT VERÐ 664 KR.KG.




40%
AFSLÁTTUR

**BAYONNESKINKA**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.079 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG




398

**KJÖTFARS - FERSKT**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG




40%
AFSLÁTTUR

**BRAUÐSKINKA Í PK.**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.019 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG




40%
AFSLÁTTUR

**HEIMILISBÚÐINGUR**
**FRÁ VOPNAFIRÐI**
**539 kr./kg.**
MERKT VERÐ 899 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

**OPIÐ: FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00








NOKKUR ORÐ
**Alma Guðmundsdóttir**

# *Hver á „rétt“ á aðstoð?*

Sumum finnst ósanngjarnt að verið sé að búa til aðgerðaáætlun til að hjálpa þeim sem tóku erlend lán og eru nú stórskuldugir í kjölfar hruns krónunnar. Rökin eru þau að það voru bara „áhættufíklar“ sem tóku erlend lán og því verði þeir að taka skellinn. Viðkomandi finnst miklu frekar að hjálpa eigi þeim sem eru með íslensk verðtryggð lán, þeir eigi frekar „rétt“ á hjálp en hinir. Persónulega er ég enginn áhættufíkill þegar kemur að fjármálum og tók vel ígrundaða ákvörðun um að taka erlent lán eftir ráðleggingar sem ég og aðrir í fjölskyldu minni fengum frá starfsfólki okkar banka.



Þegar boðið var upp á frystingu erlendra lána, sem var orðið ógerlegt að borga af, fann ég ekkert síður til með þeim sem eru með íslensk verðtryggð lán. Ég hef heyrt fólk hrósa happi yfir því að hafa ekki tekið erlent lán á sínum tíma, en átta sig svo á að það er ekkert betur sett í viðjum verðtryggingarinnar sem gerir það að verkum að lánin hafa hækkað og ganga aldrei til baka, þrátt fyrir reglulegar afborganir. Það er ekkert sanngjarnt við það og mér finnst alveg jafn mikil þörf á að endurskoða verðtrygginguna og að hjálpa fólki með erlend lán.

Ég sé ekki að við náum að skapa viðunandi aðstæður í samfélaginu ef við tökum geðþóttaákvarðanir um að koma aðeins útvöldum til bjargar þegar allir eru í neyð. Að segja að þeir sem tóku erlend lán eigi ekki rétt á hjálp því þeir tóku „áhættu“ er álíka eins og að segja að maður sem reykir og fær krabbamein eigi ekki rétt á læknishjálp eða niðurgreiðslu frá ríkinu við læknismeðferð því hann „tók áhættuna“. Getum við virkilega dæmt með þessum hætti?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



Javier Bardem Penélope Cruz Scarlett Johansson



Patricia Clarkson Kevin Dunn Rebecca Hall Chris Messina

# Vicky Cristina Barcelona

Lífið er hið endanlega listaverk

GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTA MYNDIN

3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA LEIKKONAN REBECCA HALL
BESTI LEIKARINN JAVIER BARDEM
LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI PENÉLOPE CRUZ

ÓSKARSTILNEFNING
BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI
PENÉLOPE CRUZ

Frumsýnd: 30. janúar
Hvar: Háskólabíó

Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig
www.graenaljosid.is

græna ljósið



**CLIFF CLAVIN** Rokkararnir efnilegu fengu góða kynningu á útvarpsstöð BBC, Radio 1. MYND/MARÍNÓ

# Vinsælir hjá BBC

Lag rokksveitarinnar Cliff Clavin úr Garðabæ, Such Mistakes, var fyrir skömmu valið lag vikunnar í rokkþætti Daniels P. Carter á útvarpsstöð BBC, Radio 1.

„Þetta er bara snilld, það er alltaf gaman að fá svona tækifæri. Það er fyndið að lenda í einhverju svona og ekki leiðinlegt að vera spilaður á Radio 1,“ segir söngvarinn Bjarni Þór Jensson. „Hann (Daniel) sagðist hafa talað við vin sinn sem hefði séð okkur á Airwaves. Hann spurði hvort þessi vinur sinn hefði heyrt í einhverju nýju bandi og hann lét hann fá þetta. Hann var að fíla það og spilaði það. Hann vildi endilega heyra meira þegar það kæmi meira efni.“

Cliff Clavin vann undankeppni Global Battle of the Bands hér á landi 2007 og lenti í framhaldinu í sjötta sæti í úrslitakvöldinu í London. Sveitin er að leggja lokahönd á sína fyrstu plötu sem kemur út í vor og fóru upptökur fram í Tankinum á Flateyri. Í framhaldinu ætla þeir félagar að vera duglegir við spilamennsku hér heima og útiloka ekki að spila erlendis seinna á árinu.

- fb

# Oasis með flestar tilnefningar

Rokkararnir í Oasis hafa verið tilnefndir til sjö NME-verðlauna, þar á meðal sem besta og versta hljómsveitin. Kings of Leon fékk fjórar tilnefningar, þar á meðal sem besta erlenda sveitin og fyrir besta lagið, Sex on Fire.

Auk Oasis voru tilnefndar sem besta breska hljómsveitin þær Muse, Radiohead, Bloc Party og The Last Shadow Puppets. George W. Bush, sem hefur unnið titilinn mesta illmennið síðastliðin fjögur ár, keppir í þetta sinn um nafnbótina við John McCain og breska forsætisráðherrann Gordon Brown. NME-verðlaunin verða afhent í London 25. febrúar.



**OASIS** Rokkararnir hafa verið tilnefndir til sjö NME-verðlauna.


NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING! FYRSTI KAFLI UNDERWORLD-MYNDANNA. UNDERWORLD. HRIKALEGRI OG FLOTTARI ENN NOKKRU SINNI FYRR!

Leonardo DiCaprio, Kate Winslet. Revolutionary Road. GOLDEN GLOBE VERÐLAUN BESTA LEIKKONAN

VILTU VINNA MILLJARÐ? SLUMDOG MILLIONAIRE

Frönsk kvikmyndahátíð í Háskólabíói, 16.-29. janúar. 2 DAGAR EFTIR. SKÓLABEKKURINN, SAGAN, REFURINN & BARNIÐ

SÓLSKINS DRENGURINN. TAKEN. AUSTRALIA

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEVEN POUNDS | kl. 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 | L |
| AUSTRALIA | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI | kl. 6 | L |
| SKÓLABEKKURINN / ENSKUR TEXTI | kl. 8 - 10.15 | L |
| SAGAN / ENSKUR TEXTI | kl. 5.45 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000. 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 | 10 |
| TRANSPORTER 3 | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| UNDERWORLD 3 | kl. 8 - 10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is. FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI. AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ. LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 KR. Revolutionary Road. 500 KR. VILTU VINNA MILLJARÐ? 500 KR. CHANGELING. 500 KR. TAKEN. HÖRKU SPENNUMYND ÚR SMIÐJU LUC BESSON

MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| CHANGELING | kl. 10 | 16 |
| TAKEN | kl. 6 og 8 | 16 |

SAMBÍÓIN

ROLE MODELS. „FARÐU Á ROLE MODELS EF ÞÚ VILT HLÆJA“ -USA TODAY-. ADAM SANDLER BEDTIME STORIES. ROCKNROLLA. CHANGELING. JIM CARREY YES MAN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 - 8 | L |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | VIP |
| ROCKNROLLA | kl. 10:20 | 16 |
| CHANGELING | kl. 5:30 - 8:30 | 16 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 6D | L |
| ROCKNROLLA | kl. 8:10D - 10:30D | 16 |
| YES MAN | kl. 8:10 - 10:20 | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6(3D) DIGTAL-3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| TRANSPORTER 3 | kl. 10:10 | 16 |
| INKHEART | kl. 8 | 10 |
| THE SPIRIT | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 8 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 8 | L |
| CHANGELING | kl. 10 | 16 |

SAMbio.is



HEILSUFÆÐI

Langhollasti þorramaturinn




Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum og beinlausum ýsuflökum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem tryggir að ferskleiki og næringargildi vörunnar heldur sér þótt vatnið sé dregið úr henni.

BÓNUS. Veljum íslenskt í Bónus. VELJUM ÍSLENSKT

GULLFISKUR Hollusta í hverjum bita



**GAMALL DRAUMUR** Hljómsveitin Elektra frá vinstri: Dísa, Rakel, Íris, Ísabella, Hildur og Eva Rut. Keppa í Eurovision á laugardaginn með lagi eftir Örlyg Smára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sex stelpur rokka í Eurovision

**Stelpubandið Elektra keppir í Eurovision um næstu helgi. Hara-systur fara fyrir bandinu og ætla sér langt.**

„Það er búið að vera draumur lengi hjá Hildi systur að stofna stelpurokkband. Hún er svo ótrúlega mikill rokkari. Örlygur vissi af þessu því við höfum unnið með honum að nokkrum verkefnum. Svo þegar hann fékk tækifæri til að vera með í Söngvakeppninni fannst honum þessi hugmynd passa við lagið sem hann var með. Þannig varð þessi hljómsveit til,“ segir Rakel Magnúsdóttir, sem fer fyrir hljómsveitinni Elektru með Hildi systur sinni. Áður gengu þær undir nafninu Hara-systur. Með þeim í bandinu eru Dísa trommari, áður í Brúðarbandinu, Eva Rut á bassa, sem er einnig í hljómsveitinni Andrúmi, Ísabella spilar á gítar og hefur það á ferilsskránni að hafa unnið trúbadorakeppni Rásar 2 og Íris Hólm sem er plötusnúður og syngur bakraddir og er einnig í hljómsveitinni Bermuda.

Lagið, „Got no love“, er rafknúið popprokk. „Það er seiðandi taktur í því og smá eitís. Rosalega gríp-andi,“ segir Rakel. Elektra keppir á síðasta undanúrslitakvöldi Söngvakeppninnar á laugardaginn og þar mætast stálin stinn. Meðal keppenda er sjálfur Jógvan sem Harasystur töpuðu fyrir í X-factor. „Við erum nú ekkert að velta okkur upp úr hinum lögunum,“ segir Rakel og meinar það. „Ég hef ekki einu sinni heyrt lögin og ætla ekkert að hlusta á þau. Ég vona bara að fólk muni að þetta er lagakeppni en ekki einhver vinsældakeppni.“

Elektra gefur sig þó alla í verkefnið og mun mæta vel undirbúin. „Það eru stífar æfingar. Bjartmar Þórðarson leikstýrir atriðinu og Haffi Haff sér um útlitið. Það eru sex stelpur á sviðinu svo vá, þú getur rétt ímyndað þér að þetta verður flókið! Ég er viss um að þetta verður mjög töff og óhefðbundið. Þetta er svo sannarlega ekki hefðbundið Eurovision.“

Rakel segir framtíðina bjarta. „Það er gott lið í þessari hljómsveit og við erum allar rosalega bjartsýnar. Ef þjóðin vill sjá meira af Elektru þá fær hún að sjá meira, því við erum svo sannarlega til í tuskið!“ **drgunni@frettabladid.is**

# Í beinni á Facebook

**Rapparinn Lil Wayne ætlar að spila nýjasta lag sitt, Prom Queen, í beinni útsendingu á síðunum Facebook og Myspace í dag. Wayne flytur lagið á tónleikum í San Diego og verður jafnframt hægt að fylgjast með á síðunum tveimur.**

**Lil Wayne er mjög vinsæll á netinu því samkvæmt nýjustu útreikningum er hann vinsælasti tónlistarmaðurinn sem er með Facebook-síðu. Einnig hefur fólk verið sérlega duglegt við að nota lögin hans sem hringitóna.**

**Næsta plata hans, hin rokkaða Rebirth, kemur út sjöunda apríl. Fylgir hún eftir vinsældum Tha Carter III sem margir gagnrýnendur töldu meðal bestu platna síðasta árs.**



**LIL WAYNE** Rapparinn Lil Wayne ætlar að spila nýjasta lag sitt í beinni útsendingu á Facebook og Myspace.

# Geir fær kristalskúlu eins og Davíð

„Ég er með lítið heilunarherbergi sem er ákaflega fallegt og ég nota til að biðja fyrir fólki. Þegar ég bað fyrir Geir þá mætti mér bara veggur og ég gerði mér grein fyrir því að þarna hefði verið kukl á ferðinni,“ segir Sirrí Sigfús, spákona með meiru. Hún er ekki par ánægð með þau álög og galdra sem félagarnir Geir og Davíð Oddsson hafa mátt þola undanfarna hundrað daga eða svo. Hún hefur eina norn grunaða, Evu Hauksdóttur, sem hefur farið mikinn í mótmælunum að undanförnu og hefur magnað seiði sína á opinberum vettvangi.



**DAVÍÐ FÆR DAVÍÐ** Sirrí spákona ætlar að afhenda Geir Haarde kristalskúlu, alveg eins og hún afhenti Davíð Oddssyni á sextugsafmæli hans í fyrra. Sirrí sakar Evu Hauksdóttur norn um að hafa magnað seið gegn sínum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sirrí hyggst kalla saman hóp af fólki og fá það til biðja fyrir Geir og hrinda þannig kuklinu. Þau þurfi ekki að vera öll á sama stað heldur þarf bænin að fara fram á nákvæmlega sama tíma. Klukkurnar yrðu bara samstilltar til að magna mátt bænarinnar enn frekar. „Og þannig getum við snúið við þessu kukli.“ Sirrí ætlar ekki að láta þar við sitja því hún ætlar að endurtaka leikinn frá því í fyrra þegar hún afhenti Davíð Oddssyni kristalskúlu samnefnda honum þegar hann varð sextugur. Sirrí ætlar nefnilega að láta Geir hafa slíka kúlu og reiknaði með að athöfnin færi fram í gærkvöldi, víðsfjarri kastljósi fjölmiðlanna.

Eva Hauksdóttir kom af fjöllum þegar Fréttablaðið bar undir hana ásakanir Sirríar. „Ég stefndi bara reiði þjóðarinnar í átt að ríkisstjórninni,“ segir Eva og vonar, heitt og innilega, að Sirrí takist að snúa þessu kukli við. „Mínir galdrar hafa hins vegar staðist, ég bar Davíð út úr Seðlabankanum og það virðist vera að ganga eftir. Það alvarlegasta sem ég hef galdrað fram var samviskubit.“ **- fgg**





# Munið eftir launamiðunum!

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2009 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2009

- **Launamiðar og verktakamiðar**
- **Bifreiðahlunnindamiðar**
- **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
- **Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
- **Greiðslumiðar – leiga eða afnot**
- **Skýrsla um viðskipti með hlutabréf**
- **Ýmis lán til einstaklinga**
- **Stofnsjóðsmiðar**
- **Hlutafjármiðar**
- **Launaframtal**




RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra **www.rsk.is**

### > Þórunn Helga aftur til Santos

Varnar- og miðjumaðurinn Þórunn Helga Jónsdóttir hjá KR er gengin aftur til liðs við brasilíska félagið Santos en þetta var staðfest á heimasíðu KR í gær. Þórunn Helga mun dvelja með Santos fram í apríl en hún lék með félaginu um sex vikna skeið fyrir jólin og afrekaði það að verða bikarmeistari en hún varð einnig bikarmeistari með KR síðasta sumar. Næsta verkefni Þórunnar með brasilísku bikarmeisturunum er 32-liða keppni sem kallast Liga Nacional de Futebol Feminino og hefst hún á sunnudag.



sport
sport@frettabladid.is

**N1-DEILD KVENNA Í HANDBOLTA:** STJARNAN SIGRAÐI VAL, 23-17, OG SKAUST Á TOPP DEILDARINNAR

# *Farið að hitna undir Stefáni Arnarssyni hjá Val*



Stjarnan lagði Val, 23-17, í toppleik N1 deildar kvenna í gær og komst Stjarnan þar með í efsta sæti deildarinnar en Valur er átta stigum á eftir toppliðinu sem hljóta að vera mikil vonbrigði enda miklar væntingar gerðar til Valsstelpna á Hlíðarenda.

Berglind Íris Hansdóttir er eini leikmaður liðsins sem leikur alltaf vel og nær Stefán Arnarsson litlu út úr annars öflugum leikmannahópi sem spáð var góðu gengi á tímabilinu.

„Þetta var skelfilegt. Það er skelfilegt hvernig við köstum frá okkur möguleika á að minnka muninn í síðari hálfleik," sagði Stefán Arnarsson en Valur fékk sex tækifæri á skömmum tíma til að minnka muninn í tvö mörk einum leikmanni fleiri þegar átta mínútur voru til leiksloka.

„Við berum mikla virðingu fyrir markverði Stjörnunnar og leikmenn hafa ekki trú á því að geta skorað. Þá virkar þetta allt mjög seinlegt og lélegt sem það og var. Mér fannst við ekki þora að skjóta allan leikinn."

Stefán segir það gríðarleg vonbrigði að eiga engan möguleika á deildarmeistaratitlinum þegar sjö umferðir eru eftir af mótinu og farið að hitna verulega undir landsliðsþjálfaranum fyrrverandi.

„Ég veit ekki með það en ég finn ekki fyrir neinni pressu. Það er eðlilegt að menn tali um þetta. Við erum að spila mjög illa og ég er þjálfarinn og er ábyrgur fyrir þessu. Það er ekkert flóknara en það."

Valur er í þriðja sæti deildarinnar og vinnur flesta leikina á móti liðunum fyrir neðan sig en liðið hefur leikið fimm leiki gegn efstu liðunum tveimur, Stjörnunni og Haukum, í deild og bikar og tapað þeim öllum.

„Það virðist vera lítið sjálfstraust í liðinu gegn þessum liðum og það hefur ekki tekist að búa það til. Það er einkenni liðsins í þessum leikjum, hvað það hefur lítið sjálfstraust," sagði þjálfari Vals.

Sóknarleikur Vals var hugmyndalítill í leiknum en varnarleikurinn var góður og markvarslan mjög góð. Stjarnan hefur oft leikið betri sóknarleik en í gærkvöld en það kom ekki að sök þar sem Florentina Stanciu varði frábærlega fyrir aftan mjög góða vörn Íslands- og bikarmeistarana. -gmi



**AÐ SKOÐA LEIKMENN** Undirbúningstímabilið er komið á fullt hjá Elísabetu Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Elísabet Gunnarsdóttir:

## Sjö marka sigur í fyrsta leiknum

**FÓTBOLTI** Kristianstad byrjaði með stórsigri í fyrsta leik sínum undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur.

Kristianstad vann 7-0 sigur á Ovesholms IF í æfingaleik um helgina en mótherjinn er 3. deildarlið úr nágrenninu. Guðný Björk Óðinsdóttir skoraði fimmta mark Kristianstad úr vítaspyrnu.

Mesta hrósið í staðarblaðinu fengu nýju leikmenn liðsins Sofie Andersson frá Gautaborg og íslenska landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir en þær spiluðu hvor á sínum vængnum. - óój

# Markaveisla hjá United

**Manchester United vann öruggan 0-5 sigur gegn WBA í gærkvöldi og bætti met Chelsea í deildinni með því að halda markinu hreinu í ellefta leiknum í röð.**

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Manchester United lentu ekki í neinum vandræðum með WBA í gærkvöldi og unnu að lokum 0-5.

Dimitar Berbatov skoraði fyrsta markið á Hawthorns-leikvanginum í gær á 22. mínútu eftir glæsilegan samleik við Michael Carrick sem splundraði vörn heimamanna en framherjinn kláraði færið sitt vel.

Til að bæta gráu ofan á svart fyrir WBA þá fékk varnarmaðurinn Paul Robinson að líta rauða spjaldið á 40. mínútu eftir tæklingu á Ji-Sung Park og útlitið ekki gott fyrir heimamenn.

Carlos Tevez jók á eymd WBA-manna með öðru markinu í lok fyrri hálfleiks með skoti af stuttu færi eftir herfileg mistök markvarðarins Scott Carson.

WBA komst nálægt því að minnka muninn á 57. mínútu þegar skot Ryans Donk fór í markstöngina á marki United en þremur mínútum síðar skoraði varnarmaðurinn Nemanja Vidic þriðja mark United með skalla eftir hornspyrnu Ryans Giggs.

Giggs var gjafmildur í gær því hann var aftur á ferðinni á 65. mínútu þegar hann lagði upp auðvelt mark fyrir Cristiano Ronaldo og WBA-menn máttu sín lítils gegn léttleikandi United-mönnum sem voru í þokkabót einum leikmanni fleiri.



**FÖGNUÐUR** Leikmenn United fagna hér marki Dimitar Berbatov gegn WBA í gærkvöld en mörkin áttu eftir að verða fimm talsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ronaldo var aftur á ferðinni stuttu síðar og skoraði fimmta mark United en þó nokkur rangstöðulykt var af markinu.

Lokatölur urðu 0-5 fyrir United sem bætti met Chelsea frá tímabilinu 2004-2005 með því að halda markinu hreinu í ellefu leikjum í röð í deildinni.

Aston Villa hélt áfram góðu gengi sínu í toppbaráttunni og skaust upp í þriðja sætið með 0-1 sigri gegn Portsmouth þar sem Emile Heskey skoraði sigurmarkið í sínum fyrsta leik með Villa. Hermann Hreiðarsson var í byrjunarliði Portsmouth og lék allan leikinn.

Þá bætti Tottenham stöðu sína í botnbaráttunni með 3-1 sigri gegn Stoke og Kenwyne Jones skoraði eina mark leiksins í 1-0 sigri Sunderland gegn Fulham.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### *N1 deild kvenna í handbolta*

Valur-Stjarnan 17-23 (8-12)

**Mörk Vals (skot):** Mörk Vals: Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5 (9), Dagný Skúladóttir 3 (9), Ágústa Edda Björnsdóttir 2/1 (3/2), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (4), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 1 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (2), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (2/1), Kristín Guðmundsdóttir 1 (4), Drífa Skúladóttir 1/1 (5/1), Berglind Íris Hansdóttir (1), Eva Barna (3)

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 24 (47/3) 51,1%, Marta Skorem (1/1)

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Alina Petrache 6/4 (11/4), Þorgerður Anna Atladóttir 5 (9), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 4 (11), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (3), Sólveig Lára Kjærnested 2 (4), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (5), Kristín Jóhanna Steinarsdóttir 2 (5), Florentina Stanciu (2),

**Varin skot:** Florentina Stanciu 27/2 (44/4) 61,4%

### *Enska úrvalsdeildin*

Sunderland-Fulham 1-0
1-0 Kenwyne Jones (55.).
West Bromwich-Man. United 0-5
0-1 Dimitar Berbatov (22.), 0-2 Carlos Tevez (44.), 0-3 Nemanja Vidic (60.), 0-4 Cristiano Ronaldo (65.), 0-5 Cristiano Ronaldo (73.).
Portsmouth-Aston Villa 0-1
0-1 Emile Heskey (21.).
Tottenham-Stoke 3-1
1-0 Aaron Lennon (8.), 2-0 Jermain Defoe (21.), 3-0 Michael Dawson (25.), 3-1 James Beattie (57.).

### *Enska B-deildin*

Blackpool-QPR 0-3
Heiðar Helguson skoraði tvö mörk fyrir QPR.
Watford-Burnley 3-0
Jóhannes Karl Guðjónsson lék í 79 mínútur fyrir Burnley.
Reading-Wolves 1-0
Ívar Ingimarsson lék ekki með Reading vegna meiðsla en Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á sem varamaður á 30. mínútu.

### *HM í handbolta í Króatíu*

**MILLIRIÐILL 1**

| | |
|---|---|
| Ungverjaland-Kórea | 28-27 (11-14) |
| Slóvakía-Svíþjóð | 26-27 (11-16) |
| Frakkland-Króatía | 19-22 (7-11) |

**Lokastaðan**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1. Króatía** | **5** | **+19** | **10** |
| 2. Frakkland | 5 | +27 | 8 |
| **3. Ungverjaland** | **5** | **-8** | **5** |
| 4. Svíþjóð | 5 | -5 | 4 |
| **5. Slóvakía** | **5** | **-13** | **3** |
| 6. Suður Kórea | 5 | -20 | 0 |

**MILLIRIÐILL 2**

| | |
|---|---|
| Makedónía-Serbía | 28-32 (16-15) |
| Þýskaland-Danmörk | 25-27 (14-14) |
| Pólland-Noregur | 31-30 (14-14) |

**Lokastaðan**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1. Danmörk** | **5** | **+11** | **8** |
| 2. Pólland | 5 | +9 | 6 |
| **3. Þýskaland** | **5** | **+14** | **5** |
| 4. Serbía | 5 | -8 | 5 |
| **5. Noregur** | **5** | **-3** | **4** |
| 6. Makedónía | 5 | -23 | 2 |

**Undanúrslit**

| | |
|---|---|
| **Króatía-Pólland** | **Frakkland-Danmörk** |

**Leikir um sæti**

| | |
|---|---|
| **5. sætið** | **Ungverjaland-Þýskaland** |
| 7. sætið | Svíþjóð-Serbía |
| **9. sætið** | **Slóvakía-Noregur** |
| 11. sætið | Suður Kórea-Makedónía |




Króatar, Frakkar, Danir og Pólverjar í undanúrslitin:

## Pólverjar nýttu sér klúður Norðmanna

**HANDBOLTI** Lokaumferð milliriðlanna á HM í handbolta fór fram í gær og nú liggur ljóst fyrir að annars vegar munu Króatar og Pólverjar mætast í undanúrslitunum og svo hins vegar Frakkar og Danir.

Danir unnu 27-25 sigur á heimsmeisturum Þjóðverja í háspennu úrslitaleik um efsta sæti 2. milliriðils í gær.

Staðan var jöfn, 25-25, þegar ein og hálf mínúta lifði leiks en Danirnir reyndust sterkari á lokasprettinum með mörkum frá Klavs Jörgensen og Mikkel Hansen en markvörðurinn Kasper Hvidt varði einnig á mikilvægum tímapunkti í blálokin.

Öll von var þó ekki úti hjá Þjóðverjum þar sem að jafntefli í leik Norðmanna og Pólverja myndi þýða það að Þjóðverjar, Norðmenn, Pólverjar og Serbar myndu vera jafnir með fimm stig og Þjóðverjar stæðu þá best að vígi í innbyrðisviðureignum og færu í undanúrslit.

Leikur Norðmanna og Pólverja var hnífjafn og því á tímabili ekki loku fyrir það skotið að Þjóðverjar kæmust áfram eftir allt saman. Á lokakafla leiksins virtust Norðmenn þó vera með þetta í hendi sér þar sem þeir leiddu leikinn 28-30 þegar aðeins um tvær mínútur voru eftir. Þá tók hins vegar við algjör martraðar leikkafli hjá Norðmönnum og hann kristallaðist í glórulausum mistökum á síðustu sekúndum leiksins.

Pólverjar náðu að jafna leikinn 30-30 með mörkum Mariusz Jurasik og Rafal Glinski og Norðmenn tóku þá leikhlé þegar um fjórtán sekúndur voru eftir og ákváðu að skipta inn sjöunda útileikmanninum fyrir markvörð sinn. Sjöunda leikmanninum urðu hins vegar á þau mistök að senda lélega línusendingu sem Pólverjar komust inn í og eftirleikurinn var auðveldur fyrir Jurasik sem skoraði yfir völlinn í autt markið, 31-30. - óþ



**HEINER BRAND** Var nálægt því að fara í undanúrslit með Þjóðverjum þrátt fyrir tap gegn Dönum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Jóhann Berg Guðmundsson:

## Semur við AZ

**FÓTBOLTI** Hinn efnilegi Jóhann Berg Guðmundsson úr Breiðabliki hefur samþykkt fimm ára samning við hollenska félagið AZ Alkmaar en þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Jóhann Berg var nálægt því að ganga í raðir þýska félagsins Hamburger fyrr í vetur og þá var enska b-deildarfélagið Coventry einnig á eftir honum en samkvæmt heimildum Stöðvar 2 þá valdi hann AZ Alkmaar. - óþ



**KEANE** Hefur valdið vonbrigðum eftir 20 milljón punda félagsskipti sín frá Tottenham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rafa Benitez, Liverpool:

## Keane á framtíð hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, blés á sögusagnir þess efnis að félagið væri tilbúið að selja Robbie Keane í janúar félagsskiptaglugganum en framherjinn, sem kostaði 20 milljónir punda, hefur ekki verið í náðinni upp á síðkastið.

„Það er of mikið talað um það ef Keane er ekki í byrjunarliðinu eða fær ekki að spila alla leiki. Keane er frábær leikmaður og var vissulega dýr en hann hefur ef til vill ekki verið að sína sinn besta leik fyrir okkur hingað til og fyrir mér skiptir þá ekki máli hvað þú heitir eða hvað þú kostar, ég vel besta mögulega lið mitt fyrir hvern leik. Keane er að leggja mikið á sig til þess að bæta sig og vill berjast fyrir stöðu sinni í liðinu og það skiptir mestu máli. Allir leikmenn okkar eru mikilvægir í augnablikinu þar sem leikjaálagið verður mikið á næstu vikum,“ segir Benitez. - óþ

Joe Kinnear, Newcastle:

## Sektaður fyrir ummæli sín

**FÓTBOLTI** Aganefnd enska knattspyrnusambandsins sektaði í gær Joe Kinnear, knattspyrnustjóra Newcastle, um 500 pund fyrir ummæli hans um dómarann Martin Atkinson sem Írinn málglaði kallaði „Mikka Mús dómara“ eftir 2-1 tap gegn Fulham.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Kinnear er ávíttur fyrir ummæli sín en hann var tekinn á teppið í október þegar hann blótaði alls fimmtíu og tvisvar sinnum í viðtali við breska blaðamenn þegar hann var nýtekinn við starfi sínu hjá Newcastle. - óþ



**BELLAMY** Fékk ekki að fara frá West Ham til Tottenham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Scott Duxbury, West Ham:

## Seljum ekki til Tottenham

**FÓTBOLTI** Scott Duxbury, forstjóri West Ham, upplýsti í viðtali við fréttastofuna Sky Sports í gær að ástæðan fyrir því að framherjinn Craig Bellamy hefði ekki farið til Tottenham væri einfaldlega sú að West Ham ætlaði ekki að selja leikmenn til erkifjenda sinna í Lundúnum. Bellamy var síðar seldur til Manchester City en Tottenham er talið hafa verið reiðubúið að borga sömu upphæð og City.

„Við erum að vinna eftir nýrri stefnu og ákveðnum áherslum sem fela meðal annars í sér að selja ekki leikmenn til erkifjenda okkar. Það er mikill rígur á milli West Ham og Tottenham og af hverju ættum við að vilja selja leikmenn okkar þangað til þess að styrkja þeirra leikmannahóp? Ég sé ekki tilganginn í því þar sem við viljum vera fyrir ofan Tottenham í deildinni, ár eftir ár,“ segir Duxbury. - óþ

AC Milan vill kaupa David Beckham frá LA Galaxy en ítalska félagið hefur haft hann að láni að undanförnu:

# AC Milan reynir nú að kaupa Beckham

**FÓTBOLTI** Adriano Galliani, stjórnarformaður AC Milan, staðfesti í viðtali við ítalska fjölmiðla í gær að félagið væri tilbúið til að kaupa David Beckham á 4,5 milljónir punda frá LA Galaxy en miðjumaðurinn hefur verið í láni hjá ítalska félaginu síðan í byrjun janúar. Bandaríska félagið hefur enn ekkert samþykkt um félagsskiptin fyrirhuguðu.

„Ef Beckham kemst að samkomulagi við LA Galaxy um að hann fái að fara frá félaginu þá erum við tilbúnir til að borga umrædda upphæð. Þetta mun ráðast á næstu dögum. Beckham vill vera áfram í okkar herbúðum en hann þarf að tala við Bandaríkjamennina fyrst. Ef LA Galaxy vill ekki selja hann þá verður það bara þannig,“ segir Galliani.

Hinn 33 ára gamli Beckham skrifaði undir fimm ára samning við LA Galaxy í janúar árið 2007 en í samningnum er klausa sem segir til um að hann geti hins vegar farið frá félaginu í frjálsri sölu í október næstkomandi, ef honum sýnist svo. - óþ



**ÁNÆGÐUR Í MÍLANÓ** David Beckham hefur fundið sig vel með AC Milan síðan hann gekk í raðir félagsins í byrjun janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY


BJÖRT FRAMTÍÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNIIÐNAÐAR Á ÍSLANDI EF...

**RÁÐSTEFNA Á GRAND HÓTEL LAUGARD. 31. JANÚAR**

SAMTÖK IÐNAÐARINS, MÁLMUR – SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í MÁLM- OG SKIPAIÐNAÐI OG VM – FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA halda ráðstefnu um stöðu málm- og véltækniiðnaðar á Íslandi og tækifæri hans í framtíðinni

DAGSKRÁ

**KL. 10 SETNING**

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON, IÐNAÐARRÁÐHERRA, FLYTUR ÁVARP**

**VONIR OG VÆNTINGAR FYRIR 20 ÁRUM - FRAMTÍÐIN**
*Ingólfur Sverrisson, forstöðumaður Málm- og véltæknisviðs SI*

**SAMKEPPNISHÆFNI - FORSENDUR OG ÞÝÐING**
*Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*

**SAMANBURÐUR VIÐ ERLENDA KEPPINAUTA, AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA**
*Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar SI*

**INNKAUPASTEFNA, NÝSKÖPUN, MARKAÐSSETNING OG SÖLUMENNSKA**
*Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur hjá SI*

**KL. 12 HÁDEGISVERÐUR**

**KL. 13 TÆKIFÆRIN BLASA VIÐ**
*Frásagnir í máli og myndum af verkefnum fyrirtækja innan greinarinnar*

**HVAÐ SKIPTIR MESTU MÁLI FRÁ SJÓNARHÓLI STARFSMANNA?**
*Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri VM*

**HVERNIG Á AÐ FÁ FLEIRI TIL AÐ LÆRA MÁLMIÐNIR?**
*Ingi Bogi Bogason, forstöðum. menntunar og mannauðs hjá SI*

**ENDURMENNTUN STARFSMANNA OG MIÐLUN ÞEKKINGAR**
*Gylfi Einarsson, forstöðum. Málm- og véltæknisviðs IÐUNNAR*

**SKÓLARNIR OG ÞARFIR FYRIRTÆKJANNA**
*Baldvin Ringsted, kennslustjóri tæknisviðs VMA*

**HVERNIG FARA ÞEIR BESTU AÐ?**
*Sverrir Ragnarsson, ráðgjafi og BS í alþjóðaviðskiptum*

**SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR**
*Guðmundur Ragnarsson, formaður VM*

**KL. 16 RÁÐSTEFNUSLIT**

*Ráðstefnustjóri: Brynjar Haraldsson, formaður MÁLMS*

***Allt áhugafólk um málm- og véltækniiðnað á Íslandi velkomið!***

**Skráning á mottaka@si.is, vm@vm.is og í símum 591 0100 og 575 9800**

SI

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Málmur
Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði

**> Lisa Snowdon**

„Ef þú ert of skipulagður getur þú misst af góðu tilboði. Ef þú ert of hvatvís er hætta á að þú takir vondu tilboði. Þú þarft því að finna leið til að samræma þetta tvennt.“ Snowdon er yfirdómari í raunveruleikaþættinum Britain's Next Top Model, þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu Bretlands. Þátturinn er sýndur í kvöld á Skjáeinum.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á ÞINGLIÐIÐ

# Gömul 45 snúninga plata dregin fram

Þið munið eftir þeim – 45 snúninga plötunum. Þær voru handhæg verslunarvara áður en útvarpsstöðvar fóru að spila popp í miklum mæli. Svo uxu nýjar stöðvar upp, kassettan kom til og síðan geisladiskurinn og loks niðurhalið. Nú er það bara fólk yfir miðjum aldri sem man 45 snúningana sem hafa þó sett mark sitt til lengdar á dægurlagið sem enn lýtur tímamörkum þessa gamla varðveisluforms.

Sjálfstæðismenn drógu fram gamla 45 snúninga plötu í fyrradag, reyndust allir hafa hana tilbúna á sér, skelltu henni undir nálina og gamalkunnir tónar tóku að heyrast á ný: það var sundrungarkenningin með hinu þekkta viðlagi um að engum væri treystandi fyrir fjármálum ríkisins nema þeim einum. Samfylkingin væri raunar fimm flokkar en ekki einn. Geir skellti þessu á fóninn í Kastljósi, sat keikur og taldi Jóhönnu Sigurðardóttur skattaglaða konu og eyðslusama og því vanfæra til að leiða ríkistjórn: sá maður sem hefur þrátt fyrir hugsjónir sínar um takmörkun ríkisafskipta staðið fyrir látlausri útþenslu ríkisins bæði sem fjármálaráðherra og svo sem forsætisráðherra. Sá maður sem hefur samkvæmt vísindalegum úttektum staðið fyrir mestum skattahækkunum á flestalla þegna landsins undanfarin ár. Og hann trúði þessu sjálfur og ekki vildi fréttamaðurinn trufla sönginn.



Og fleiri drógu upp gamlar plötur: hinn hallærislegi frasasöngur um galla andstæðinga hljóðaði um alla ganga í viðtölum fjölmiðla mánudagsins. Svo illa er þingliðið úr sambandi við almenning í landinu að það skynjar ekki að þannig málflutning vill fólk ekki heyra lengur. Fráfarandi þingmenn verða að hala niður ný lög, annan tón og nýjan boðskap. Vilji þeir komast á lista.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.55 Everton - Arsenal** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.15 Bráðavaktin (ER)** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30 Armed and Famous** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30 Ghost Whisperer** STÖÐ 2



▶ **21.50 CSI. Miami** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (46:52)

**17.55 Gurra grís** (73:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Bráðavaktin** (ER) (11:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Jukka Korkeila** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Meistaramót** (2:3) (Mestermöder: Tréblásarar) Danskur heimildamyndaflokkur um hljóðfæraleikara. Í þessum þætti eru kynntir tréblásararnir Ulla Miilmann, Henrik Goldschmidt, Lee Morgan og Signe Haugland.

**23.20 Kastljós** (e)

**00.00 Lögin í Söngvakeppninni**

**00.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 The Weather Man**

**08.00 Ævintýraferðin**

**10.00 Nobody's Baby**

**12.00 Hollyday in Handcuffs**

**14.00 The Weather Man**

**16.00 Ævintýraferðin**

**18.00 Nobody's Baby**

**20.00 Hollyday in Handcuffs** Gamanmynd um unga konu sem vill koma með kærasta heim til fjölskyldunnar um jólin en á engan.

**22.00 Blast!**

**00.00 The Fog**

**02.00 Children of the Corn 6**

**04.00 Blast!**

**06.00 American Dreamz**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (240:300)

**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (8:25)

**11.00 The Riches** (5:7)

**12.00 Grey's Anatomy** (4:17)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (23:28)

**13.55 E.R.** (21:25)

**14.45 Ghost Whisperer** (52:62)

**15.35 BeyBlade**

**15.58 Leðurblökumaðurinn**

**16.18 Ofurhundurinn Krypto**

**16.43 Ruff's Patch**

**16.58 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.55 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (19:23) Hómer ákveður að reyna fyrir sér sem listamaður þegar mislukkuð tilraun hans til að smíða grillpall vekur athygli listasafns.

**20.00 Gossip Girl** (18:18) Þættirnir sem eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (10:24)

▶**21.30 Ghost Whisperer** (59:62) Melinda er gædd er sjötta skilnigarvitinu og því oft í nánu sambandi við hina framliðnu.

**22.15 Weeds** (4:15)

**22.45 Oprah**

**23.30 Sex and the City** (4:12)

**23.55 E.R.** (21:25)

**00.40 Cold Case** (4:23)

**01.25 Crossing Jordan** (10:17)

**02.10 Hål i mitt hjärte**

**03.45 Grey's Anatomy** (10:24)

**04.30 Friends**

**04.50 The Simpsons** (19:23)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**18.00 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**18.55 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**19.25 Ensku bikarmörkin 2009** Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrifin skoðuð.

**19.55 Barcelona - Atl. Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.35 Atvinnumennirnir okkar - Hermann Hreiðarsson** Auðunn Blöndal leiðir áhorfendur í gegnum allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.

**22.10 Leiðin að Superbowl** Leið liðanna sem leika til úrslita um Superbowl skoðuð.

**23.05 Barcelona - Atl. Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 WBA - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.15 Enska úrvalsdeildin. Sunderland - Fulham** Útsending frá leik Tottenham og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

**18.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.25 Coca Cola mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

▶**19.55 Everton - Arsenal** Bein útsending frá leik Everton og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3: Wigan - Liverpool Sport 4: Chelsea - Middlesbrough Sport 5: Man. City - Newcastle Sport 6: Blackburn - Bolton

**22.00 Wigan - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.40 Chelsea - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Top Design** (4:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika (e)

**20.10 90210** (4:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum.

**21.00 Britain's Next Top Model** (3:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Það hitnar í kolunum hjá stúlkunum ellefu sem eftir eru. Leyndarmál Amber kemur upp á yfirborðið í kynþokkafullri myndatöku og Tamar lendir í vandræðum við gerð auglýsingar.

▶**21.50 CSI. Miami** (16:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Horatio er í Brasilíu þar sem helsti óvinur hans er í hefndarhug á meðan félagar hans í rannsóknardeildinni leita að Calleigh sem er í haldi mannræningja.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (16:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Körfuboltamaður er grunaður um morð á manni sem lögsótti hann út af slagsmálum milli leikmanna og áhorfenda. (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# 358.670 INNLIT Á EINUM DEGI

Vísir er gríðarlega öflugur auglýsingamiðill ásamt því að vera virkasti vef-fréttamiðill landsins.

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina allan sólarhringinn.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



Modernus 26.janúar 2009 - Vefmæling Creditinfo Ísland 16.-30.september 2008

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.45**
**Grey's Anatomy – snýr aftur eftir stutt hlé.**

Vinsælasti dramaþáttur í heimi snýr aftur eftir stutt hlé. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf lagalega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ 90210

**Skjáreinn kl. 20.10**

Það er engin lognmolla í Beverly Hills. Óvissuástand hefur skapast í kringum söngleik skólans eftir að leikstjórinn hætti. Dixon vantar pening og fær sér vinnu á meðan ástarlífið flækist fyrir Annie og Naomi gerir upp málin við ástkonu pabba síns.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (112:260)
**16.30 Hollyoaks** (113:260)
**17.00 Seinfeld** (7:24)
**17.30 Armed and Famous** (2:6)
**18.15 Chubby Children** (3:6)
**19.00 Hollyoaks** (112:260)
**19.30 Hollyoaks** (113:260)

**20.00 Seinfeld** (7:24) Jerry fer á fjörurnar við húðsjúkdómalækni til að hjálpa George að villa um fyrir nýja vinnuveitandanum og Kramer er með nýjan kjóthníf heilanum.

▶ **20.30 Armed and Famous** (2:6) Ný-stárlegur raunveruleikaþáttur um hóp af Hollywood stjörnum sem eru sett í lögregluskóla og síðan er fylgst með þeim þar sem þau sinna lögreglustörfum í bænum Muncie í Indiana.

**21.15 Chubby Children** (3:6) Bresk þáttaröð um yfirvigt barna sem er ört vaxandi vandamál í Bretlandi og víða um heim. Paul Gately er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna og heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti.

**22.00 Burn Notice** (8:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.

**22.45 Rescue Me** (7:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.

**23.30 Réttur** (2:6)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um heilsufar og hugsjónir.

**21.00 Kolfinna** Baráttukonan ætlar í fylkingarbrjóst vinstri manna og tekur vikulega á málum. Hún býður til sín gestum og ræðir þjóðmálin.

**21.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm skeleggur að vanda en sneiðir nú hjá pólitískri umræðu.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Kender du typen? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Svampebob Firkant **16.25** F for Får **16.30** SYV **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren - Prostitutionens bagmænd **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart. Kærlighed på is **22.15** Onsdags Lotto **22.20** OBS **22.25** Hercule Poirot

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Koht i familien **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.35** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lov og orden. New York **23.25** Life on Mars

## SVT 1

**12.00** Osmosis Jones **13.35** Öga mot öga **14.05** Renheten framför allt **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Carola - 25 år som artist **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Sommer **21.00** The Tudors **21.55** Novellfilm 2008 **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Stormen **23.40** Mästarnas mästare **00.40** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég er grænmetisæta þannig að það er svolítið flókið mál. Fyrir mig er það Garðurinn sem er pínulítill staður ofarlega á Frakkastíg. Annars finnst mér alltaf besti bitinn vera heima hjá mér.“*

Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona

# Jónsi loksins frjáls undan okinu

„Tilfinningin er ljúfsár. Það er söknuður í æðislegum bíl, en algjör gleði að vera frjáls undan oki myntkörfulánsins,“ segir Jón Jósep Snæbjörnsson, Jónsi í Svörtum fötum, sem nú um mánaðamótin upplifir sætasta draum Íslendingsins um þessar mundir: Að borga síðustu greiðsluna af myntkörfuláni. Hann var með BMW X3 jeppaling á eins árs rekstrarleigu. „Fyrst var þetta bara eitthvað sem maður ákvað að fara í,“ segir Jónsi, sem lýsir ferli sem margir þekkja. „Greiðslan var vissulega nokkuð há í upphafi en maður lét sig hafa það út af lúxusnum og þægindunum. Næst varð greiðslan óþægileg, manni fannst eins og það væri verið að þrengja að hálsinum á manni. Greiðslan hækkaði enn meira og þá var afborgunin orðin hreinlega skelfileg. Undir lokin var þetta bara orðinn einn stór brandari og ekkert hægt að gera nema bíta á jaxlinn.“

BMW X3 jeppalingar kosta á bilinu 8-10 milljónir hjá B&L, en þar líkt og annars staðar er alveg hætt að bjóða myntkörfulán. Það þykir einfaldlega „taboo“ í dag, eins og sölumaðurinn orðaði það. En hvað með Jónsa. Ætlar hann að fá sér notaðan Yaris eftir myntkörfumartröðina? „Tja… Ég er nú bara að líta í kringum mig. Satt að segja er ég orðinn nokkuð veikur fyrir svona drossíum. Það er auðvitað æðislegt að keyra Pæja. Og svo verður náttúrlega að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og axla ábyrgð! En maður reynir að taka gömlu íslensku aðferðina. Spara. Aldrei aftur myntkörfulán!“

- drg




**VEIKUR FYRIR DROSSÍUM** Jónsi upplifir drauminn og losnar við myntkörfulánið um næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skóbotn, **6.** gangþófi, **8.** smávaxin maður, **9.** hlaup, **11.** í röð, **12.** búpeningur, **14.** bragsmiður, **16.** innan, **17.** tala, **18.** titill, **20.** tveir eins, **21.** borg í Portúgal.

**LÓÐRÉTT**
**1.** göngulag, **3.** hróp, **4.** nennuleysi, **5.** svelg, **7.** lúberja, **10.** rúm ábreiða, **13.** gæfa, **15.** daður, **16.** upphrópun, **19.** rún.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sóli, **6.** il, **8.** peð, **9.** gel, **11.** tu, **12.** smali, **14.** skáld, **16.** út, **17.** níu, **18.** frú, **20.** ff, **21.** faró.

**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** óp, **4.** letilíf, **5.** iðu, **7.** lemstra, **10.** lak, **13.** lán, **15.** dufl, **16.** úff, **19.** úr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Margrét Frímannsdóttir
2. Buff
3. Savio Nsereko

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**JÓNAS SIGURÐSSON** Jónas er að undirbúna nýja plötu sem fjallar um hina stöðugu þrá eftir meiru í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

JÓNAS SIGURÐSSON: STJÓRNLAUS LÖNGUN Í MEIRA RÚSTAÐI LANDIÐ

# Sólstrandargæinn sem gagnrýndi græðgisvæðinguna

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson flutti heim síðasta haust eftir sex ára búsetu í Danmörku. Hann segir að Íslendingar séu loksins komnir á beinu brautina eftir græðgisvæðingu síðustu ára.

„Það er stórkostlegt að fá að sjá þetta í aksjón, hvernig þessi stjórnlausa löngun í meira er búin að rústa heilu samfélagi. Ég held að þetta hafi átt að gerast,“ segir tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson, sem flutti heim til Íslands skömmu fyrir bankahrunið í haust. „Ég er búinn að ganga með plötu í maganum sem fjallar um þetta, þessa þrá eftir meiru. Maður sér þetta líka í sjálfum sér að vilja alltaf eitthvað meira og fá aldrei nóg af neinu,“ segir Jónas, sem hafði ráðið sig sem tölvuforritara fyrir bankana en þau plön fóru fljótlega út um þúfur.

Jónas var í hljómsveitinni Sólstrandargæjunum á tíunda áratugnum. Frægasta lag sveitarinnar var Rangur maður. Fyrir jólin 2006 gaf hann út sína fyrstu sólóplötu, Þar sem malbikið svífur mun ég dansa, sem hlaut mjög góð viðbrögð. Þar gagnrýndi hann græðgisvæðinguna í íslensku samfélagi og söng um að bylting væri í vændum. „Ég hafði miklar áhyggjur þegar ég var að flytja til Íslands því það var búið að breytast mikið á meðan ég var úti. Núna finnst mér allt vera eins og það á að vera,“ segir Jónas, sem tók sjálfur þátt í mótmælunum á Austurvelli. „Þetta eru búnir að vera mjög sérstakir tímar. Auðvitað er þetta rosalega sársaukafullt og ég get ekki sagt að ég gleðjist yfir því að fólk er að tapa aleigunni en ég er sannfærður um að samfélagið verði mikið betra á eftir. Við erum í raun mikið betur sett með þetta allsherjar bankahrun en til dæmis Bandaríkjamenn sem eru ennþá að moka undir gamla „systemið“.“

Spurður hvort hann hafi séð bankahrunið og kreppuna fyrir hlær Jónas og segir að kannski væri hægt að líkja textunum á plötunni hans við verk Nostradamusar. „Það er spurning hvort maður geti farið að lesa í plötuna og sjá hversu mikið af þessu rættist. En það er allt að fara núna á hinn rétta veg, bæði í mínu eigin lífi og líka fyrir landsbyggðina.“

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ísland og Íslendingar hafa náð því að komast á hvers kyns árslista hjá erlendum blöðum og tímaritum. Þannig hefur Geir H. Haarde verið settur á lista yfir þá sem settu heiminn á hausinn, **Árni Mathiesen**, fráfarandi fjármálaráðherra, hefur einnig ratað á einhvern lista að ógleymdum íslensku bankastjórunum sem komu til greina sem verstu bankamenn í heimi af ónefndum erlendum sérfræðingum. TIME hefur nú sett saman lista yfir verstu klúðrin á árinu 2008 og þar, aldrei þessu vant, kemst Ísland ekki nema í tíunda sæti.



Eurovision-keppnin hefur farið sæmilega af stað þótt sitt sýnist hverjum um gæði laganna. Fréttablaðið hefur hins vegar öruggar heimildir fyrir því að sms-kosningin sé meiri en í fyrra. Þar spilar þó eflaust stærstu rulluna að lögin í hverjum þætti fyrir sig eru fleiri en í fyrra. Þar kepptu þrjú lög en nú eru þau fjögur. Og verður forvitnilegt að sjá hvort úrslitakvöldinu tekst að brjóta hundrað þúsund atkvæðamúrinn sem Merzedez Club, með **Egil „Gillzenegger“ Einarsson** í fararbroddi, og Eurobandið rufu í fyrra.

**Kristján Viðar Haraldsson** - eða Viddi í Greifunum - kemur víða við. Á þriðjudaginn í næstu viku heldur hann fyrirlestur í Manni lifandi í Borgartúni þar sem leitað verður svara við spurningunni: Hvað er heilun? Viddi er með diplóma og bachelor-gráðu í Brennan-heilunartækni frá Barbara Brennan School of Healing sem ku vera einn elsti og virtasti heilunarskóli heims. Greifarnir taka svo gigg á Players í Kópavogi 7. febrúar. Nóg að gera!



- fgg, drg


## Hressandi starf

Vegna breytinga á dreifingarfyrirkomulagi erum við að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð á morgnana frá kl.06 - c.a. 07.

Um er að ræða hverfi í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.



Dreifing fer fram 6 daga vikunnar, mánudaga til laugardaga.
Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330 og 585 8330

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is


# Jóhanna í heimspressunni

Ef allt fer eins og stjórnmálaskýrendur ráðgera verður Jóhanna Sigurðardóttir fyrsta konan á Íslandi til að gegna embætti forsætisráðherra. Valið hefur vakið mikla athygli erlendu pressunnar. Fréttavefur tímaritsins Time greindi fyrst frá því að Íslendingar væru þarna að brjóta blað í veraldarsögunni því aldrei áður hafi það gerst að samkynhneigður einstaklingur gegni stöðu sem þessari. Samkvæmt vef Alþingis er maki Jóhönnu Jónína Leósdóttir, blaðamaður og rithöfundur, og hefur verið það frá árinu 2002.

Breski vefurinn pinknews.co.uk tók síðan fréttina upp á sína arma en hann er stærsti fréttavefur samkynhneigðra í Evrópu. Þar var hlaupið á hundavaði yfir þá pólitísku óvissu sem nú ríkir á Íslandi en aðalfréttin var sú að Íslendingar væru þarna að eignast konu í forsætisráðherrastól auk þess sem hún væri samkynhneigð.

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur segir augljóst að við lifum á sögulegum tímum og segir Íslendinga bara þurfa að horfa til Norðurlandanna til að sjá það. „Menn mega ekki gleyma því að það hefur engin kona gegnt þessu embætti í Svíþjóð né Danmörku,“ segir Baldur og bendir á að Groe Harlem Brundtland sé í raun eina konan sem hafi setið á þessum stóli í einhvern tíma. „Fyrir utan Anneli Jäätteenmäki í Finnlandi en hún sagði af sér eftir aðeins nokkra mánuði,“ segir Baldur.

- fgg



**BRAUTRYÐJANDI** Reikna má með því að nafn Jóhönnu Sigurðardóttur verði skráð í sögubækur því hún verður fyrst allra samkynhneigðra til að gegna forsætisráðherraembætti. Erlendir fjölmiðlar sýna þessu áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

AGAR LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI FERÐATÆKI HÁTALARAR MP3 SPILARAR DVD SPILARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR BÍLHÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR LOKADAGAR
## ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

HELLUBORÐ HRÆRIVÉLAR OFNAR KAFFIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR FRYSTIKISTUR VÖFFLUJÁRN BLANDARAR ÞURRKARAR ÞVOTTAVÉLAR SAMLOKUGRILL STRAUJÁRN RAKVÉLAR RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

42" Philips LCD – Verð áður kr. 239.995
– Útsala kr. 189.995 – Afsláttur kr. 50.000
Panasonic Plasma sjónvörp með allt að 30% afslætti
OBH úr með púlsmæli – Verð áður kr. 12.995 – Verð nú kr. 6.995
Whirlpool barkalaus þurrkari með rakaskynjara – Verð áður kr. 119.995
– Verð nú kr. 89.995 – 25% afsláttur
DeLonghi sjálfvirkar kaffivélar með allt að 70.000 kr. afsl.
Kenwood hrærivélar á frábæru verði - Mikið úrval

Sjá allt úrvalið á ht.is

Valdar vörur með enn meiri afslætti

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA INDESIT VESTFROST Whirlpool

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

OPIÐ 8-24 ALLA DAGA
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
LYFJA
- Lifið heil



**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

# Sigur fólksins

Stórtíðindi urðu í íslensku samfélagi nú í vikunni. Þau tíðindi lutu ekki að því að við sjáum stjórnarmynstur sem við höfum ekki áður séð – verði þá mynduð minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Nei, þau tíðindi voru að fólkið náði því fram að hrekja ríkisstjórn frá völdum. Aldrei áður hefur það gerst að Íslendingar hafi flykkst út á götur og heimtað nýja stjórn og á þá hafi verið hlustað; reyndar tók það tíma sinn.

**ÞAÐ** þarf nefnilega enginn að velkjast í vafa um það að ef ekki hefðu verið haldnir 16 mótmælafundir á Austurvelli, ef ekki hefði verið haldinn fjöldi borgarafunda, ef ekki hefðu verið haldin ýmis mótmæli um allt land, ef ekki hefðu risið upp í vefheimum skæðir gagnrýnendur stjórnvalda, ef þjóðin hefði ekki látið í sér heyra, látið vita að nú vildi hún sjá breytingar, sjá hlutina öðruvísi, sjá ríkisstjórnina fara – ef ekkert af þessu hefði gerst; þá sæti hér enn ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

**ÍSLENDINGAR** hafa oft á tíðum dáðst að byltingum í öðrum löndum. Við dáðumst að Úkraínubúum, svo dæmi sé tekið, sem flykktust út á götur, börðu bumbur og gjöll, spiluðu rokk og köstuðu steinum og kveiktu elda. Hér varð það sama uppi á teningnum og niðurstaðan varð sú sama. Ríkisstjórnin sá að henni var ekki sætt lengur og kvaddi.

**FÓLKIÐ** hafði sigur. Hlustað var á það og kröfur þess. Og þó að menn hafi haft mismunandi kröfur, einn viljað þetta og annar hitt, var meginkrafan skýr; breytingar urðu að verða. Og þá ekki þannig breytingar að einn stæði upp úr þessum stólnum og settist í hinn, en að í grunninn yrði allt hið sama. Nei, fólkið vildi grundvallarbreytingar. Og nú er ríkisstjórnin farin að kröfu fólksins.

**VIÐ** búum í ungu lýðræðisríki. Kannski eru þessi tíðindi fyrsta merki þess að við berum gæfu til að sníða helstu vankantana af stjórnarforminu. Að fólkið sjálft hafi meira að segja um eigið líf.

**SIGUR** fólksins eru stórtíðindi þessara daga. Vonandi átta þeir sem munu sitja við stjórnvölinn sig á þeirri staðreynd.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 28. janúar, 28. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.19 | 13.41 | 17.03 |
| Akureyri | 10.19 | 13.25 | 16.33 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

